

**JÓN YNGVI JÓHANNSSON**

*Setur ísvélina í fyrsta sæti í eldhúsinu*

• heimili

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**



**HÍBÝLI OG VIÐHALD**

*Brúin yfir Hringbraut hlýtur steypuverðlaun*

Sérblað um Híbýli og viðhald

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**







# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

1. mars 2010 — 50. tölublað — 10. árgangur

**MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI**

Sími: 512 5000


## MÁNUDAGUR



**Kraftlyftingasambandið 25 ára**

KRAFT verður samband innan Íþróttasambands Íslands.

**TÍMAMÓT 18**



**Dýrt Eurovision**

Kostnaðurinn við framlag Íslands til Eurovision er 25 milljónir króna.

**FÓLK 30**

**Störf í heilbrigðisþjónustunni**

Ýmsum spurningum þarf að svara áður en haldið er lengra út í þetta einkavæðingaferli, skrifar Ögmundur Jónasson.

**UMRÆÐAN 14**



**Tómhentir Valsmenn**

Haukar og Fram hampa Eimskipsbikar.

**ÍÞRÓTTIR 24**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BJARTVIÐRI** Í dag verða austan eða suðaustan 8-13 m/s SV-til og stöku slydduél en annars mun hægari vindur og yfirleitt bjartviðri. Frost víða 0-7 stig, en 0-4 stiga hiti S- og SV-lands.

**VEÐUR 4**








**HÚSIÐ SEM VALT UM KOLL** Í borginni Concepcion í Chile safnaðist fólk saman til að virða fyrir sér skemmdir sem urðu þegar fimmtán hæða íbúðablokk valt um koll. NORDICPHOTOS/AFP

Skjálfti upp á 8,8 á Richter:

## Rúmlega 700 látnir í Chile

**CHILE** „Við fengum skilaboð frá öðrum mannanna þar sem aðstæðum er lýst sem algjöru helvíti og að þeir verði að komast í burtu. Það er að mér skilst rafmagnslaust, vatnslaust og matarlaust þarna,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

Tveir Íslendingar hafa verið við störf í ASMAR-skipasmíðastöðinni í Talcahuano í Chile. Unnið var hörðum höndum að því að koma þeim úr landi í dag.

Hjálparstarfsfólk og björgunarfólk hefur unnið baki brotnu í Chile síðan jarðskjálftinn varð. Jarðskjálftinn, sem var 8,8 á Richter, varð að minnsta kosti 700 manns að fjörtjóni, eyðilagði 500 þúsund heimili og hafði mikil áhrif á tilveru 1,5 milljóna manna.

Skjálftinn reif í sundur byggingar, brýr og vegi. Brýn þörf er fyrir fólk til starfa og hjálpargögn af ýmsu tagi.

„Úff, þetta verður bara verra og verra,“ sagði Harpa Elín Haraldsdóttir, sem búsett er í Santíagó í Chile, í samtali við Fréttablaðið í gær.

Utanríkisráðuneytið hefur upplýsingar um 40 Íslendinga á jarðskjálftasvæðunum í Chile. 33 þeirra höfðu látið vita af sér í gærkvöld, en ekki var vitað um afdrif sjö þeirra. **- gb, hhs /** **sjá síðu 8**

# Bretarnir sestir yfir Icesave-tilboð Íslands

**Íslenska viðræðunefndin um Icesave var í London um helgina og skiptist á upplýsingum við Breta sem munu vera að reikna út áhrifin af tilboði frá Íslendingum. Fjármálaráðherra Hollendinga segir þá alltaf fúsa að tala við Íslendinga.**

**STJÓRNSÝSLA** „Menn hafa verið að skiptast á hugmyndum en það eru engar eiginlegar viðræður í gangi,“ sagði Guðmundur Árnason, einn nefndarmanna í íslensku Icesave-sendinefndinni, í gærkvöldi.

Íslenska sendinefndin var í London um helgina. „Við höfum ekki átt í neinum beinum samskiptum við Hollendinga heldur hafa samskiptin fyrst og fremst verið á milli okkar og Breta en við vitum af því að Bretar og Hollendingar hafa verið í ágætis sambandi um helgina. Það hafa ekki verið neinir eiginlegir fundir í dag [í gær] en menn hafa skipst á símtölum og tölvuskeytum,“ sagði Guðmundur.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins eru Bretar nú að fara ofan í saumana á tilboði sem Íslendingar settu fram á dögunum. Það felur meðal annars í sér þrjú vaxtalaus ár fyrir Íslendinga og breytilega vexti á afborgunartímabilinu. „Óskandi væri að það væri rétt. Við höfum sett fram tilteknar hugmyndir sem að við væntum að þeir séu að skoða,“ sagði Guðmundur spurður hvort rétt væri að Bretar væru nú að reikna út áhrifin af tilboði Íslendinga.

Íslensk stjórnvöld voru í sambandi við sendinefndina í gær. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sat í gærkvöldi í ráðuneytinu og fylgdist með gangi mála. Hann sagði fulltrúa Hollendinga myndu koma að borðinu ef ástæða þætti til formlegra fundarhalda. Jan Kees de Jager, fjármálráðherra Hollands, ræddi um Icesave-deiluna í viðtali í hollenska ríkissjónvarpinu. Jager sagði Hollendinga vera sanngjarna gagnvart Íslendingum sem væru afar harðir í samningum.

„Það verður að koma einhver hreyfing frá Íslendingum. Við höfum sett fram mjög sanngjarnt tilboð. Ef Íslendingar segist vilja viðræður aftur þá er það fínt. Við erum alltaf opnir fyrir viðræðum,“ sagði Jager.

Guðmundur Árnason sagði ekki hægt að sjá fyrir um framhaldið. „Það verða einhver samtöl á morgun en við eigum allt eins von á því að verða á heimleið annað kvöld [í kvöld].“ sagði hann. **- gar, kóp**

Gripið til bráðaaðgerða:

## Óheimilt að reka með halla

**SVEITARFÉLÖG Í skoðun er hvort setja eigi lög sem kveði á um að óheimilt verði að reka sveitarfélög með halla, nema með sérstakri undanþágu. Þetta er meðal þess sem verður rætt í heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga. Málið er enn á hugmyndastigi, en nokkur samstaða virðist um kvaðir í þessa veru. - kóp /** **sjá síðu 12**







SPURNING DAGSINS



*Sigríður, ertu þá litli ljóti andarunginn sem breyttist í svan?*

„Það er hárrétt. Svona geta hlutirnir breyst fyrir alla.“

Sigríður Klingenberg, sálnalesari með meiru, sagðist í viðtali við Fréttablaðið á laugardaginn hafa verið „ótrúlega ljótt“ barn. Hún tók á móti Fréttablaðinu með svansvængi á bakinu.

Skilanefnd Glitnis stefnir að því að selja hlut sinn í Íslandsbanka innan fimm ára:

# Gengishöft hamla bankasölu

**VIÐSKIPTI** Aflétta verður gjaldeyrishöftum eigi kröfuhöfum að takast að selja 95 prósenta hlut sinn í Íslandsbanka innan næstu þriggja til fimm ára. Árni Tómasson, formaður skilanefndar Glitnis, sagði á kynningarfundi skilanefndar og slitastjórnar á fimmtudag hluta kröfuhafa mótfallna yfirtöku skilanefndar á bankanum í fyrrahaust. Þýskir lánardrottnar Glitnis eru þar háværasti hópurinn. Af þessum ástæðum er skilanefnd byrjuð að undirbúa söluferli á bankanum í samráði við stjórnvöld undir leiðsögn svissneska stórbankans UBS.

Árni segir fæsta kröfuhafa bankans vilja vera langtímaeigendur að Íslandsbanka. Þá sé vilji fyrir því að selja hlutinn og fá söluandvirðið upp í kröfur. Bankinn er metinn á hundrað milljarða króna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins úr röðum kröfuhafa Glitnis er forsenda sölunnar sú að gjaldeyrishöftum verði aflétt, eða að búið verði að koma skikkan á gengismál með öðrum hætti innan fimm ára. Hafi erlendir fjárfestar lítinn áhuga á að festa hér fjármagn til langframa á meðan höft eru hér auk þess sem erlendir kröfuhafar Glitnis eru í vafa um hvort þeir geti flutt fé sitt úr landi takist þeim að selja hlut sinn í bankanum. - jab



**ÁRNI TÓMASSON** Formaður skilanefndar segir marga kröfuhafa vilja fá söluandvirði upp í kröfur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í-listinn á Ísafirði:

## Sigurður áfram í oddvitasætinu

**STJÓRNMÁL** **Sigurður Pétursson, bæjarfulltrúi á Ísafirði og núverandi oddviti Í-listans, sigraði í prófkjöri framboðsins sem fór fram á laugardag. Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi hafnaði í öðru sæti. Í þriðja sætið varð Kristján Andri Guðjónsson útgerðarmaður.**

**Í-listinn er sameiginlegt framboð Samfylkingarinnar, Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, Frjálslynda flokksins og óháðra. Alls greiddi 421 atkvæði í prófkjörinu.**

# Kræfir lampaþjófar mynda gróðurhúsin

**Hannes Kristmundsson, garðyrkjumaður í Hveragerði, segir menn sem steli gróðurhúsalömpum svo útsjónarsama að þeir taki skotmörk upp á myndband til að undirbúa atlögurnar. Hannes íhugar að gefast upp á að notast við lampa.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ég efast um að ég kaupi fleiri lampa,“ segir Hannes Kristmundsson, garðyrkjumaður í Hveragerði, sem varð fyrir barðinu á þjófum sem stálu frá honum fimmtíu gróðurhúsalömpum.

Hannes segir að hann hafi á dögunum farið norður í land í rúma viku. Fljótlega eftir að hann kom til baka hafi hann uppgötvað að þjófar hefðu komið í heimsókn á meðan. Hann segir þetta langt frá því í fyrsta skipti sem lömpum sé stolið af honum. „Þeir eru búnir að hirða af mér á annað hundruð lampa. Eitt skipti hurfu lamparnir úr einu húsinu fyrstu nóttina eftir að ég setti þá upp,“ lýsir Hannes sem kveður lampaþjófana vera ótrúlega kræfa og útsjónarsama.

„Ég hef séð þá keyra hér um götur með vídeóvélar að taka myndir af gróðurhúsum og húsasundum. Þeir taka aðstæðurnar upp á myndband og stúdera þetta svo bara heima hjá sér eins og hvern annan handboltaleik,“ segir Hannes.

Tjónið er mikið fyrir Hannes því hver lampi kostar að hans sögn um þrjátíu þúsund krónur. Verðmæti lampanna sem var stolið sé því ein og hálf milljón. Hannes kveðst ekki vera tryggður fyrir slíku tjóni því tryggingarfélögin setji mjög stíf skilyrði. „Þetta er hlutur sem ég þarf bara að kyngja,“ segir hann.

Jólastjörnur og sumarblóm hafa verið kjarninn í ræktunarstarfi Hannesar. Hann segir engin blóm hafa verið í þeim tveimur húsum sem lamparnir voru en að ræktun sumarblóma sé að fara í gang.



**HANNES KRISTMUNDSSON** Þjófar klipptu lampana úr tveimur gróðurhúsum sem Hannes er með í miðri Hveragerði. MYND/SIGURBJÖRG GÍSLADÓTTIR

„Við vorum búin að safna í tvö hús því sem ekki var ónýtt eftir stóra jarðskjálftann síðast og ekki var þegar búið að stela. Þeir hafa gefið sér góðan tíma og tæmdu hreinlega þessi tvö hús. Þeir hafa bara gengið eftir borðunum til að klippa niður lampana og brutu þá nokkur borð,“ segir Hannes sem telur engar líkur á að þjófarnir stefni á ræktun sumarblóma.

„Þetta er ekkert tengt venjulegri garðyrkju, það get ég fullyrt.“

Eins og fyrr segir er Hannes að velta því fyrir sér að endurnýja ekki lampana í þetta skipti. „Þetta þýðir ekkert. Ég held það séu ekki nema tveir eldgamlir lampar sem logar á núna. Þeir höfðu vit á að skilja þá eftir. Ætli maður hætti ekki bara að lýsa nema þá fyrir uppeldisplönturnar.“ gar@frettabladid.is



**Í STÍUNNI** Nefnd ráðherra þykir álitlegt að svínabúum fjölgi og að þau verði smærri í sniðum en nú er.

Starfshópur ráðherra:

## Ríkið styðji við svínaræktina

**LANDBÚNAÐUR** Starfshópur landbúnaðarráðherra leggur til margvíslegar tillögur um hvernig efla megi svínarækt í landinu.

Nefndin segir mikilsvert að auka hagkvæmni íslenskra svínabúa, enda sé það í samræmi við markmið um að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar. Búa þurfi greininni sambærilegt starfsumhverfi og öðrum búgreinum.

Fram kemur að íslenskir svínabændur njóti óverulegra styrkja úr landbúnaðarkerfinu en bændur í öðrum Evrópulöndum njóta margháttaðs stuðnings. Er bent á að ekki séu til samningar milli svínabænda og ríkisvaldsins í svipuðum anda og í öðrum búgreinum. Leggur starfshópurinn til að ríkisvaldið og svínabændur geri með sér samning um stuðning, starfsskilyrði og samfélagslegar skyldur greinarinnar. - bþs

DÓMSTÓLAR

### Mansalsmenn áfram inni

Tveir af fimm Litháum sem bíða nú dóms vegna meints mansalsmáls hafa verið úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald til 8. mars. Þeir kærðu gæsluvarðhaldsúrskurð til Hæstaréttar sem staðfesti hann.

Fjármál Hafnarfjarðarbæjar:

## Engar aðgerðir en uppgjör ársfjórðungslega

**SVEITARFÉLÖG** Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga mun ekki grípa til aðgerða vegna fjármála Hafnarfjarðarbæjar.

Lúðvík Geirsson bæjarstjóri staðfesti við Fréttablaðið að rafræn útgáfa af bréfi frá nefndinni hefði borist á bæjarskrifstofurnar fyrir helgi. Það verði lagt fram og kynnt bæjarráði í vikunni.

Lúðvík sagði að í bréfinu væri óskað eftir að að bæjarstjórnin sendi nefndinni ársfjórðungsleg reikningsskil framvegis. Nefndin geri hvorki athugasemdir við tekjuforsendur né rekstraráætlanir sveitarfélagsins en árétti áhyggjur af heildarskuldum.

Bréfið fékkst hvorki afhent frá sveitarstjórnarráðuneytinu né Hafnarfjarðarbæ. - pg

ÞJÓÐARATKVÆÐI

### 230 þúsund á kjörskrá

Alls eru 230.014 kjósendur á kjörskrá fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna um ríkisábyrgð vegna Icesave samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands. Þar af eru 115.400 konur og 114.614 karlar. Konur eru því 786 fleiri en karlar, eða 0,7 prósentum fleiri.

KÓPAVOGUR

### Vilja tillögur um Þríhnúkagíg

Bæjarráð Kópavogs hefur falið atvinnumálanefnd bæjarins að gera tillögur um það með hvaða hætti mögulegt sé að gera helli Þríhnúkagígs aðgengilegan fyrir almenning. Gera á bæjarráðinu grein fyrir samstarfsaðilum og fjármögnunarleiðum.

### Ætla á Legó-mót í Istanbúl

Nemendur í Salaskóla í Kópavogi hafa óskað eftir styrk úr bæjarsjóði til að fara í keppnisferð á Evrópumót grunnskóla í Legó í Istanbúl í Tyrklandi. Bæjarráð vísaði erindinu til bæjarritara til umsagnar.




Nær daglegar róstur milli ísraelsku lögreglunnar og palestínskra ungmenna:

# Átök urðu á Musterishæðinni

**ÍSRAEL, AP** Átök hafa brotist út nær daglega undanfarið milli ungra Palestínumanna og ísraelskra lögreglu- og hermanna. Palestínumennirnir hafa mótmælt yfirlýsingu ísraelskra stjórnvalda, sem í vikunni lýstu því yfir að tveir helgir staðir á Vesturbakkanum yrðu settir á lista yfir ísraelskar þjóðargersemar.

Í gær réðust ísraelskir lögreglumenn upp á Musterishæðina í austurverðri Jerúsalem, þar sem nokkrar helgustu byggingar bæði múslima og gyðinga er að finna.

Lögreglumennirnir fóru inn á svæði moskunnar Al Aksa og ráku þaðan út um tuttugu grímuklædda Palestínumenn sem höfðu verið þar yfir nóttina. Snemma um morguninn höfðu mennirnir kastað grjóti í ferðamenn og þeir köstuðu einnig grjóti að lögreglunni þegar hún mætti á staðinn.

Átökin stóðu stutt yfir, en litlir hópar Palestínumanna áttu áfram í átökum við ísraelska lögreglumenn í næsta nágrenni langt fram eftir degi.

Helgu staðirnir, sem Ísraelar ætla að setja á lista yfir þjóðargersemar, eru gröf Rakelar í Betlehem og gröf Abrahams, Ísaks og Jakobs í Hebron.



**VERJAST GRJÓTKASTI** Ísraelskir lögreglumenn með háa skildi í húsasundi í gamla borgarhlutanum í Jerúsalem, skammt frá Musterishæðinni. NORDICPHOTOS/AFP

Palestínumenn gagnrýna Ísraela fyrir að vilja með þessu staðfesta yfirráð sín yfir Vesturbakkanum. - gb



Það kostar 0 kr. að flytja GSM símanúmer til Nova frá öðru símafyrirtæki. Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!
Áskrift 490 kr. mánaðargjald en 0 kr. í frelsi. 0 kr. Nova í Nova: 1.000 mín. og 500 SMS/MMS á mán.

## GENGIÐ 26.02.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,01 | 128,63 |
| Sterlingspund | 195,23 | 196,17 |
| Evra | 174,20 | 175,18 |
| Dönsk króna | 23,403 | 23,539 |
| Norsk króna | 21,617 | 21,745 |
| Sænsk króna | 17,946 | 18,052 |
| Japanskt jen | 1,4338 | 1,4422 |
| SDR | 196,27 | 197,43 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
230,3644

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samtals bárust 237 kvartanir til Landlæknisembættisins á síðasta ári:

# Einn sviptur starfsleyfi og tveir áminntir

**HEILBRIGÐISMÁL** Landlæknir svipti einn heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi á árinu 2009 og veitti tveimur heilbrigðisstarfsmönnum lögformlega áminningu í framhaldi kvörtunarmáls.

Þetta kemur fram í nýjum talnabrunni landlæknisembættisins.

Átján heilbrigðisstarfsmenn fengu aðfinnslu frá landlækni en ábending var úrskurðuð í 36 tilvikum.

Samtals bárust landlæknisembættinu 237 kvartanir á síðasta ári. Árið 2008 voru þær 282 talsins og 274 árið 2007.

Málin á árinu 2009 voru misjafnlega umfangsmikil og alvarleg, allt frá hnökrum í samskiptum til alvarlegra mistaka.

Um miðjan febrúar 2009 hafði fengist niðurstaða í 168 af þeim 237 málum, sem borist höfðu, en 69 málum frá 2008 var þá enn ólokið. Af þeim 168 málum sem lokið var höfðu 59 kvartanir verið staðfestar að hluta eða öllu leyti.

Alvarlegasta aðgerðin sem embættið beitir er að svipta heilbrigðisstarfsmann starfsleyfi. Einnig veitir landlæknisembættið heilbrigðisstarfsmanni lögformlega áminningu eða aðfinnslu ef tilefni er til, en ábending um það sem betur mætti fara er vægasta aðgerðin. - jss




**LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ** Samtals 237 kvartanir bárust Landlæknisembættinu.

Matfugl innkallar kjúkling:

## Grunur um salmonellusmit

**NEYTENDAMÁL** Grunur leikur á að salmonellusmit hafi komið upp í ferskum kjúklingi frá Matfugli. Frekari rannsókna er þörf til að staðfesta gruninn en þangað til þykir rétt að innkalla vöruna.

Fram kemur í tilkynningu að um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerinu 011-10-03-3-22. Unnið hefur verið að innköllun vörunnar. „Til að varast óróleika hjá neytendum skal tekið fram að þessi kjúklingur er hættulaus fari neytendur eftir leiðbeiningum um eldun kjúklinga, steiki í gegn og passi að blóðvökvi fari ekki í aðra vöru. Kjúklingur með öðru rekjanleikanúmeri en þessu er fullkomlega í lagi,“ segir í tilkynningu frá Matfugli.

Fyrrverandi seðlabankastjóri:

## Finnur skuldar 3,7 milljarða

**VIÐSKIPTI Finnur Ingólfsson, fyrrverandi seðlabankastjóri og viðskiptaráðherra, skuldar 3,7 milljarða króna í gegnum fjárfestingarfélagið FS7. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær. Eftir því sem fréttastofan kemst næst eru engar eignir til upp í skuldina.**

**Einkahlutafélagið FS7 hélt meðal annars utan um hlut Finns í Icelandair. Í ársreikningi fyrir árið 2008 kemur fram að félagið skuldaði í lok ársins 3,9 milljarða króna, eignirnar voru rúmar 200 milljónir. Finnur seldi hlut sinn í Icelandair og hagnaðist um 400 milljónir og greiddi sér síðan 385 milljónir í arð. Í svari Finns til fréttastofu Stöðvar 2 kemur fram að arðurinn hafi verið greiddur út með samþykki Glitnis og notaður til að greiða niður skuld hans við bankann.**

# Aðild myndi draga þrótt úr landbúnaði

**Formaður Bændasamtakanna segir nýja skoðanakönnun staðfesta stuðning þjóðarinnar við íslenskan landbúnað. Á Búnaðarþingi verður tekin afstaða til þess hvort bændur dragi sig úr samningahópum um Evrópusambandsaðild.**

**LANDBÚNAÐUR** „Landbúnaðurinn leggst kannski ekki af, en hann verður ekki jafn þróttmikill,“ segir Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, um ástandið sem við blasir ef Ísland fær aðild að Evrópusambandinu.

Haraldur setti Búnaðarþing Íslands í gær og kynnti þá meðal annars niðurstöður nýlegrar skoðanakönnunar sem Capacent gerði fyrir samtökin.

Þar kemur fram að 56 prósent Íslendinga eru andvíg aðild að Evrópusambandinu, þriðjungurinn er hlynntur aðild en 11 prósent óákveðin.

Nærri 96 prósent svarenda telja það skipta miklu máli að landbúnaður verði stundaður hér á landi til framtíðar, en 84 prósent telja það skipta miklu máli að Íslendingar séu ekki öðrum háðir um landbúnaðarafurðir.

„Í þessari skoðanakönnun kemur það fram sem við höfum fundið meðal þjóðarinnar, en það er að hún kann mjög vel að meta sinn landbúnað. Hún segir þarna afdráttarlaust að hún vill standa vörð um hann, og það er ekki hægt ef við erum að sækja um aðild,“ segir Haraldur í samtali við Fréttablaðið og ítrekar andstöðu samtakanna við aðildarumsóknina.

„Við fengum skýr skilaboð frá bændum á bændafundum í haust. Félagsmenn okkar kæra sig ekki um að samtök þeirra dragist til ábyrgðar,“ sagði Haraldur í ræðu sinni á Búnaðarþingi í gær. Á þinginu, sem stendur fram á miðvikudag, taka bændur meðal annars afstöðu til þess hvort þeir vilja taka þátt í samningahópum, sem skipaðir hafa verið í aðildarferlinu.



**FRÁ BÚNAÐARÞINGI** Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtaka Íslands, og Ólafur Ragnar Grímsson forseti ásamt fleiri gestum Búnaðarþings.
MYND/TJÖRVI BJARNASON

„Við höfum tilnefnt í samningahópa en spyrjum okkur nú hvort við eigum að starfa þar áfram eða draga okkur til baka,“ sagði Haraldur í ræðu sinni.

Í samtali við Fréttablaðið sagðist hann ekki leggja það til sjálfur að samtökin dragi sig úr hópunum, en telur að þingið verði að taka afstöðu til þess. „Það var skipað í þessa hópa á milli aðalfunda, en öll svona mál eru í höndum aðalfundar. Ég tel því rétt að þingið fari yfir þetta.“

Haraldur segir stöðu landbúnaðarins sterka. „Við erum samkeppnishæfari eftir að krónan féll en nokkurn tímann áður en á sama tíma erum við að kljást við hækkandi rekstrarkostnað eins og heimilin í landinu.“

Um skuldastöðu bænda segir Haraldur að líklega séu eitthvað í kringum hundrað bú sem séu í mjög alvarlegum málum. „Að auki er stór hluti bænda í erfiðleikum vegna þess að greiðslubyrðin hefur þyngst, en langstærsti hluti landbúnaðar stendur samt sterkur að vígi.“

gudsteinn@frettabladid.is




**SMYGLSKÚTAN** Varðskipið Ægir er hér í bakgrunni smyglskútunnar sem Guðbjarni sigldi til Fáskrúðsfjarðar.

Skilaði sér ekki á Litla-Hraun:

## Lögreglan lýsir eftir smyglara

**LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Selfossi hefur lýst eftir Guðbjarna Traustasyni sem skilaði sér ekki úr dagsleyfi frá fangelsinu að Litla-Hrauni á laugardaginn.**

**Guðbjarni, sem er 28 ára gamall, var dæmdur í sjö ára fangelsi fyrir þátttöku sína í svokölluðu Pólstjörnumáli þar sem um 100 kílóum af fíkniefnum var smyglað til Íslands í litlili skútu sem Guðbjarni stýrði. Hann er um það bil 185 sentimetrar á hæð og um 70 kíló. Lögreglan kveður hann ekki hættulegan. Reiknað er með að Guðbjarni sé á höfuðborgarsvæðinu.** - gar

Karlmaður ákærður:

## Stal bensíni og ók svo próflaus

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir að stela ítrekað bensíni og aka réttindalaus. Í eitt skiptið var hann einnig ölvaður undir stýri og lauk þeirri ökuferð með því að hann ók á annan bíl. Maðurinn stundaði að dæla bensíni á bifreið sína og aka síðan burt án þess að greiða fyrir það. Einum fimm sinnum lék hann þann leik.

Fjórum sinnum hafði lögregla afskipti af honum þar sem hann ók réttindalaus um höfuðborgarsvæðið, einu sinni ölvaður. - jss






## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir
Veðurfréttamaður

**GOTT VEÐUR** Það verður ljómandi gott veður á landinu í dag, víðast hægur vindur og bjartviðri en þó áfram smá strekkingur við suðvesturströndina. Næstu daga má búast við slyddu um sunnan- og vestanvert landið en norðaustan til verður áfram bjart.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 6° |
| Frankfurt | 6° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 7° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 9° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | -5° |
| París | 8° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




## Vefur, grafík og myndvinnsla



### Grafísk hönnun
Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk.
Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag.
Photoshop, Illustrator og InDesign (CS4)
**Lengd 105 std. Verð kr. 129:000,- Hefst 6. apríl.**

### Vefsíðugerð 1 – Grunnur
Nám ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndanotkun á heimasíðunni. Kennt er á algengustu forritin sem notuð eru til vefsmíða og myndvinnslu fyrir vefinn, Dreamweaver og Photoshop. Í lok námskeiðs eiga þátttakendur að vera færir um að búa til frambærilega heimasíðu fyrir sjálfan sig eða lítil fyrirtæki til kynningar á Netinu og kunna skil á uppfærslu og umsjón hennar.
**Lengd 47 std. Verð kr. 54.000,- Hefst 3. mars.**
**Kennt er mán og mið (morgun og kvöldhópar)**

### Vefsíðugerð 2 – Framhald
Námskeið ætlað þeim sem vilja bæta enn frekar við kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða og læra betur á Dreamweaver ásamt því að læra að setja inn bannera og hreyfimyndir á vefi. Þetta námskeið hentar einnig vel þeim sem hafa hug á að starfa við heimasíðugerð eða vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Helstu áhersluatriði námskeiðsins eru Dreamweaver (frh), Flash, HTML og CSS.
**Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,- Hefst 2. mars.**
**Kennt er þri og fim (morgun og kvöldhópar)**

## Sérfræðinámskeið

CompTIA.

### Tölvuviðgerðir A+ frá CompTIA
Eftirsótt og gagnleg alþjóðleg prófgráða frá CompTIA. Þetta nám hentar þeim sem vilja fá betri skilning á virkni tölvunnar, bæði hvað varðar vélbúnaðinn (A+ Core Hardware) og ýmis stýrikerfi (A+ OS Technologies) A+ þekking er mjög góð undirstaða fyrir þá sem sinna viðhaldi og kerfisstjórn tölvubúnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum. Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu skólans.
**Námskeið hefst 2. mars og lýkur 20. apríl. Kennt er þri og fim kl 13-16:30 Lengd 50 std. Verð kr. 99.000,-**

Cisco Systems

### Cisco - CCNA
Cisco Certified Network Associate gráðan er talin ein sterkasta gráðan í upplýsingatækni sem völ er á. Gráðan hentar þeim sem vilja verða sérfræðingar í uppbyggingu á nútíma tölvunetum og þeim tækjum sem notuð eru í samskiptum á nær- og víðnetum.
**Námskeið hefst 23. feb og lýkur 1. apríl.**
**Kennt er þri og fim kl 17- 20:30 Lengd 80 std. Verð kr. 229.000,-**

### SharePoint Site Owner – SharePoint lykilnotendur
Þetta námskeið hentar fyrir fólk sem er að vinna með SharePoint vefi, lista og skjalasöfn. Góð innsýn er veitt inn í uppbyggingu SharePoint og hagnýtar aðferðir við stjórnun efnis eru kenndar. Kennslan byggir á kennsluefni frá viðurkenndum aðilum og er sambland af fyrirlestrum og verklegum æfingum þátttakenda.
**Kennt er dagana 16. og 17. mars frá kl. 9:00 til 16:30. Verð kr. 98.000,-**

## Skrifstofuskólinn

### Bókhald 1
Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem vilja ná tökum á bókhaldi og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði með góðri undirstöðu, þekkingu og grunnþjálfun í bókhaldsvinnu. Kennsla byggir að mestu leyti á verklegum æfingum með raunveruleg fylgiskjöl og er metið til eininga. Helstu kennslugreinar: Verslunarreikningur, VSK reglur og skýrslur. Bókhaldsgrunnur og tölvubókhald.
**Hefst 10. mars og lýkur 3. maí. Kennt er þrisvar í viku og eru morgun- og kvöldnámskeið í boði. Lengd 110 std. Verð kr. 109.000,-**
*Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélaga, kynntu þér málið.*

### Navision – fjárhagsbókhald
Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í handfærðu bókhaldi í framhaldsskóla. Aðalmarkmið námskeiðs að þjálfa fólk til starfa við tölvubókhald í Navision og kenna meðferð bókhaldgagna í Navision. Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu.
**Námskeið hefst 14. apríl og lýkur 3. maí. Kennt er þrisvar í viku. Morgun og kvöldnámskeið í boði. Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-**
*Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélaga, kynntu þér málið.*

## Almenn tölvunámskeið

### Almennt tölvunám
Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnunni eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem þurfa að auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu hraða og færni.
**Námskeið hefst 3. mars og lýkur 14. apríl. Kennt er tvisvar í viku, mán & mið. Morgun og kvöldnámskeið í boði. Lengd 60 std. Verð kr. 49.000,-**
*Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurgr. stéttarfélaga, kynntu þér málið.*

Microsoft Dynamics · Windows Vista · Microsoft Office

| Stök forrit | St.fj | Hefst | Verð |
|---|---|---|---|
| Word | 21 | 8. mars | 27.000,- |
| Excel grunnur | 21 | 22. mars | 27.000,- |
| Excel frh | 14 | 16. mars | 27.000,- |
| Photoshop | 21 | 3. mars | 27.000,- |
| Dreamweaver | 26 | 17. mars | 29.000,- |
| Einöld myndbandavinnsla | 18 | 10. mars | 21.000,- |
| Stafr. myndavélar og Picasa | 14 | 17. mars | 15.000,- |

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner
Learning Solutions
Networking Infrastructure Solutions

GEYMIÐ AUGLÝSINGUNA

TÖLVUSKÓLINN isoft-þekking

Skeifan 11B • 108 Reykjavík • Sími 511-3080 • tsk@tsk.is • www.tsk.is

**KJÖRKASSINN**



*Líkar þér vel við snjóinn sem fallið hefur síðustu daga?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,1% |
| Nei | 48,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Er nauðsynlegt að greiða ríkisforstjórum yfir eina milljón króna í mánaðarlaun?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Lægðin Xynthia gekk yfir nokkur lönd Evrópu og fylgdi henni gríðarleg úrkoma:

# Fárviðri kostaði tugi manns lífið í Evrópu

**FRAKKLAND, AP** Meira en 50 manns létu lífið þegar fárviðri gekk yfir Portúgal, Spán, Frakkland, Belgíu og Þýskaland í gær. Nokkuð á annan tug manna var saknað og tugir voru særðir.

Flestir hinna látnu drukknuðu en nokkrir létu lífið þegar þeir urðu fyrir trjám sem fuku í veðrinu eða braki úr byggingum. Mannskæðast varð veðrið í Frakklandi, þar sem verra veður hefur ekki komið síðan 1999 þegar 90 manns fórust.

Lægðinni, sem nefnd var Xynthia, fylgdi mikið úrhelli sem varð til þess að ár flæddu yfir bakka sína á Bretaníuskaga og háar öldur gerðu verulegan usla á strandsvæðum. Í París fuku vélhjól um koll og rusl fauk um götur borgarinnar. Tafir urðu á flugsamgöngum og sums staðar þurfti að fresta lestarferðum vegna þess að flætt hafði yfir teinana.

Vitað var um fjörutíu manns sem létust í Frakklandi, þrjá á Spáni, einn í Belgíu, einn í Þýskalandi og tíu ára gamall drengur lét lífið í Portúgal.

Rafmagnið fór af meira en milljón íbúðum í Frakklandi. Veðrið stefndi í átt til Danmerkur seint í gærkvöld, en eitthvað var þó talið að draga myndi úr krafti þess áður en þangað kæmi. **- gb**



**ALLT Á KAFI** Flóð urðu víða í vesturhluta Frakklands. Þessi mynd er tekin í Chatellaillon þar sem nota þurfti báta á götunum. NORDICPHOTOS/AFP

D-listinn í Reykjanesbæ:

## Árni hlaut yfirburðakosningu

**STJÓRNMÁL** Árni Sigfússon, bæjarstjóri og núverandi oddviti sjálfstæðismanna í Reykjanesbæ, fékk yfirburðakosningu í fyrsta sætið í prófkjöri flokksins í fyrradag eða 92 prósent. Hörð keppni var um annað sætið, svo fór að Gunnar Þórarinsson náði öðru sætinu en Böðvar Jónsson lenti í því þriðja. Gunnar fékk tæplega 60 fleiri atkvæði en Böðvar í annað sætið. Magnea Guðmundsdóttir endaði í fjórða sæti og Einar Þ. Magnússon í því fimmta. Á kjörskrá voru 2902 og greiddi 1621 atkvæði. Kosningin er bindandi fyrir sjö efstu frambjóðendur.



ÁRNI SIGFÚSSON

Prófkjör í Reykjanesbæ:

## Friðjón oddviti Samfylkingar

**STJÓRNMÁL Friðjón Einarsson verkefnisstjóri sigraði í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjanesbæ á laugardag. Guðbrandur Einarsson bæjarfulltrúi, sem sóttist einnig eftir fyrsta sætinu, hafnaði í öðru sæti. Í þriðja sæti varð Guðný Kristjánsdóttir og í því fjórða Eysteinn Eyjólfsson.**

**Alls kusu 1302 í prófkjörinu. Ekki reyndi á kynjareglu framboðsins en samkvæmt henni þurftu að minnsta kosti tveir af hvoru kyni að vera í fimm efstu sætunum.**

**Fyrir fjórum árum bauð Samfylkingin fram ásamt Framsóknarflokknum undir merkjum A-listans. A-listinn fékk fjóra bæjarfulltrúa kjörna og Sjálfstæðisflokkurinn sjö.**



**SÆVAR FREYR ÞRÁINSSON** Forstjóri Símans segir uppbyggingu Símans á Ljósneti sínu mun hagkvæmari en uppbyggingu Gagnaveitunnar á hennar ljósleiðaraneti. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Breiðband Símans verður að Ljósneti

**Innan tveggja ára geta 60 til 70 prósent heimila á höfuðborgarsvæðinu tengst Ljósneti Símans og fá aðgang að allt að 100 Mb/s. Með breytingunum er Síminn tilbúinn fyrir allar breytingar á Netinu næstu tíu árin, segir forstjóri Símans.**

**NEYTENDUR** Á næstu tveimur árum ætlar Síminn að tengja um 42 þúsund heimili við nýtt Ljósnet Símans, eða um 60 til 70 prósent heimila á höfuðborgarsvæðinu. Ljósnetið gefur aðgang að allt að 100 Mb hraða á sekúndu. Um er að ræða umfangsmiklar breytingar á Breiðbandi Símans. Með þeim er Síminn tilbúinn fyrir allar þær tæknilegu breytingar sem fyrirsjáanlegar eru á Netinu næstu tíu árin, svo sem tilkomu þrívíddarsjónvarps, að sögn Sævars Freys Þráinssonar, forstjóra Símans.

Tæknin felur í sér notkun á ljósleiðurum sem þegar eru til staðar og liggja inn í breiðbandsgötuskápa eða beint inn á heimili. „Þannig er notast við ljósleiðara 90 til 95 prósenta af leiðinni heim til notandans. Síðan notum við koparinn sem fyrir er það sem eftir er leiðarinnar. Það hefur orðið gríðarleg framþróun á þessari tækni á undanförnum árum. Við höfum fylgst vel með henni og beðið eftir að hún yrði nógu hagkvæm og vel útfærð. Nú er hún orðin það, sem er tímapunktur sem við vissum að myndi koma.“

Sævar segir tilkomu Ljósnetsins verða til mikilla hagsbóta fyrir neytendur. Verðið verði mjög lágt miðað við það sem fyrir er í boði á markaðnum. Gert er ráð fyrir að mánaðarverð miðað við 50 Mb/s og 10 GB af erlendu niðurhali verði 3.650 krónur.

Hann segir uppbyggingu á Ljósnetinu hagkvæmari en uppbygging Gagnaveitunnar á sínu ljósleiðaraneti. „Okkar uppbygging mun kosta 790 milljónir sem dreifist á tvö ár. Það er nálægt þeirri upphæð sem fyrir liggur í fjárfestingu í Breiðbandinu. Þetta eru lágar upphæðir, miðað við þá tólf milljarða sem hafa farið í uppbyggingu ljósleiðaranets Gagnaveitunnar, sem nær einungis til 20 þúsund heimila.“

Ekki er gert ráð fyrir að nýtt starfsfólk verði ráðið til starfa hjá Símanum vegna framkvæmdanna. „Við nýtum þann mannskap sem við höfum til að tengja ljósnetið inn á heimili fólks. Hins vegar munu samstarfsaðilar okkar í uppsetningu njóta góðs af þessu, auk þess að fjöldi fyrirtækja hefur viðurværi af þjónustu í gegnum Netið, svo ýmis afleidd störf geta skapast við tilkomu Ljósnetsins,“ segir Sævar.

holmfridur@frettabladid.is

Prófkjör hjá Sjálfstæðisflokki:

## Bæjarstjórinn úti í kuldanum

**SVEITARSTJÓRNIR Gísli S. Einarsson, bæjarstjóri á Akranesi, náði ekki einu af sex efstu sætunum í prófkjöri sjálfstæðismanna vegna bæjarstjórnarkosninganna í maí. Gísli er ekki bæjarfulltrúi en vildi nú fá þriðja sæti á lista Sjálfstæðisflokksins. Hann var áður alþingismaður fyrir Alþýðuflokkinn og starfaði í Samfylkingunni. Yfirburðakosningu í fyrsta sæti listans hlaut Gunnar Sigurðsson, forseti bæjarstjórnar. Einar Brandsson sölustjóri varð í öðru sæti og Karen Jónsdóttir bæjarfulltrúi í því þriðja. Þar á eftir koma Eydís Aðalbjörnsdóttir bæjarfulltrúi, Ragnar Már Ragnarsson byggingafræðingur og Anna María Þórðardóttir fótaaðgerðafræðingur.** - gar



GÍSLI S. EINARSSON

Gaddafi Líbíuleiðtogi:

## Lýsti yfir helgu stríði gegn Sviss

**SVISS, AP** Svissneska stjórnin hefur ekkert viljað segja um yfirlýsingu Moammars Gaddafi Líbíuleiðtoga, sem lýsti yfir „heilögu stríði“ gegn Sviss í síðustu viku.

Gaddafi hefur undanfarin misseri gripið til ýmiskonar aðgerða gegn Svisslendingum, eða allt frá því sonur hans, Hannibal, og eiginkona hans voru handtekin í Sviss árið 2008 fyrir slæma meðferð á þjónustufólki. Þau sátu tvo daga í haldi.

Líbíumenn hafa síðan kallað sendiherra sinn heim frá Sviss, tekið fé úr svissneskum bönkum, tafið olíuflutning til Sviss og meinað tveimur Svisslendingum að fara frá Líbíu. - gb




Greiningarskýrsla Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands:

# Seðlabanka Íslands er ekki tryggt nægilegt sjálfstæði

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Sjálfstæði Seðlabanka Íslands gagnvart stjórnvöldum er ekki nægilega tryggt í íslenskri löggjöf. Þetta hefur dregið úr trúverðugleika og virkni peningastefnu íslenskra stjórnvalda, segir greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Skýrslan var kynnt var í vikunni. Meginniðurstaða hennar er að Ísland fullnægi öllum skilyrðum sem umsóknarríki um aðild að sambandinu.

Í skýrslunni segir að þótt Seðlabanka Íslands sé tryggt sjálfstæði í störfum sínum sé stofnanalegt sjálfstæði bankans ekki nægilega tryggt. Í sumum tilvikum sé honum uppálagt að taka við fyrirmælum frá öðrum stjórnvöldum. Seðlabankinn sé í eigu ríkisins og stjórnskipulega á ábyrgð viðskipta- og efnahagsráðuneytisins. Það geti haft áhrif á sjálfstæði bankans. Því þurfi að breyta með lögum.

Eins er sjálfstæði þeirra einstaklinga sem taka ákvarðanir innan stofnana Seðlabankans ekki talið nægilega tryggt. Þar er vísað til seðlabankastjóra, peningastefnunefndar og bankaráðs.

Auk ákvæða um sjálfstæði Seðlabankans þurfi að herða reglur íslenskra laga um bann við lánveitingum Seðlabankans til íslenska ríkisins til þess að ryðja úr vegi þeim lagalegu hindrunum sem eru í vegi fyrir því að Ísland fái aðild að Efnahags- og myntbandalaginu. - pg



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** Bankanum er ekki tryggt nægilegt sjálfstæði, að því er segir í skýrslu Evrópusambandsins.

# Tækifæri

## Aðeins 1. - 6. mars

## 30-60% afsláttur af völdum vörum

Ekki missa af þessu !



Stillanleg rúm



Teppi og púðar



Lyftstólar



Lúxus sængurverasett



Tempur heilsukoddar



Tempur heilsudýnur



Náttborð - ný sending, 30% afsl



Heilsudýnur og gaflar



Dúnsængur og koddar

## Fyrstir koma - fyrstir fá

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

## JARÐSKJÁLFTARNIR Í CHILE

Íslendingar í Chile:

## Líkja aðstæðum við helvíti

**„Samkvæmt okkar upplýsingum er skipasmíðastöðin ónýt og þar skilst okkur að ekkert verði gert næsta hálfa til eitt árið,“ segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.**

**Varðskipið Þór hefur verið í smíðum í ASMAR-skipasmíðastöðinni í Talcahuano í Chile. Einhverjar skemmdir munu hafa orðið á skipinu, en það átti að afhenda Landhelgisgæslunni eftir fjórar vikur.**



GEORG LÁRUSSON

**Tveir íslenskir menn, Ragnar Ingólfsson og Unnþór Torfason, hafa verið með eftirlit með lokafrágangi skipsins.**

**Öðrum þeirra hafði tekist að koma þeim skilaboðum til gæslunnar að aðstæður væri helvíti líkastar og þeir yrðu að komast í burtu.**

**„Við teljum þá ekki vera í lífshættu, en það er auðvitað hörmulegt ástand á þeim,“ segir Georg og bætir við að Landhelgisgæslan sé búin að kaupa fyrir þá miða heim í dag, frá borginni Concepcion í gegnum Santíagó. Þó væri óljóst hvort þeir kæmust úr landi, enda flugvellir beggja borga lokaðir.** - hhs





**ÞJÓFNAÐUR** Víða freistaðist fólk til þess að notfæra sér ringulreiðina og taka vörur úr verslunum ófrjálsri hendi. NORDICPHOTOS/AFP



**BRÚ SEM HRUNDI** Í höfuðborginni Santíagó gjöreyðilagðist þessi brú með hörmulegum afleiðingum. NORDICPHOTOS/AFP

### JARÐSKJÁLFTINN Í CHILE

Skjálftinn mældist 8,8 stig. Hann kom verst niður á borginni Concepcion en eyðilagði einnig byggingar í höfuðborginni Santíagó sem er í 325 km fjarlægð.





# Skjálftinn reif í sundur byggingar, brýr og vegi

**Jarðskjálftinn í Chile varð 700 manns að fjörtjóni, eyðilagði 500 þúsund heimili og hafði áhrif á tilveru 1,5 milljóna manna. Verst var ástandið í borginni Concepcion. Skjálftinn mældist 8,8 stig og hratt af stað flóðbylgju, sem olli þó litlu tjóni í öðrum löndum. Björgunarfólk vann af kappi við að bjarga fólki úr rústum.**

**CHILE, AP** Jarðskjálftinn í Chile á laugardag mældist 8,8 stig og olli gríðarlegu tjóni í landinu. Þetta er með allra sterkustu jarðskjálftum sem riðið hafa yfir í Chile.

Stjórnvöld sögðu í gær meira en 700 manns hafa fundist látna, en talið var fullvíst að sú tala yrði hærri þegar nánari fréttir bærust af ástandinu.

Skjálftinn reif í sundur byggingar, brýr og vegi. Íbúar skammt frá upptökum skjálftans hristust hreinlega út úr rúmum sínum þegar skjálftinn reið yfir um hálffjögurleytið að staðartíma aðfaranótt laugardags.

Töluvert var um þjófnað úr verslunum í gær, þar sem fólk notfærði sér ringulreiðina til að taka vörur ófrjálsri hendi.

Um það bil hálf milljón heimila eyðilagðist eða skemmdist illa, en talið er að skjálftinn hafi með beinum hætti snert líf 1,5 milljóna manna.

Flestir létu lífið í borginni Concepcion, sem er nálægt upptökum skjálftans. Þar búa um 200 þúsund manns, en vitað var um hundrað dauðsföll í borginni af völdum skjálftans.

Skjálftinn hratt af stað flóðbylgju á Kyrrahafi. Hún hafði þó lítil áhrif í öðrum löndum, en olli töluverðu tjóni og kostaði nokkra manns lífið á ströndum Chile og eyjum úti fyrir landinu.

Michelle Bachelet forseti, sem lætur af embætti 11. mars, segir hamfarirnar hafa haft skelfilegar afleiðingar. Hún sagði landsmenn þiggja með þökkum boð um aðstoð sem borist höfðu víða að.

Brýn þörf væri fyrir færanleg sjúkrahús og bráðabirgðabrýr, auk þess sem nauðsynlega vanti hreinsibúnað fyrir vatn og svo þarf sérfræðinga sem geta metið umfang tjónsins.

Hjálparstarfsfólk og björgunarfólk hefur unnið baki brotnu síðan jarðskjálftinn varð, og þörf er á fleira fólki til þeirra starfa.

Í borginni Concepcion voru götur naar þaktar braki úr húsum og öðrum mannvirkjum. Hópur fanga slapp úr fangelsi sem skemmdist verulega.

Lögreglan greip meðal annars til þess ráðs að beita háþrýstivatnsslöngum til að dreifa mannfjölda sem hafði brotist inn í stórmarkað og hirti þaðan vörur af öllu tagi.

Handan fljótsins Bio Bio í borginni San Pedro tókst hópi fólks nánast að tæma verslunarmiðstöð af vörum. Kveikt var í verslunum og hraðbankar voru brotnir upp, svo fátt eitt sé nefnt. Þegar líða tók á daginn í gær sendu stjórnvöld herinn á vettvang til að stöðva þessa þjófnaðaröldu.

Stærsta byggingin sem skemmdist í Concepcion var nýbyggð fimmtán hæða íbúðablokk sem valt um koll með þeim afleiðingum að um það bil 60 manns lokuðust inni í íbúðum sínum. Sólarhring eftir að þetta gerðist hafði einungis tekist að bjarga sextán manns á lífi úr blokkinni, en sex lík höfðu fundist.

„Það er mjög erfitt að athafna sig í myrkrinu þegar allir þessir eftirskjálftar ríða yfir, og inni í húsinu er þetta býsna flókið. Íbúðirnar eru gjöreyðilagðar. Menn þurfa að sýna ýtrustu aðgæslu,“ sagði Paolo Klein, sem var í fararbroddi fyrir hóp björgunarmanna frá Puerto Montt. gudsteinn@

Harpa Elín Haraldsdóttir vaknaði við skjálftann á heimili sínu í Santíagó í Chile:

## Ég hef aldrei fyrr séð hús dansa

„Ég hef aldrei fyrr séð hús dansa,“ segir Harpa Elín Haraldsdóttir, sem var sofandi á heimili sínu, á níundu hæð fjölbýlishúss í hverfinu Las Condes í Santíagó, þegar skjálftinn reið yfir. „Veggirnir bylgjuðust um og allt fór af stað inni hjá mér – sjónvarpið lenti úti í horni og kryddið hentist yfir eldhúsgólfið. En það brotnaði bara eitt glas, sem er til marks um góðan undirbúning hér í Chile. Þeir hafa lært af reynslunni í byggingu nýrra húsa. Eyðileggingin í mínu hverfi er í lágmarki.“

Sömu sögu er ekki að segja af öðrum og eldri hverfum í Santíagó, sem mörg hver eru illa farin. Mörg hús hrundu í miðbænum, þar er nú fjöldi fólks heimilislaus og hafa margir hverjir hvorki aðgang að vatni né rafmagni.

Harpa segir náttúruna halda áfram að minna á kraft sinn eftir stóra skjálftann. Um 75 eftirskjálftar hafi riðið yfir sterkari en 4 á Richter. Hún segir engan sjást á götunum í sínu hverfi og varla sé bíll á ferð. Nær allar verslanir séu lokaðar og samgöngur liggi niðri. Í öðrum hverfum, þar sem eyðilegging varð meiri, ríki meiri upplausn. „Fólk er almennt mjög slegið, sorgmætt og óöruggt með framhaldið. Það er enn að reyna að hafa uppi á ættingjum sínum og vinum og reyna að gera sér grein fyrir hvað er í gangi. Það er þó sterk tilfinning fyrir því að nú þurfi þjóðin að standa saman og vinna að uppbyggingunni.“ - hhs



**MEÐ SANTÍAGÓ Í BAKSÝN** Mörg hverfi í Santíagó eru illa leikin eftir skjálftann. Skemmdirnar eru þó með minnsta móti í hverfinu Las Condes þar sem Harpa býr. MYND/ÚR EINKASAFNI

### VERSTU JARÐSKJÁLFTAR SÍÐUSTU ÁRA

**12. JANÚAR 2010**
Jarðskjálfti sem mældist 7 stig varð 230 þúsund manns að bana á Haítí.

**6. APRÍL 2009**
Jarðskjálfti sem mældist 6,3 stig varð 300 manns að bana í L'Aquila á Ítalíu.

**29. OKTÓBER 2008**
Jarðskjálfti sem mældist 6,4 stig varð 300 manns að bana í Balukistan í Pakistan.

**12. MAÍ 2008**
Jarðskjálfti sem mældist 7,8 stig varð 87 þúsund manns að bana í Sechuan-héraði í Kína.

**15. ÁGÚST 2007**
Jarðskjálfti sem mældist 7,9 stig varð 519 manns að bana í Perú.

**17. JÚLÍ 2006**
Jarðskjálfti sem mældist 7,7 stig varð 650 manns að bana á eyjunni Jövu í Indónesíu.

**27. MAÍ 2006**
Jarðskjálfti sem mældist 6,2 stig varð 5.700 manns að bana á Jövu í Indónesíu.

**1. APRÍL 2006**
Jarðskjálfti sem mældist 6 stig varð 70 manns að bana í Íran.

**8. OKTÓBER 2005**
Jarðskjálfti sem mældist 7,6 stig varð 73 þúsund manns að bana í Pakistan.

**28. MARS 2005**
Jarðskjálfti sem mældist 8,7 út af ströndum Indónesíu varð 1.300 manns að bana á eyjunni Nias.

**22. FEBRÚAR 2005**
Jarðskjálfti sem mældist 6,4 stig varð hundruðum manna að bana í Íran.

**26. DESEMBER 2004**
Jarðskjálfti við Indónesíu sem mældist 9,2 stig hratt af stað flóðbylgju sem varð nærri 230 þúsund manns að bana í löndum við Indlandshaf.

*Hafðu samband*
sími 444 7000 • frjalsilif.is



*„Frjálsi lífeyrissjóðurinn hlaut nýverið alþjóðleg verðlaun sem besti lífeyrissjóður á Íslandi"*

# Góður *árangur* Frjálsa lífeyrissjóðsins

## Nafn*ávöxtun* 2009




*Stofnaður 1. janúar 2008

## *5 ára* meðalnafnávöxtun




Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Myndin sýnir 5 ára meðalnafnávöxtun áranna 2005–2009 en ávöxtunin er mismunandi á milli ára. Frekari upplýsingar um ávöxtun hvers árs má nálgast á frjalsilif.is

FRJÁLSI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

Frjálsi lífeyrissjóðurinn hentar þeim sem hafa frjálst val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skyldulífeyrissparnað sinn og er opinn öllum sem leggja fyrir í viðbótarlífeyrissparnað.

Sjóðfélagar í Frjálsa lífeyrissjóðnum eru rúmlega 43 þúsund og stærð sjóðsins er um 80 milljarðar króna.

Hjá Frjálsa lífeyrissjóðnum er mikil áhersla lögð á gagnsæi. Þú getur nálgast ítarlegar upplýsingar um eignir sjóðsins á vefnum frjalsilif.is. Upplýsingarnar eru uppfærðar á þriggja mánaða fresti.

**Leitaðu til okkar þegar kemur að lífeyrissparnaði**
Hafðu samband við **Lífeyrisþjónustu Arion banka** Borgartúni 19, í síma 444 7000, sendu tölvupóst á lifeyristhjonusta@arionbanki.is eða komdu við í næsta útibú.

Arion banki



**SVÍFANDI LUKTIR** Á Taívan fögnuðu þorpsbúar í Pingshi kínversku ljósahátíðinni með því að láta luktir svífa upp í loft. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**HAFNARFJÖRÐUR** Ný atvinnumiðstöð verður opnuð innan tíðar í Hafnarfirði.

Atvinnulausir í Hafnarfirði:

## Fá nú þjónustu í heimabænum

**ATVINNUMÁL Hafnarfjarðarbær og Vinnumálastofnun hafa samið um stofnun og rekstur atvinnumiðstöðvar sem opnuð verður í Hafnarfirði á næstunni. Óánægja hefur verið meðal atvinnulausra í Hafnarfirði um að þurfa að sækja þjónustu atvinnumiðstöðvar til Reykjavíkur.**

**„Sérstaklega er stefnt að því að efla vinnumiðlun og faglega starfs- og námsráðgjöf, auka virkni atvinnuleitenda og byggja upp fjölbreytt framboð vinnumarkaðsúrræða á svæðinu, til dæmis með auknum ráðningum atvinnuleitenda í starfsþjálfun, reynsluráðningum, vinnustaðanámi, átaksverkefnum og fleira,“ segir í tilkynningu sem send var út í tilefni samkomulagsins. Fimm starfsmenn verða hjá Atvinnumiðstöð Hafnarfjarðar.** - gar



**Á FAXAFLÓA** Ágæt veiði var á loðnumiðunum í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Loðnuvertíðin komin á fullt:

## Byrjað að frysta á Japansmarkað

**SJÁVARÚTVEGUR** Vinnsla og frysting loðnuhrogna er komin í fullan gang víða um land. Frysting er nýhafin á Japansmarkað en þroski hrognanna úr loðnunni sem nú veiðist í Faxaflóa, er orðinn það mikill að þau uppfylla allar kröfur japanskra kaupenda.

Alls er nú búið að frysta rúmlega 500 tonn af hrognum á Akranesi sem fara á markað í Austur-Evrópu.

Jón Helgason, sölustjóri uppsjávarfisks hjá HB Granda, segir að góður markaður sé fyrir fryst loðnuhrogn um þessar mundir. Á síðasta ári var lítið framleitt af loðnuhrognum og því ættu engar birgðir að vera til staðar á markaðnum. - shá

Forstjóri Landsvirkjunar situr í ráði sem vill að öll orkufyrirtæki verði einkavædd:

# Segir hefð fyrir setu í Viðskiptaráði

**VIÐSKIPTI** Forstjóri Landsvirkjunar segir ekkert óeðlilegt við að hann sitji jafnframt í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.

Hefð sé fyrir þessu, því forveri hans, Friðrik Sophusson, hafi einnig setið í Viðskiptaráði. Fyrirtækið sé aðili að ráðinu, líkt og að Samtökum atvinnulífsins.

„Þetta er hlutafélag sem ríkið á, ekki hefðbundið ríkisfyrirtæki,“ segir forstjórinn, Hörður Arnarson.

Viðskiptaráð ályktaði í mars 2008 gegn orkulögum. Þar minnti ráðið á að það vildi að „öll opinber orkufyrirtæki yrðu einkavædd“.

Hörður segist ekki muna til þess að Viðskiptaráð hafi ályktað á þann veg, að það ætti að einkavæða Landsvirkjun, heldur að einkavæða skuli sem mest, almennt séð.

Á heimasíðu Viðskiptaráð er ráðið skilgreint sem „málsvari gagnvart hinu opinbera“. En Hörður telur ráðið ekki líta þannig á sig: „Ég myndi nú ekki segja gagnvart hinu opinbera, það er málsvari fyrirtækja, ekki gagnvart neinum. Það er ekki þannig að fyrirtækin séu á móti hinu opinbera.“ - kóþ



**HÖRÐUR ARNARSON** Situr í stjórn Viðskiptaráðs á sama tíma og hann er forstjóri Landsvirkjunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Barátta við reykingar:

## Frönsk auglýsing veldur usla

**PARÍS, AP Franski fjölskyldumálaráðherrann vill banna nýja og ögrandi auglýsingu gegn reykingum. Auglýsingin er á vegum réttindasamtaka reyklausra og sýnir unglingsstrák sem virðist í kynlífsathöfn við jakkafataklæddann mann. Samtökin segja að hefðbundnar auglýsingar hafi ekki áhrif á unglinga. Myndirnar hafi kynferðislega vísun en þær séu aðeins leið til að fá ungt fólk skilja hættur reykinga. „Þetta er atlaga að almennu velsæmi,“ sagði fjölskyldumálaráðherrann.** - kk

# Kostnaður Fljótsdalshrepps tífaldur miðað við Kópavog

**Rekstur Fljótsdalshrepps kostar um 244 þúsund krónur á hvern íbúa. Nær tífaldur kostnaður á við Kópavog þar sem reksturinn er ódýrastur, eða 25 þúsund krónur á íbúa. Færri en 700 búa í dýrustu sveitarfélögunum.**

**SVEITARFÉLÖG** „Eftir því sem sveitarfélög eru minni, þeim mun meiri er kostnaðurinn á mann. Það hefur verið stefna okkar um áraraðir að mæla almennt með sameiningu sveitarfélaga. En íbúar eiga alltaf síðasta orðið,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS).

Samkvæmt tölum frá SÍS er Fljótsdalshreppur dýrastur allra sveitarfélaga í rekstri og kostaði tíu sinnum meira á hvern íbúa sveitarfélagsins en rekstur Kópavogsbæjar.

Stjórnunarkostnaður sveitarfélaga í landinu nam alls rúmum 11 milljörðum króna árið 2008. Það svarar til um 34.000 króna á hvert mannsbarn í landinu. Kostnaðurinn dreifist þó mjög ójafnt niður á sveitarfélögin. Lægstur er stjórnunarkostnaður á hvern íbúa í stærstu sveitarfélögum landsins, í Reykjavík, þar sem hann er rúmar 26.580 krónur og í Kópavogi þar sem hann er 25.319 krónur á hvern íbúa. Á lista yfir þau tíu sveitarfélög þar sem kostnaður er lægstur á íbúa eru fimm af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu. Þar eru einnig tvö sveitarfélög með innan við 2.000 íbúa: Ölfus og Snæfellsbær.

Þau tíu sveitarfélög sem eru dýrust í rekstri eru hins vegar öll með færri en 700 íbúa. Tvö þau dýrustu eru með færri en 100 íbúa. Í Fljótsdalshreppi bjuggu 89 manns í lok árs 2008. Rekstur sveitarfélagsins kostaði 243.990 krónur á hvert mannsbarn það ár. Næstdýrast í rekstri var Árneshreppur. Þar bjuggu 50 manns og var stjórnunarkostnaður við sjálfstætt sveitarfélag 152.629 krónur á hvern og einn. Breiðdalshreppur, Súðavíkurhreppur og Arnarneshreppur voru með stjórnunarkostnað upp á 135-137.000 krónur á hvern íbúa. Í hverju þeirra búa um 200 manns.

Miklar umræður hafa staðið um sameiningu sveitarfélaganna. Formaður SÍS bendir á að efnuð sveitarfélög, svo sem Fljótsdalshreppur sem hafi tekjur af Kárahnjúkavirkjun, séu tregari en önnur til sameiningar.

Ofangreindar tölur byggjast á útreikningum Sambands íslenskra sveitarfélaga á upplýsingum í rekstrarreikningum sveitarfélaga á árinu 2008, er stjórnunarkostnaður reiknaður út frá þeim kostnaði sem ekki er færður á einstaka málaflokka. Meðal helstu kostnaðarliða eru sveitarstjórnirnar sjálfar, endurskoðun, skrifstofur sveitarfélagsins, risna, starfsmannakostnaður og ýmsir styrkir og framlög, sem sveitarfélögin veita.

peturg@frettabladid.is



**SKRIÐUKLAUSTUR** Kárahnjúkavirkjun og Skriðuklaustur tilheyra Fljótsdalshreppi, einu minnsta sveitarfélagi landsins. Rekstur þess kostar rúmlegs 243.000 krónur á hvern hinna 89 íbúa. Fimm sitja í sveitarstjórn og fimm til vara. Að auki sitja um 30 manns í nefndum sveitarfélagsins og það tilnefnir fjórtán fulltrúa til setu í samstarfsnefndum með öðrum sveitarfélögum á Austurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/SMK

**STJÓRNUNARKOSTNAÐUR SVEITARFÉLAGA**

**Sveitarfélög með hæsta og lægsta stjórnunarkostnað á hvern íbúa**

| Sveitarfélag | Kr./íbúa | Íbúafj. |
|---|---|---|
| **10 hæstu** | | |
| Fljótsdalshreppur | 243.990 | 89 |
| Árneshreppur | 152.629 | 50 |
| Breiðdalshreppur | 137.337 | 209 |
| Súðavíkurhreppur | 135.145 | 205 |
| Arnarneshreppur | 135.040 | 177 |
| Grímsnes-/Grafning | 124.819 | 415 |
| Dalabyggð | 101.959 | 696 |
| Kjósarhreppur | 94.006 | 195 |
| Hvalfjarðarsveit | 93.933 | 626 |
| Skaftárhreppur | 85.748 | 450 |
| **10 lægstu** | | |
| Garðabær | 33.633 | 10.587 |
| Skagafjörður | 33.600 | 4.137 |
| Hafnarfjörður | 33.524 | 25.872 |
| Ölfus | 33.420 | 1.945 |
| Mosfellsbær | 32.032 | 8.527 |
| Reykjanesbær | 29.631 | 14.081 |
| Árborg | 29.098 | 7.810 |
| Snæfellsbær | 27.495 | 1.701 |
| Reykjavíkurborg | 26.580 | 118.427 |
| Kópavogsbær | 25.319 | 30.314 |

**EIGA SJÓÐI VEGNA KÁRAHNJÚKA**

Gunnþórunn Ingólfsdóttir, oddviti Fljótsdalshrepps, bendir á að í tölunum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sé kostnaður frá árinu 2008 borinn við mannfjölda árið 2009. Fyrra árið voru 143 búsettir í Fljótsdalshreppi en þeim fækkaði í 89 seinna árið. Sveitarfélagið hefur notið góðs af uppbyggingu við Kárahnjúka, ekki síst vegna útsvarsgreiðslna erlendra starfsmanna við virkjunina. Fækkun þeirra skýrir samdrátt í íbúafjölda milli ára. Gunnþórunn segir að Fljótsdalshreppur standi vel og eigi fjármuni í sjóði. Sveitarfélagið er þátttakandi í verkefni sem miðar að því að Austurland verði eitt sveitarfélag frá Djúpavogi að Vopnafirði en önnur sameining við nágrannasveitarfélög hefur ekki komið til tals.

Staðarhaldarar á Hótel Djúpavík ósáttir við að missa allan snjómokstur:

# Undirbúa mál á hendur ráðherra

**SAMGÖNGUR** Staðarhaldarar á Hótel Djúpavík undirbúa málshöfðun á hendur samgönguráðherra vegna brota á reglum um jafnræði og meðalhóf með ákvörðun um að Vegagerðin hætti snjómokstri í sveitina.

„Vegagerðinni er ætlað að skera niður um 10 prósent, en hjá okkur er niðurskurðurinn 100 prósent,“ segir Ásbjörn Þorgilsson, sem á hótelið með konu sinni, Evu Sigurbjörnsdóttur.

Ásbjörn segist harma umræðu sem komið hafi upp í fjölmiðlum um að gestum hafi verið vísað frá hótelinu, en DV greindi frá því nýverið að vísa hafi þurft frá danska leikaranum Viggó Mortensen. „Það hefur engum verið vísað frá. Það var bara ófært,“ segir hann, en áréttar um leið að vitanlega sé ekki hægt að bjóða gestum upp á þá óvissu að vita í fyrsta lagi ekki hvort þeir komist á staðinn og þaðan af síður hvort þeir komist aftur burt. „Við höfum verið hér í yfir tuttugu ár og hart að sjá ævistarfið eyðilagt með svona ákvörðun.“

Ásbjörn segir sjálfsagt að sveitin taki á sig niðurskurð eins og aðrir, en bendir um leið á að síðustu ár hafi ekki verið um stórar upphæðir að ræða. „Meðalkostnaður Vegagerðarinnar vegna snjómoksturs í sveitinni allri síðustu tíu ár er um 10 milljónir króna á ári.“ - óká



**STAÐARHALDARAR** Ófært er inn í Djúpavík vegna snjóa og Vegagerðin hætt að moka. Ásbjörn Þorgilsson og Eva Sigurbjörnsdóttir ætla að kæra samgönguráðherra vegna málsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ofbeldismenn dæmdir:

## Í fangelsi fyrir húsbrot og rán

**DÓMSMÁL Tveir karlmenn hafa verið dæmdir í Héraðsdómi Reykjaness í tíu og tólf mánaða fangelsi fyrir húsbrot og rán.**

**Ríkissaksóknari ákærði mennina fyrir að hafa í febrúar 2009 ruðst í heimildarleysi inn á heimili manns í Reykjanesbæ. Annar mannanna kýldi fórnarlambið í höfuð og bringu íklæddur hönskum úr hörðu efni.**

**Húsráðandi rotaðist og féll í gólfið. Þá réðust mennirnir á hann með spörkum í höfuð og líkama. Hann hlaut töluverða áverka. Þeir höfðu svo á brott með sér fartölvu. Mennirnir neituðu sök.**

**Þeir voru dæmdir til að greiða fórnarlambinu tæpar 400 þúsund krónur í miskabætur.** - jss




## Dom Pancho ★★★



Einfalt og snyrtilegt 3 stjörnu íbúðarhótel með góðum garði og mjög vel staðsett um 200 metra frá "Laugaveginum". Hótelið var allt endurnýjað árið 2006 og því er allt hótelið, bæði sameign og íbúðir mjög huggulegar.

**Verðdæmi (10. júní - vika)**

**85.900 kr.** á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúðargistingu með 1 svefnherbergi.

## Paladim ★★★★



Gott hótel vel staðsett mitt á milli gamla bæjarins og "Laugavegarins", við hlið hinnar vinsælu verslunarmiðstöðvar Modelo. Notalegur sundlaugargarður með barnalaug og bar með léttum réttum.

**Verðdæmi (10. júní - vika)**

**89.900 kr.** á mann miðað við 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með 1 svefnherbergi.

## Vinsælastur frá upphafi!

Ótal Íslendingar eiga góðar minningar frá Portúgal enda hefur landið verið allra vinsælasti áfangastaður okkar árum saman. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og mynda heillandi veröld. Portúgal er land sólgylltra stranda, skuggsælla skóga, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Land þar sem virðulegir kastalar, kyrrlátar kirkjur og syngjandi vindmyllur standa eins og þær hafi orðið viðskila við nútímann. Albufeira er gamall fiskimannabær í Algarve-héraði en í dag býður hann upp á flest það sem ferðamenn á sólarstað þrá.

**Úrval Útsýn hefur hlotið æðstu viðurkenningu stjórnvalda í Algarve-héraði fyrir brautryðjendastarf í sólarlandaferðum til Portúgals og þátt ferðaskrifstofunnar í uppbyggingu ferðamannaþjónustu héraðsins.**

ÚRVAL·ÚTSÝN

SKOÐAÐU FLEIRI SPENNANDI GISTIMÖGULEIKA Á
**urvalutsyn.is**

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verð miðast við að bókað sé á netinu.

**FRÉTTASKÝRING:** Sveitarfélög — 2. hluti

# Skuldaþak og hallalaus rekstur í skoðun

**Unnið er að heildarendurskoðun sveitarstjórnarlaga og liggur þar allt undir, hvort sem varðar tekjur eða stærð sveitarfélaganna. Fjárhagsreglum verður breytt og væntanlegt er frumvarp um bráðaaðgerðir í þeim efnum. Samstarf ríkis og sveitarfélaga verður meira í framtíðinni og eftirlitshlutverk skerpt.**



**GRUNNSKÓLI** Sveitarfélögin tóku yfir rekstur grunnskólanna árið 1996. Síðan hefur verið unnið að frekari flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Fjárhagsmál, meðal annars tengd slíkum verkefnum, verða tekin til gagngerrar endurskoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Í haust er von á drögum að nýjum sveitarstjórnarlögum. Í þeim verða lögin endurskoðuð frá a til ö og því von á breytingum á málaflokknum. Umræða um fjármál sveitarfélaga undanfarið ýtti við þeirri vinnu, en allir þættir laganna liggja undir.

Starfandi er nefnd um tekjustofna og önnur um jöfnunarsjóð. Þá er einnig unnið að sameiningarmálum. Að auki eru fjárhagsreglur í endurskoðun, en þegar hefur því verið komið þannig fyrir að rekstrarleigusamningar um fasteignir verði færðir í efnahagsreikninga. Þá er í sífelldri endurskoðun að færa frekari verkefni frá ríki til sveitarfélaganna.

### Úrræði hefur vantað

Meðal þess sem gagnrýnt hefur verið er að eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga hafi engin úrræði til að grípa inn í, stefni í óefni. Sveitarstjórnarlögum var breytt árið 1998 og þá voru sett ákvæði um eftirlitsnefndina. „Þá var þetta dálítið nýtt og menn vildu ekki ganga lengra í þessu eftirliti en hóflegt þótti,“ segir Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga.

„Menn eru alltaf á eftir, það er verið að skoða ársreikninga sem eru gerðir upp við áramót en lagðir fram einhvern tímann í júní. Þeir eru til skoðunar, kannski eftir sumarfrí, þannig að ef eitthvað hefur gerst þá er liðinn töluvert langur tími og menn standa frammi fyrir orðnum hlut.“

### Hallalaus rekstur

Þetta er meðal þess sem horft er til í endurskoðuninni. Kristján Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, segir að leiði endurskoðunin í ljós að nefndin þurfi beittari úrræði verði tekið á því. Nú þegar sé unnið að breytingum varðandi upplýsingagjöf.



KRISTJÁN MÖLLER

„Við förum með frumvarp inn í þingið fljótlega sem verður bráðaaðgerð. Það er hnykkt á því að sveitarfélög skili inn upplýsingum ársfjórðungslega. Þá er aðgengi eftirlitsnefndarinnar að upplýsingunum aukið verulega. Ég mun leggja þetta fljótlega fyrir ríkisstjórn en þetta eru hlutir sem við viljum gera strax.“

Kristján segir að vissulega verði að virða sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, en hann megi ekki vera það mikill að menn setji sveitarfélög á höfuðið.

„Menn geta spurt sig að því hvort sveitarfélag megi skuldsetja sig nema upp að vissu marki, kannski tvöfaldar eða 1,5-faldar skatttekjur. Það gæti verið regla sem þyrfti undantekningu til að víkja frá.

Svo má spyrja hvort önnur regla gæti verið sú að sveitarfélög megi ekki reka sig með halla. Þau verði að skila hallalausum rekstri nema þau fái heimild til annars. Þá verði að vinna hallann upp á þremur árum.

Svona fjármálareglur gætu skilað sér inn í lögin.

### Samskiptin bætt

Meðal þess sem lengi hefur verið gagnrýnt er skortur á samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Þau síðarnefndu véla með þriðjung af opinberum fjármunum, en tveir þriðju eru á borði ríkisvaldsins. Það er því nokkuð mikilvægt að samskipti þar á milli séu góð.

Sveitarstjórnarmönnum hefur þótt skorta á þetta samstarf og nægir að sitja landsþing eða fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna til að heyra þá gagnrýni. Þar á bæ hefur þótt skorta á skilning hjá ríkisvaldinu við að verkefnum þurfi að fylgja fjármunir og að ákvarðanir teknar á Alþingi geti haft útgjaldaauka í för með sér víða um land.

Í nágrannalöndunum eru fjárhagsleg samskipti í stöðugri endurskoðun árlega. „Hérna stofna menn tekjustofnanefnd út af krísuástandi annað og þriðja hvert ár, svo byrjar allt að hlaðast upp aftur,“ segir Gunnlaugur.



GUNNLAUGUR JÚLÍUSSON

Þessi samskipti eru til gagngerrar endurskoðunar og mun ætlunin að koma á fyrirkomulagi svipuðu og í nágrannalöndunum. Kristján Möller segist hlynntur árlegri endurskoðun. „Já ég er hlynntur því, þetta á bara að vera hluti af samfélaginu. Það er betra að ræða hlutina strax út frá þeim gögnum sem til eru.“

Taka á í gagnið hagstjórnarsamninga sem ríki og sveitarfélög gera sín á milli. Þar verði almenn hagstjórnarmarkmið beggja aðila og tilgreindar þær sérstöku aðgerðir sem vinna á saman á tímabilinu. Samningurinn verði svo endurnýjaður árlega.

### Verkefnum fylgi tekjur

Sveitarfélögin taka að sér æ fleiri verkefni og í bígerð er að færa enn fleiri yfir til þeirra. Stærsta einstaka verkefnið sem um ræðir var flutningur grunnskólans frá ríkinu árið 1994. Sveitarstjórnarmönnum þykir sem ekki hafi fylgt nægir fjármunir með ábyrgðinni.

Víða erlendis er óheimilt að flytja verkefni á milli stjórnsýslustiga án þess að fjármunir fylgi með. Sveitarstjórnarmönnum hefur þótt skorta á þetta. Í orði kveðnu eigi ráðuneyti að kostnaðarmeta frumvörp og reglugerðardrög, en á það hafi skort. Fjöldi verkefna sytri hins vegar yfir á sveitarfélögin án þess að búið sé að greina hvaðan kostnaðurinn eigi að koma.

Á þessu verður tekið í hagstjórnarsamningunum.



FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is

**Annar hluti af þremur**
Næsta grein: Sameining.

## VEGVÍSIRINN

Í byrjun október rituðu tveir ráðherrar, Kristján Möller og Steingrímur J. Sigfússon, og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Halldór Halldórsson, undir vegvísi að gerð hagstjórnarsamnings ríkis og sveitarfélaga. Þar er að finna þau markmið sem sett verða í vinnu slíkra samninga í átta töluliðum.

- Samstarf verði aukið um stjórn opinberra fjármála
- Þeim verði hagað í samræmi við ákveðin mörk og viðmið hagstjórnar
- Tekjur og útgjöld taki mið af markmiðum um þjóðhagslegan stöðugleika
- Afkoma verði í samræmi við markmið um jöfnuð í fjármálum hins opinbera
- Vinna fjármálareglur fyrir sveitarfélög
- Laga forsendur fyrir fjárhagsáætlunum sveitarfélaga og framkvæmd að efnahagsstefnu ríkisstjórnar og búa þannig til samræmda heildarstefnu
- Samstarf um lánamál hins opinbera
- Kostnaðarmeta lagafrumvörp og reglugerðir sem geta haft áhrif á útgjöld ríkissjóðs og sveitarfélaga

## NÆRÞJÓNUSTAN

Árið 1996 fluttist grunnskólinn til sveitarfélaganna frá ríkisvaldinu. Óhætt er að segja að um gríðarlega umfangsmikið verkefni hafi verið að ræða og er rekstur grunnskóla nú mikilvægur þáttur sveitarstjórna.



HALLDÓR HALLDÓRSSON

Um næstu áramót flytjast verkefni fatlaðra yfir til sveitarfélaga og hefur lengi verið unnið að því. Þá er í pípunum að flytja annan stóran málaflokk, málefni aldraðra, yfir til sveitarfélaganna.

„Við vildum slaka á eftir flutning grunnskólans,“ segir Halldór Halldórsson. „Ríkið hefur nefnilega þann háttinn á að vera með fastar fjárhæðir þegar kemur að samstarfsverkefnum.“ Halldór segir að það norm sem ríkið gefi sér sé oftar en ekki undir raunverulegum kostnaði. Því hafi aukinn kostnaður lent á sveitarfélögunum sem oft megi illa við því.

Hugmyndafræðin er sú að nærþjónustan, persónubundin þjónusta, sé á ábyrgð sveitarfélaganna. Þessi almenna alltumlykjandi þjónusta sé hins vegar á ábyrgð ríkisvaldsins.

Kristján Möller segir að eftir því sem sveitarfélögin verði stærri og öflugri geti þau tekið yfir fleiri verkefni. Hann sjái fyrir sér að það geti átt við verkefni á samgöngusviði, rekstur flugvalla og viðhald vega, svo dæmi sé tekið.

Morgunverðarfundur
um sameiginlegar verklagsreglur um úrlausn skuldavanda fyrirtækja

Miðvikudaginn 3. mars kl. 8:30–10:00
á Hilton Reykjavík Nordica – fundarsal I

Kynning á verklagsreglum
Brynhildur Georgsdóttir,
Umboðsmaður viðskiptavina Arion banka

Verklagsreglur og siðferðissjónarmið
Stefán Einar Stefánsson, siðfræðingur

Verklagsreglur og lagaleg álitaefni
Brynjar Níelsson, hæstaréttarlögmaður

Verklagsreglur og hlutverk eftirlitsnefndar
María Thjell, formaður eftirlitsnefndar

Fundarstjóri: Andrés Magnússon,
framkvæmdastjóri SVÞ

Skráning með tölvupósti á sff@sff.is

SFF
SAMTÖK FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
www.sff.is



# ÞVOTTA DAGAR

ORMSSON

## ÞVOTTAVÉLAR · ÞURRKARAR og UPPÞVOTTAVÉLAR
## Á FRÁBÆRU TILBOÐSVERÐI..!!



### AEG ÞVOTTAVÉL



**LAVAMAT 52840**
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+
Notendahandbók
á íslensku
ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ

**TILBOÐSVERÐ kr. 119.900,-**

LISTAVERÐ: 144.900,- *Þú sparar: 25.000,- kr.*

### AEG ÞURRKARI



**LAVATHERM T55460**
Barkalaus
með rakaskynjara
Tekur 6 kg af þvotti
Fjöldi kerfa
Mjög hljóðlátur
Ryðfrí tromla
Notendahandbók
á íslensku

**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-**

LISTAVERÐ: 119.900,- *Þú sparar: 20.000,- kr.*

### AEG UPPÞVOTTAVÉL



**FAVORIT 65010VI**
Gerð til innbyggingar
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
Mjög hljóðlát vél
– 44db (re 1 pW)
Orkunýtni : A
Þvottahæfni : A
Þurrkhæfni : A

**TILBOÐSVERÐ kr. 149.900,-**

LISTAVERÐ: 189.900,- *Þú sparar: 40.000,- kr.*

### EH ÞVOTTAVÉL

Elektro Helios



**TF 1255E**
1200 snúninga vél
Tekur 6 kg af þvotti
Öll hugsanlega þvottakerfi
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-**

### EH ÞURRKARI

Elektro Helios



**TK 7526**
Tekur 6 kg af þvotti
Barkalaus
Fjöldi kerfa
Tvö hitastig
Mjög hljóðlátur
Sænskt stjórnborð
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 84.900,-**

### EH UPPÞVOTTAVÉL

Elektro Helios



**DI 8525**
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Hljóðlát vél
– 49db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 99.900,-**

### EH UPPÞVOTTAVÉL

Elektro Helios




**DI9125X**
Tekur 12 manna stell
5 þvottakerfi
4 hitastillingar
Framvinduskjár
Hljóðlát vé
– 47db (re 1 pW)
Orkunýtni: A
Þvottahæfni: A
Þurrkhæfni : A
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ kr. 109.900,-**

### AEG *PAR=* ÞVOTTAVÉL og ÞURRKARI



**LAVAMAT 62840**
1200 snúningar /mín.
Tekur 6 kg af þvotti.
Öll hugsanleg þvottakerfi
ásamt sérstöku sparnaðarkerfi
Framvinduskjár
Þvottahæfni: A
Þeytivinduafköst: B
Orkuflokkur: A+
Íslenskar leiðbeiningar



**LAVATHERM T55460**
Barkalaus
með rakaskynjara
Tekur 6 kg af þvotti
Fjöldi kerfa
Mjög hljóðlátur
Ryðfrí tromla
Íslenskar leiðbeiningar

**TILBOÐSVERÐ =parið= kr. 203.830,-**

LISTAVERÐ =PARIÐ=kr. 239.800,- *Þú sparar: 35.970,- kr.*

ORMSSON *Gerðu hreinlega frábær kaup á eðal heimilistækjum!*

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON LÁGMÚLA 9 SÍMI 530 2800 | ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 | ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON MODEL-AKRANESI SÍMI 431 3333 | ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK-EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 |

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Álit framkvæmdastjórnar ESB á umsókn Íslands er ekki hin endanlega niðurstaða.

## Samningaviðræðurnar eru eftir

ÓLAFUR Þ. STEPHENSEN SKRIFAR

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mælti í síðustu viku með því að hafnar yrðu aðildarviðræður við Ísland. Í ýtarlegu áliti sínu fer framkvæmdastjórnin yfir stöðu Íslands sem umsóknarríkis og kemst í grundvallaratriðum að jákvæðri niðurstöðu; Ísland er gróið lýðræðisríki og markaðshagkerfi og á sem slíkt heima í Evrópusambandinu. Eftir áralangt samstarf á vettvangi EFTA og Evrópska efnahagssvæðisins hefur Ísland nú þegar tekið upp stóran hluta löggjafar ESB og er á flestum sviðum vel í stakk búið að stíga skrefið til fulls þar sem eitthvað vantar upp á.

Flestir ættu að geta verið sammála ýmsum ábendingum framkvæmdastjórnarinnar um endurbætur á íslenzkri löggjöf, burtséð frá því hvaða skoðun fólk hefur á ESB-aðild. Þannig er bent á að tryggja þurfi betur sjálfstæði dómsvaldsins með því að draga úr áhrifum dómsmálaráðherra á skipan dómara. Sömuleiðis bendir framkvæmdastjórnin á að tryggja þurfi betur sjálfstæði Seðlabankans og þeirra einstaklinga, sem taka ákvarðanir um peningamálastefnuna.

Hins vegar er álit framkvæmdastjórnarinnar um landbúnað og sjávarútveg umdeilt – og var ekki við öðru að búast.

Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, sagði á búnaðarþingi í gær að þar væri engar vísbendingar að finna um undanþágur fyrir Ísland. Bændasamtökin íhuga að draga sig út úr samningahópum í aðildarviðræðunum, sem senn fara í hönd.

Talsmenn sjávarútvegsins hafa sömuleiðis orðað það svo að álit framkvæmdastjórnarinnar sé „staðfesting" á því að Ísland muni ekki geta fengið viðunandi samning um sjávarútveg. Framkvæmdastjórnin leggur áherzlu á að Ísland verði að lúta æðsta valdi ESB í sjávarútvegsmálum, samþykki reglur sambandsins um jafnan aðgang að fiskimiðum og falli frá banni við fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi.

Þeir sem vilja jafnvel hætta við umsóknina nú þegar, á grundvelli álits framkvæmdastjórnarinnar, misskilja hins vegar ganginn í aðildarviðræðum. Framkvæmdastjórnin hefur það hlutverk að standa vörð um sáttmála ESB. Ekkert af því, sem hún setur fram í skýrslu sinni, kemur á óvart.

Samningaviðræðurnar, sem framundan eru, snúast um það að hversu miklu leyti Ísland getur fengið fram breytingar á afstöðu Evrópusambandsins í mikilvægum málaflokkum. Hvort hægt sé að fá fram einhverjar undanþágur eða aðlögun eða vinna að því að breyta reglum sambandsins, þannig að þær henti Íslandi betur. Dæmin sanna að ESB hefur ævinlega verið reiðubúið að koma til móts við væntanleg aðildarríki á þeim sviðum, sem varða þeirra mikilvægustu þjóðarhagsmuni. En slík tilslökun fæst yfirleitt ekki fyrr en á lokaspretti viðræðna.

Nú eiga jafnt stjórnmálaflokkar og hagsmunasamtök að snúa bökum saman og vinna að því að Ísland fái sem beztan samning. Þjóðin mun svo segja sitt álit – að samningaviðræðum loknum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

SÉRSMÍÐI ÚR PARKETI

Gólfþjónustan er með sérlausnir í smíði borða fyrir fyrirtæki og heimili. Við smíðum borð algjörlega eftir þínu máli svo sem borðstofuborð, sófaborð og fundarborð.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hörður harður á sínu

Hörður Arnarson er verulega óánægður með að fá ekki nema litlar 1.340 þúsund krónur í mánaðarlaun sem forstjóri Landsvirkjunar frá deginum í dag og ætlar að „leita allra leiða" til þess að þurfa ekki að sæta þeim órétti. Hörður er enda góðu vanur, var einn íslensku ofurlaunamannanna í góðærinu hjá Marel með nokkrar milljónir á mánuði og bónusa ofan í kaupið. Nú er Hörður hins vegar búinn að ráða sig í vinnu hjá ríkinu og þarf að beygja sig undir vilja yfirvalda. Hann er eftir sem áður launahæsti ríkisforstjóri landsins. Vonandi jafnar hann sig skjótt.



### Reikningar ráðuneytisstjóra

Hæstiréttur kvað upp úr með það fyrir helgi að sérstökum saksóknara hefði verið heimilt að láta kyrrsetja 193 milljónir á tveimur bankareikningum Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem er grunaður um að hafa aflað fjárins með ólögmætum innherjaviðskiptum. Hæstiréttur gætti þess vandlega að afmá öll persónuauðkenni úr dómi sínum – fyrir utan bæði reikningsnúmer Baldurs í Kaupþingi. Vandséð er hvernig þær talnarunur dýpka skilning áhugasamra á niðurstöðunni.

### Hvað segir umboðsmaður?

Lög um rannsóknarnefnd Alþingis kveða á um að skýrslu nefndarinnar skuli skilað eigi síðar en 31. janúar 2010. Sá dagur er löngu liðinn. Með hverjum deginum sem líður brýtur nefndin því lög um sjálfa sig. Það er óheppilegt, en þó ekki refsivert. Til er embætti sem kynni samt að hafa sitt hvað við lögbrotið að athuga. Það heitir Umboðsmaður Alþingis. Því gegnir nú Róbert Ragnar Spanó, í afleysingum fyrir Tryggva Gunnarsson. Tryggvi er upptekinn við störf sín í rannsóknarnefnd Alþingis.



stigur@frettabladid.is

## Störf í heilbrigðisþjónustunni



ÖGMUNDUR JÓNASSON

**Í DAG** | Heilbrigðismál

Fall er fararheill segir máltækið og vonandi við um Ólaf Þ.Stephensen sem skrikar fótur í fyrsta leiðara sínum sem ritstjóri Fréttablaðsins. Hann staðhæfir þar ranglega að Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar, Kadeco, hyggist setja „hundrað milljónir króna" í nýjan einkaspítala. Fram hefur komið að framlagið er tíföld þessi upphæð.

Forsvarsmenn verkefnisins segja að þarna muni skapast 300 ný störf sem komi til með að gefa af sér 300 milljónir króna á ári í skatttekjur. Við þessu tekur ritstjórinn gagnrýnislaust og gengur leiðarinn síðan út á að sýna að Vinstrihreyfingin grænt framboð sé andvíg atvinnuuppbyggingu – og það sem verra er, í heilbrigðisþjónustu! Í samræmi við þetta ber leiðarinn yfirskriftina „Kreddur gegn atvinnu".

Það er alvarleg ásökun að bera fólki á brýn að það sé andvígt atvinnuuppbyggingu og að fordómar komi í veg fyrir að sköpuð séu ný atvinnutækifæri fyrir heilbrigðisstarfsfólk.

Staðreyndir málsins eru þessar: Mesta kreppa í íslensku efnahagslífi á síðari tímum hefur valdið tekjuhruni hjá ríki og sveitarfélögum. Af þeim sökum hefur þurft að draga stórlega úr útgjöldum og hækka skatta. Þó ekki meira en svo að halli á fjárlögum á næsta ári verður á annað hundrað milljarða. Heilbrigðiskerfið fer því miður ekki varhluta af þessum hremmingum. Niðurskurðurinn þar veldur samdrætti í umfangi þjónustunnar og þar með fækkun starfa á sumum sviðum – vonandi tímabundið. Að mínum dómi er hverri krónu sem ver störf í heilbrigðisþjónustunni vel varið – og atvinnuúrræði í sjálfu sér.

Spurningin snýst þá um þetta: Hvernig er fjármunum best varið innan heilbrigðisþjónustunnar til þess að tryggja sem besta þjónustu og sem flest störf?

Þetta telur ritstjóri Fréttablaðsins að nýr einkaspítali muni gera ágætlega, sjúklingar verði fluttir inn til landsins og við getum nýtt íslenska starfskrafta sem ella yrðu vannýttir. Starfseminni fylgi gjaldeyristekjur.

Er þetta virkilega svona einfalt? Nægir að fá aðstoð ríkisins við uppbygginu sjúkrahússins og að síðan verði starfsemin sjálfbær, ríkisjóður komi hvergi nærri þar eftir, hafi þvert á móti tekjur af starfseminni? Og hvað með hina erlendu greiðendur, til dæmis sjúkratryggingar á Norðurlöndum, er sátt um þetta fyrirkomulag?

Ástæðan fyrir því að ég fer fram mjög ákveðið með varnaðarorð á þessu stigi er sú, að ég tel að þetta standist ekki skoðun, ríkið komi til með að þurfa fjármagna starfsemina að verulegu leyti.

Ég hef ítrekað, fyrr og nú, vakið athygli á því að ýmsum spurningum þurfi að svara áður en haldið er lengra út í þetta einkavæðingarferli. Þær snúa bæði að aðgengi að heilbrigðiskerfi okkar og einnig að pyngju skattborgarans: Munu íslenskir sjúklingar geta sótt lækningu á nýja sjúkrahúsinu? Koma íslenskar sjúkratryggingar til með að borga? Hvaða lög og reglur gilda um EES-sjúklingana? Hvað um réttindi þeirra sjúklinga?

Þegar íslenskir útrásarfjárfestar komust yfir búlgarska símann fyrir fáeinum árum skrifaði ég greinar í þetta blað þar sem ég minnti á að hið sama ætti að gilda gagnvart erlendum samfélögum og okkur sjálfum. Við ættum með öðrum orðum að koma fram við aðra einsog við vildum að komið væri fram gagnvart okkur sjálfum. Þetta á einnig við nú. Við Íslendingar erum ekki ein um að þurfa að skera niður útgjöld í velferðarþjónustu og leita allra leiða til að nýta hverja krónu sem best.

Tilraunir til hagræðingar og sparnaðar eru stöðugt á vinnsluborðinu út um allan heim, m.a. í grannlöndum okkar. Hér á landi nálgumst við óðfluga sársaukamörk í niðurskurði innan heilbrigðiskerfisins og þurfum því að hyggja mjög yfirvegað að framhaldinu, samstillingu þjónustustiga og skörun almannaþjónustu og einkareksturs. Nýta þarf hverja krónu til hins ýtrasta og helst tvisvar ef hægt væri. Mesta sóunin er í ósamstilltu heilbrigðiskerfi. Þetta þekkjum við einnig úr umræðum um heilbrigðismál í grannlöndum okkar.

Rétt er að spyrja hvort það verði okkur til framdráttar – nú þegar sárlega vantar síðferðisvottorðin – að bjóða hér upp á eins konar „aflandsheilbrigðisþjónustu" sem ekki er svigrúm til að vinna í heimalandi sjúklinga en senda heimalandi þeirri hvort eð er reikninginn! Er ekki nóg komið af slíkum strandhöggum? Útflutningur og innflutningur á heilbrigðisþjónustu eða sjúklingum getur verið spennandi valkostur en það þarf að gerast í nánu samstarfi við þær þjóðir sem í hlut eiga og þá jafnan með það að leiðarljósi að grafa ekki undan velferðarþjónustu þeirra.

*Höfundur er fyrrverandi heilbrigðisráðherra.*

**Aths. ritstj.**

Eiginfjárframlag Kadeco í verkefnið er 100 milljónir króna, eins og raunar er ítrekað í grein framkvæmdastjórans í Fréttablaðinu í dag.

## Ráðherra hittir nagla á höfuðið

**UMRÆÐAN**

Einar K. Guðfinnsson skrifar um skuldavandann



EINAR K. GUÐFINNSSON

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra vakti á því athygli á Alþingi sl. fimmtudag að þau úrræði sem ríkisstjórnin hefur gripið til varðandi skuldavanda heimilanna hafi frekar „gagnast þeim sem höfðu meira undir í aðdraganda kreppunnar heldur en þeim sem voru verr staddir. – Og það tel ég að þurfi að skoða sérstaklega," sagði ráðherrann

Bragð er að þá barnið finnur.

Hér talar ráðherra í ríkisstjórninni og hittir naglann á höfuðið. Það er ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessu sviði hafa verið í algjöru skötulíki. Um það þarf ekki að deila. Þetta er álit almennings. 91% aðspurðra í skoðanakönnun sem ASÍ lét gera í upphafi þessa mánaðar er þessarar skoðunar. Athyglisvert er að þetta er sama niðurstaðan og í júní í fyrra. Almenningur metur það svo að ekkert hafi gerst í málefnum heimilanna.

Það er þó ekki rétt. Því mikið hefur verið talað. Í þriðja sinn er svo núna verið að fresta nauðungaruppboðum, sem segir okkur einfaldlega að úrræðin eru ekki að virka. En á meðan á frestun stendur, telja dráttarvextirnir. Þegar allt kemur til alls eykur þessi frestun því vanda fólks enn; nema auðvitað úrræði líti dagsins ljós í millitíðinni.

Á þeim bólar hins vegar ekki. Engin fyrirheit eru gefin úr ríkisstjórninni um slíkt. Og það þrátt fyrir að heilbrigðisráðherrann viðurkenni að hingað til hafi ekki verið litið nóg til þeirra sem hafi minnstar tekjurnar og segi það síðan umbúðalaust að þeir sem helst njóti úrræða ríkisstjórnarinnar séu þeir sem mest höfðu undir.

Kjarni málsins er þá þessi, sem ráðherrann er í rauninni að segja. Ekki hefur verið litið til tekjulægsta hópsins, ekki hefur verið litið til alls almennings. Þeir sem nutu athygli ríkisstjórnarinnar voru þeir sem höfðu meira undir, fjárfestu meira, skulduðu meira og þénuðu meira. Þetta verður ekki sagt öllu afdráttarlausar. *Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



SAUMA
klúbburinn

# Má bjóða þér í Saumaklúbbinn?




## þannig er klúbburinn

- Í hverjum pakka eru 14-16 uppskriftarbæklingar með fjölbreyttu hannyrðaefni.
- Nýir félagar fá fyrstu sendinguna á hálfvirði, eða aðeins 845 kr.
- Eftir það kostar hver mánaðarsending aðeins 1.690 kr. með sendingargjaldi.
- Saumapoki að gjöf með þriðju sendingu ásamt uppskrift að því hvernig þú getur saumað út í hann.
- Ef þér líst ekki á efni fyrsta pakkans geturðu skilað honum aftur innan 10 daga.

## Fyrsti pakkinn á aðeins 845 krónur!

Saumaklúbburinn er nýstárlegur áskriftarklúbbur þar sem félagar fá í hverjum mánuði spennandi uppskriftir að fjölbreyttum hannyrðum, s.s. prjóni, hekli, útsaumi og föndri, að ógleymdum freistandi klúbbréttum.




Skráðu þig á:
klubbhusid.is
eða í síma 528-2000

klúbbhúsið

Klúbbhúsið | Skipholti 50b | 105 Reykjavík | klubbhusid@klubbhusid.is

ARGH 270210

# Staðreyndir um heilsuþorp

**UMRÆÐAN**

Kjartan Þór Eiríksson skrifar um uppbyggingu sjúkrahúss að Ásbrú


KJARTAN ÞÓR EIRÍKSSON

Stefna Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco) um uppbyggingu á Ásbrú var unnin á árunum 2007-2008. Hún byggir fyrst og fremst á styrkleikum og samkeppnishæfni Íslands, með áherslu á Reykjanes. Tvö stærstu áhersluatriðin í þeirri stefnumótun, fyrir utan miðlæga staðsetningu Íslands á heimskortinu, eru uppbygging á heilsuklasa, svonefndu heilsuþorpi, og orkuklasa á Ásbrú. Þar eru skilgreind nærtæk og traust tækifæri til tekjuöflunar og uppbyggingar fyrir samfélagið allt.

Þróunarverkefnið Ásbrú hefur gengið framar björtustu vonum og er í dag sjálfbært hvað varðar tekjur og fleiri þætti. Það þýðir með beinum orðum að verkefnið er ekki rekið fyrir skattfé heldur er tekna aflað með sölu og leigu eigna á sjálfu svæðinu. Þá hefur verkefnið nú þegar skilað miklum beinum hagnaði í ríkissjóð sem nýst hefur og mun nýtast til uppbyggingar á m.a. mennta- og velferðarkerfi þjóðarinnar. Það fjármagn er einnig verið að nýta til áframhaldandi uppbyggingar á Ásbrú eftir þau áföll sem dundu yfir við brotthvarf Varnarliðsins árið 2006 með tilheyrandi atvinnuleysi og erfiðleikum.

**Uppbygging Heilsuþorps**

Burðarásinn í heilsuuppbyggingunni er nýting sjúkrahússins á Ásbrú. Endurbygging þess mun mynda kjarna sem eykur aðdráttarafl svæðisins fyrir öðrum aðilum í heilsutengdri þjónustu og enn sterkari grundvöllur skapast fyrir myndun heilsuþorps á Ásbrú. Það leiðir til fjölmargra möguleika er varða uppbyggingu á heilsutengdum ferðaiðnaði á Reykjanesi og Íslandi í heild.

Framkvæmdirnar við spítalann munu margfalda verðgildi annarra eigna ríkissjóðs á svæðinu sem tengjast uppbyggingu heilsuþorps á Ásbrú. Þær eignir komast þá í leigu og sölu og skila þar af leiðandi tekjum til ríkissjóðs sem annars hefðu ekki komið til.

Í dag er staðan sú að margar eignir standa tómar og mikill kostnaður fellur til við rekstur þeirra án þess að þær gefi tekjur. Sumar þeirra hafa jafnvel ekki möguleika á að gefa tekjur í núverandi ásigkomulagi. Því hefur verið unnið að því hörðum höndum að skapa nýtingargrundvöll fyrir þessar eignir og þar með að skapa virði úr þeim.

**Hagkvæm ráðstöfun á eignum ríkisins**

Áætlað er að sú vinna er lýtur að rekstri og endurbyggingu spítalans skili um 300 fjölbreyttum störfum er skapi mikið virði. Skatttekjur hins opinbera af launum þessara 300 starfsmanna eru áætlaðar tæpar 300 milljónir á ári. Því verða sjálfbærar árlegar tekur hins opinbera hærri en bein fjárfesting Þróunarfélagsins í þessu verkefni.

Á tímum mikils og vaxandi atvinnuleysis mun sú aðgerð að fækka atvinnulausum um 300 spara hinu opinbera um 500 milljónir króna á ári. Atvinnuleysi er nú þegar mest á Suðurnesjum og stefnir í aukningu þess. Á tímum niðurskurðar og þrenginga er mikilvægt að nýta þá fjármuni sem ríkið hefur úr að spila á sem skynsamastan hátt.

Mögulegar tekjur af sölu flugsæta til erlendra heilsuferðamanna og aðstandenda gætu numið um 800 milljónum á ári fyrir íslensk flugfélög og eru þá ótalin öll önnur áhrif sem uppbyggingin hefur almennt á ferðaþjónustu í landinu.

Rétt er að geta þess að óumflýjanleg útgjöld ríkisins vegna spítalans væru 60 milljónir á þessu ári. Þau útgjöld eru í tengslum við almennan rekstur húsnæðisins og rafmagnsbreytinga sem Kadeco ber lagaleg skylda til að framkvæma fyrir októberlok. Því fjármagni má að mati félagsins betur verja með þeim hætti að Kadeco leggi 100 milljónir sem hlutafé í nýtt félag, Seltún, sem mun eiga og endurbæta spítalann og leigja hann út. Leigusamningur milli aðila er á allan hátt hefðbundinn langtímaleigusamningur er miðar að því að það fjármagn og aðrar eignir sem lagðar eru inn í félagið skili ásættanlegum og góðum arði. Auk þess sem fjárfestingin mun skila miklum arði af öðrum eignum sem komast í not við endurbyggingu spítalans. Áhættan varðandi leigu er síðan lágmörkuð með sterkri fjármögnun leigutaka og ýmsum leiguákvæðum er tryggja hagsmuni leigusala. Einnig mun sá mannauður er starfar við spítalann skila beinum arði inn í íslenskt þjóðarbú með störfum hér á landi en ekki erlendis.

**Nýting sóknarfæra**

Ísland á mikil sóknarfæri í heilsutengdri ferðaþjónustu. Allar tölur og gögn benda til þess að þekking og færni íslenskra heilbrigðisstarfsmanna sé í fremstu röð. Þá er hér um að ræða metnaðarfullt nýsköpunarverkefni sem á möguleika á að verða hluti af mun stærri heilsutengdum nýsköpunar- og þróunarmöguleikum á Íslandi. Þá eru ótalin þau tækifæri sem skapast fyrir allt það fólk sem hefur menntað sig og starfar í þessum stéttum og myndi að öðru óbreyttu ekki sjá tækifæri til að nýta sína þekkingu hér á Íslandi á næstu árum. Glötun á slíkri þekkingu úr landi gæti leitt til margþættra vandamála af því.

Með endurbyggingu sjúkrahússins er Kadeco að skapa mikinn beinan og óbeinan ábata fyrir íslenska ríkið. Með uppbyggingu heilsuþorps á Ásbrú er Kadeco því að sinna sínu hlutverki um að færa svæðið í arðbær borgaraleg not með hámörkun jákvæðra áhrifa fyrir samfélagið, þar með talið sköpun nýrra starfa.

*Höfundur er framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar (Kadeco).*


Úti er farið að snjóa .......



og af því tilefni minnum við íbúa höfuðborgarsvæðis og Akureyrar að moka gangveginn að húsum sínum til að tryggja aðgengi blaðbera Fréttablaðsins að lúgu.

Með fyrirfram þökk,

Póst húsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is


# Samstarf um verðmætasköpun og hagvöxt

**UMRÆÐAN**

Tómas Már Sigurðsson skrifar um íslenskt atvinnulíf


TÓMAS MÁR SIGURÐSSON

Ísland stendur á tímamótum um þessar mundir og sú efnahagslega umgjörð sem nú eru lögð drög að verður arfleifð næstu kynslóða. Til að tryggja framtíðarlífskjör á Íslandi hlýtur stefnumörkun stjórnmálaforystunnar að miða að hámörkun hagvaxtar og um leið hagsældar.

Á slíkum tímamótum er nauðsynlegt að góð samstaða og samstarf eigi sér stað á milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins. Fjalla þarf af hagsýni og forsjálni um hugsanlegar lausnir á augljósum ögrunum íslensks efnahagslífs og tryggja heildarhagsmuni innan hagkerfisins og eflingu þess til framtíðar.

Rétt er að halda því til að haga að verkefnið framundan er risavaxið og snertir alla fleti samfélagsins; heimilin, atvinnulífið og hið opinbera. Frá hausti 2008 hafa íslensk heimili orðið fyrir verulegum skakkaföllum á borð við hækkun skulda, tekjuskerðingu, atvinnumissi og hækkað verðlag. Lífskjör hafa versnað og standast ekki lengur samanburð við það sem gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Það sama er upp á teningnum í atvinnulífinu, þar sem fyrirtæki búa við skuldaklafa, kostnaðarhækkanir, samdrátt eftirspurnar, verulega laskað fjármögnunarumhverfi og mikla óvissu um flesta þætti rekstrarumhverfis. Að auki einkennist viðhorf til atvinnulífs af tortryggni og stundum mætti jafnvel ráða af umræðunni að stór hluti þess sé annaðhvort talinn óæskilegur eða óþarfur.

Til viðbótar við þennan vanda er staða ríkisfjármála í ólestri. Mikill kostnaður féll á ríkissjóðs vegna hruns bankanna og samhliða lækkuðu skatttekjur verulega vegna samdráttar í hagkerfinu. Vegna mikillar útgjaldaþenslu síðustu ára standa stjórnvöld því frammi fyrir gríðarlegum fjárlagahalla sem ekki verður brúaður nema með aðgerðum sem beint eða óbeint skerða lífskjör allra Íslendinga.

Við lausn þessa vanda er nauðsynlegt að horfa á samspili mismunandi eininga hagkerfisins. Fyrirtæki og heimili mynda saman órofa heild sem almenn velferð byggir á. Heimilin eru uppspretta fjármagns, vinnuafls, hugmynda og neyslu sem eru grundvöllur atvinnustarfsemi. Að sama skapi þurfa heimilin á atvinnu að halda til að draga björg í bú. Á þessu samspili hvílir svo rekstur hins opinbera. Eftir því sem lífskjör heimila batna og tekjur fyrirtækja aukast, þeim mun betur gengur að standa undir sameiginlegri þjónustu og því velferðarkerfi sem við Íslendingar viljum að sé til staðar.

Til að tryggja hag atvinnulífs, heimila og hagkerfisins í heild þurfa stjórnvöld fyrst og fremst að stuðla að framleiðni, verðmætasköpun og hagvexti. Eingöngu þannig má gera ráð fyrir varanlegum bata efnahagslífsins sem gerir kleift að skapa störf fyrir þær fjölmörgu vinnufúsu hendur sem nú eru án atvinnu, móta rekstrarumhverfi sem dregur til sín mannauð og fjárfestingu og viðheldur mannauði og mynda sterka og varanlega skattstofna sem standa undir sameiginlegri þjónustu.

Þegar aðgerðir stjórnvalda á undanförnum mánuðum eru skoðaðar í þessu ljósi valda þær verulegum vonbrigðum. Þar bera hæst vanhugsaðar skattabreytingar, sem draga úr hvata til verðmætasköpunar og fjárfestingar, og fórna þannig efnahagslegum bata að því er virðist fyrir hugmyndafræðileg gildi. Að auki hafa stjórnvöld skapað ný vandamál með handahófskenndri íhlutun í einstakar atvinnugreinar. Almennt má segja að stjórnvöld hafi ekki sýnt nægilegan skilning á mikilvægi verðmætasköpunar og hagvaxtar til úrlausnar á vanda hagkerfisins.

Það veldur einnig vonbrigðum hvernig samskiptum stjórnvalda og atvinnulífs hefur verið háttað að undanförnu. Einstrengingsháttur, tortryggni og skortur á samstarfsvilja eru orð sem því miður lýsa ástandinu vel. Við stöndum hinsvegar á slíkum tímamótum að önnur nálgun er nauðsynleg. Þrátt fyrir að málefnalegur ágreiningur geti ríkt á milli atvinnulífs og stjórnvalda er engu að síður mikilvægt að uppbyggileg umræða um áherslur og stefnu eigi sér stað.

Árlegt Viðskiptaþing Viðskiptaráðs Ísland er vettvangur fyrir umræðu af þessu tagi þar sem fulltrúar atvinnulífs og stjórnvalda skiptast á skoðunum um málefni sem ofarlega eru á baugi hverju sinni. Á Viðskiptaþingi fyrir réttu ári benti forsætisráðherra réttilega á að ýmislegt mætti betur fara í ranni íslenskra viðskiptalífs og að mikilvægt væri að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja yrði í forgrunni við endurreisn hagkerfisins. Síðan þá hefur atvinnulífið sýnt vilja til úrbóta í verki og má þar nefna framlengingu kjarasamninga í haust til að tryggja frið á vinnumarkaði, stóraukna áherslu á heilbrigða stjórnarhætti, upplýsingamiðlun, gagnsæi og jafnréttismál.

Í ár bar Viðskiptaþing yfirskriftina „Er framtíð fyrir íslenskt atvinnulíf?". Þó svo að atvinnurekendur séu uggandi um framtíðina er svarið við spurningunni augljóst. Á meðan Ísland er í byggð er framtíð fyrir atvinnulífið. Það sem hinsvegar ræður lífskjörum hér til framtíðar er hvernig gengur að koma almennum atvinnurekstri aftur á réttan kjöl, hvernig gengur að skapa verðmæti, störf og skatttekjur.

Þar kemur til kasta stjórnvalda og samstarfs þeirra við atvinnulíf. Eins og fram kom á Viðskiptaþingi í síðustu viku eru fulltrúar stjórnvalda og atvinnulífs að þessu leyti sammála. Í ljósi þess er það mín von að fulltrúar atvinnulífs og stjórnvalda leggi meiri rækt við skilvirkt og uppbyggilegt samstarf sem færir okkur nær markmiðum um verðmætasköpun, hagvöxt og endurreisn hagkerfisins. Við höfum ekki efni á öðru.

*Höfundur er formaður Viðskiptaráðs Íslands.*


Auglýsingasími

512 54 01




Allt sem þú þarft...

**VIÐHALD 2010** er sýning um viðhaldsmál fyrir húseigendur sem haldin verður í Smáralind um næstu helgi. Þar fá einstaklingar, húseigendur og húsfélög upplýsingar um skattamál, réttindi, skyldur, tryggingar, fjármögnun og margt annað.



# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




í bústaðinn og á heimilið
Opið: má-fö. 12-18
Dalvegi 16a,
Rauðu múrsteinshúsunum
Kóp. 201 - S: 517 7727
www.nora.is
Comptoir de Famille
Nóra




Jón Yngvi með ísvélina sem hann segist nota aðeins sjaldnar eftir að ísbúð var opnuð hinum megin við götuna. Á bak við hann eru dóttirin Silja og Margrét Erla Þórsdóttir, vinkona hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Slær í gegn á heimilinu með rifsberjaísnum

**Jón Yngvi Jóhannsson bókmenntafræðingur þarf engan umhugsunarfrest þegar hann er spurður hver sé eftirlætisgripur hans á heimilinu. Valið er einfalt því hann á ísvél sem ótvírætt er í fyrsta sæti.**

„Konan mín gaf mér þessa ísvél í jólagjöf fyrir nokkrum árum og hún er uppáhaldið mitt í eldhúsinu,“ segir Jón Yngvi glaðlega og bætir við að frúin njóti að sjálfsögðu góðs af þeirri gjöf. „Hún segist að minnsta kosti hafa gefið mér hana í eigin hagsmunaskyni,“ segir hann hlæjandi. Heldur hefur þó dregið úr notkun vélarinnar á síðustu mánuðum að hans sögn. „Ég bý aðeins sjaldnar til ís núna en ég gerði til að byrja með,“ viðurkennir hann og gefur upp ástæðuna. „Ég bý við Laugalækinn og þar var opnuð fyrirtaks ísbúð fyrir nokkrum mánuðum sem ótrúlega freistandi er að fara í. Samt nota ég vélina alltaf öðru hverju.“

Ein þekktasta afurðin hjá Jóni Yngva er berjaís, að því er hann upplýsir. „Ég er með dellu fyrir íslensku hráefni og bý til rifsberjaís sem er bleikur og fallegur. Nú var ég bara dálítið latur að tína rifsber síðasta sumar en amma mín í sveitinni á svo mikið af rifsberjarunnum að það dugar fyrir alla ættina. Þar fæ ég rabarbara líka sem ég bý til ís eða sorbet úr og þessi framleiðsla er ekki bara vinsæl hjá mér heldur öllum á heimilinu.“

Engin rós er án þyrna og Jón Yngvi lenti í smá hremmingum með þessa góðu græju. „Ég varð fyrir því að tapa einu stykki úr vélinni – ég veit það hljómar illa fyrir konuna mína – en hún henti úr henni hrærispaðanum í tiltekt, hann fylgdi óvart með gamalli matvinnsluvél sem var verið að henda. Ég lenti í vandræðum því þetta er svo lítill hlutur að umboðið á Íslandi harðneitaði að selja mér hann og þrætti fyrir að hægt væri að panta hann. Ég þurfti sjálfur að hafa fyrir því að finna hann á Netinu og kaupa hann beint utanlands frá. Síðan hef ég ekki treyst lagermönnum í sambandi við varahluti í heimilistæki enda hef ég oftar þurft að panta þá sjálfur,“ segir Jón Yngvi og hvetur fólk til þess að henda ekki búshlutum þótt því sé haldið fram í verslunum að varahlutir séu ekki til. *gun@frettabladid.is*


GEZE
Rennihurðabrautir
Fyrir vegghengdar glerhurðir



JÁRN&GLER
Járn & Gler ehf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-www.jarngler.is



;ALLT TÍSKA

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



Allt fyrir **góðan svefn** og **betri heilsu**

IQ-CARE
HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

**Fermingartilboð sjá www.svefn.is**

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 - Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

**ZAHA HADID** er bresk/íraskur arkitekt. Hún varð fyrst kvenna til að hljóta æðstu verðlaun arkitekta í heiminum, Pritzker-verðlaunin. Hún hefur bæði hannað hús og húsgögn.



Rope Yoga

Námskeið hefjast 1. og 2.mars. Unglinganámskeið hefst 3.mars




www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

;ALLT ÚT AÐ BORÐA

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is




### Nýlegt og vandað heilsárshús til sölu í landi Kiðjabergs





Húsið stendur á 1,45 ha leigulóð við einn glæsilegasta golfvöll landsins og er 240 fm að stærð. Aðalhæðin er 100 fm, risið er 40 fm og kjallarinn er 100 fm. Hæðin skiptist í 3 hjónaherbergi, gott baðherbergi og alrými með stofu, borðstofu og eldhúsi. Í risi er svefnaðstaða og gott sjónvarpshol. Í kjallara er gott pláss fyrir bíla, golfbíla og annan sportbúnað og/eða svefnherbergi, allt eftir þörfum hvers og eins.

Allt í kringum húsið er verönd. Glæsilegt útsýni yfir golfvöllinn, út yfir Hvítá og allan fjallahringinn.

Upplýsingar gefnar í síma 660-4088 eða gudmunds@talnet.is

# Til sölu
## Vesturgata 6-8 & 10-10a



Tilboð óskast í heildareignina c.a. 1500m²
Vesturgata 6-8 er fullbúinn veitingastaður með leyfi fyrir allt að 200 manns. Hagstæð langtímalán allt að 80% með 5.5% föstum vöxtum geta fylgt fyrir traustan kaupanda.
**Upplýsingar veitir Aron í s. 861 3889**
**aronpk@gmail.com**

# 512 54 01

Auglýsingasími




Allt sem þú þarft...




# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er með **212%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Munur á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins hefur aldrei verið meiri eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

Allt sem þú þarft...

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI



Toyota Land cruiser 120 LX ,35, árg. 5/2007, ek. 51þús.km, sjálfsk, ,35 breyttur, rafmagn, dráttarbeisli, CD, omfl, Topp eintak og lítur út sem nýr!, Ásett verð 7290þús.kr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



Suzuki Grand Vitara 4x4 árg 2007 ekinn 67Þús. Sjálfskiptur.ATH skipti á ódýrari. S: 8982811



Til sölu wv póló comfortline árg. 2000 1,4 beinsk ek 101 þús. 5-dyra svartur cd toppbíll bílalán ca 200 þús. verð 475 þúsund uppl. í gsm 699 7716



BMW 745i 7/2002, ek. 113þ, nýyfirfarinn og skoðaður, ásett 4m, aðeins 2.690stgr. Uppl. 8484962



Ford Explorer Sport Trac árg 03 ekinn 110Þ. bíll í toppstandi ásett verð 1.390þ tilboð 1.100þ ATH skipti á dýrari jeppa 2.000 -3.500þ s. 893-3347



Til sölu Hyundai Starex 4x4 árg.'02, Ek. 81 þ. Vel með farinn 7 manna frábær fjölskyldubíll, lúxus innrétting, dráttarbeysli, Verð 1090 þ. Uppl. í síma 6648363

Mazda 6 árg. ,03 bensín ek. 156þ. Verð 1300þ. Uppl. í s. 848 0210.

Til sölu Opel Astra árg. ,97 þarfnast lagfæringar. Tilboð óskast. Uppl. í s. 864 2744.

**Bátar og búnaður**
Vegna mikillar eftirspurnar vantar grásleppunet, netaspil, niðurleggjara, til sölumeferðar. Vantar allar gerðir báta á söluskrá. Mikil eftirsurn. S. 551 7282 og 893 3985. hibyliogskip@hibyliogskip.is hibyliogskip.is

### 250-499 þús.

Til sölu Renault Megane 1999. Góður bíll. Vetrar- og sumardekk. Ekinn 105 þús. Verðhugmynd 280 þús. Hringdu í síma 4522772 eftir klukkan 15:00 í dag.

### Bílar óskast

Óska e.að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl.í s:866-0471

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

**Polo, Golf eða Mazda óskast**
Árg. 1998-2002 fyrir 100-300 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 772-5450.

### Jeppar



Nissan Patrol GR árg 2004 ekinn 119. ARB loftlás að framan, loftdæla, loftkútur, aukatankur, toppgrind, spiltengi. 44" á 14" felgum, kassi á afturhurð, smurbók frá upphafi.Verð 4,280. S: 898-2811.

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Pallbílar



Dodge Ram 2500 Laramie 5,9 Diesel árg 2004 ekinn 100Þús km.Lok á palli. Leður.Góður bíll.Verð 3,350.S: 898-2811.

### Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Mótorhjól



Ný Polaris 850 Touring 2010, hvít númer, Vökvastýri, 70hp, Sjá www. motorhjol.net, nánari upplýsingar í 8246600






### Vélsleðar




### Hjólhýsi




### Vinnuvélar



Eigum til Fjölplóg á lager. Aflvélar ehf www.aflvelar.is S: 480-0000.

### Lyftarar

Til sölu Steinbock rafmagns lyftari, 1,2 tonn, er gamall, verð: 45 þús. Uppl. í s: 894 6633.

### Bátar






**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 www.sjo.is

Allt fyrir háþrýst vökvakerfi. Dælur, mótorar, fittings, viðgerðir og fl. Vökvatæki ehf 561-2209

### Bílaþjónusta

**nú þú** Sjálfsþjónusta

Bjóðum upp á aðhliðar viðgerða aðstöðu á samt aðstöðu til olíu skipta, bón og þrif. Einnig tökum við að okkur viðgerðir og þrif á bíllum. Opið alla daga 9 - 23 Sími 555 7900, Hvaleyrabraut 2, 220 Hafnarfirði.

### Hjólbarðar




**Þarftu að láta hjólastilla bílinn?**
Við notum fullkomna hjólastillitölvu.

PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði

### Varahlutir




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www. netpartar.is

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**partabílar.is 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara ,05 Yaris ,05 BMW 525 disel ,02 Honda Civic ,97 Renult Kango ,99, Dodge Carvan ,97 og Nissan Primera ,99, almera ,99, Peugot 306 ,98. Kia Spotage ,00, Jeep Grand Cheroke 4,7 ,99 Kaupum bíla í niðurrif.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Japanskar Vélar Varahlutasala**
Erum að rífa MMC Pajero/Montero ,00-'05. L200/Izuzu pick up ,00-'07. Susuki Vitara/Liana/Swift ,00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex. ,00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail ,02-'08. VW/skoda ,00-'05. Mazda/Ford ,00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet ,05-'06. Citroen C2/C3 ,02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opið 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. www.carparts.is

**Musso varahlutir.**
Erum að rífa Musso 96-04.Hyundai H 1 99.Nissan Double Cap 97.Isuzu Trooper 99.Landrover Discovery 98.Lanos 00-02.Nubira 02.Galloper 00.Cherokee 94.Ford 250 04.Korando 98.Kia Sportage 97.Suzuki Swift 91.Hyundai Accent 95.Kaupum bíla til niðurrifs. Musso varahlutir Kaplahrauni 9 Hf.. S.864 0984.

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Veislusalur til leigu með eða án veitinga. Uppl. s. 696 2242.

### Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

**A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.






### Til sölu







# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. www.rkb.heilsuskyrsla.is. Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

**ÓKEYPIS RÁÐGJÖF Í ÞYNGDARSTJÓRNUN!**
Hringdu núna, Drífa 695 8464, Pétur 772 1035 Katrín 699 6617.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

**J. B. HEILSULIND Tilboð 2 fyrir 1**
Skrúbb, heitur pottur og nudd kr.11.000. Tilboð í DETOX og svæðanudd 2fyrir1 kr.9000. Nudd ýmsar tegundir, slökun, ljúffengar veitingar, snyrting, næringar, vítamín og heilsuráðgjöf. Málverkasýning Unu á staðnum. Pantarnir 445 5000. Velkomin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL OF ICELANDIC

**ICELANDIC - ANGIELSKI dla POLAKÓW NORSKA - ENSKA fyrir BÖRN**
ICELANDIC: Level I: 4 weeks Md to Fr; 10-11:30/18-19:30, start 1/3, 29/3, 26/4. Level II: 4 w. Md to Fr; st. 19:45-21:15, st 1/3, 29/3, 26/4. Level III: 4w.13-14:30 st:1/3, 29/3. Level IV 4w. Mnd-Fri 8-9:30/16-17:30; st.29/3. Level V: 4w. Mnd-Fri 8:00-9:30, st 26/4. ANGIELSKI dla POLAKÓW: Level I: 4 weeks; Md to-Fr; 10-11:30/17:30-19:00 st. 1/3. Level II: 7 w; 10-11:30 or 19:15-20:45 Md,We, Fri, st. 1/3. NORSKA; 4 vikur, mán til fös kl 19:45-21:15, stig I, 29/3 stig II:1/3. ENSKA f. BÖRN 8-12 ára, 12 vikur; mið kl 16:30-17:30: 5/3. Fullorðinsfræðslan, Ármúli 5, s.5881169. www.icetrans.is/ice

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

**www.aksturinn.is S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Grár köttur týndist fyrir 3 vikum, sást seinast við Fossvogskirkjugarð. Eyrna og örmerktur. Fundarlaun gbk@internet.is eða s 696 9978

Springer Spaniel hvolpar til sölu. Uppl. í síma 892 2934.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

Herriffiar á góðu verði Eigum til Schmidt Rubin K11, Mosin Nagant 91/30 og Þýskan Mauser K-98 Sjá nánar á hindrun.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

LMH.IS Leigumiðlun Hafnarfjarðar 517-0150

Vantar eignir á skrá í Hafnarfirði, Kópavogi og nágrenni, www.lmh.issími 517-0150.

STAY APARTMENTS

**STAY APARTMENTS - VIKULEIGA**
Vikuleiga á vönduðum stúdíó íbúðum og stærri íbúðum í 105 Rvk. Studio íbúðir frá 25.000 kr. 2ja-3ja. herb. frá 35.000 kr. www.stay.is s: 517 4050.

**- Rétt við Hlemm -**
**Notaleg 2 herbergja 50fm risíbúð. 100m í strætó.**
**Upplýsingar í síma 864 5477 & eilin@simnet.is**

Falleg 100 fm 4ja herb.íbúð til leigu í Hraunbænum Íb. er á 3/efstu hæð, rúmgóð og vel skipulögð. Geymsla og þvottahús er inn af íb. uppl í 821-6223/663-5363

Stúdíóíbúðir í hverfi 101. Skammtímaleiga/langtímaleiga. Uppl. í s. 866 7511 milli kl. 13-17. Alla virka daga.

## Húsnæði óskast

Einbýli helst á einni hæð m.bílskúr eða raðhús óskast á langtímaleigu gjarnan í Árbæ en allt skoðað. upplýsingar sendist á einbyli2010@visir.is

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu mjög gott 430 fm iðnaðarhúsnæði á smiðjuvegi með góðu auglýsinga gildi í alfaraleið og nægum bílastæðum. Tvær stórar innkeyrsludyr og lofthæð um 5 metrar. Uppl. í s. 820 5207.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

stracta CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í framreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Steinunn, steinunn@laekjarbrekka.is. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

Eld Smiðjan ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan**
Erum með spennandi störf í boði. Kíktu á eldsmidjan.is

**Aukavinna á kvöldin**
Getum bætt við okkur fólki í símasölu. Frá kl. 17:30-21:30 virka daga. Kauptrygging og bónusar. Uppl. í S. 868 4551. Félagaþjónustan.

Fyrirtæki á auglýsingamarkaði, auglýsir eftir sjálfstæðu sölufólki. Aðeins vant fólk kemur til greina. Vinsamlegast sendið upplýsingar á skiltasala@hotmail.com

## Atvinna óskast

Karlmaður óskar eftir vinnu. Er vanur vörubílaakstri og/eða vélavinnu, krana, hjólaskófla, lyftara og fleira. Er einnig þrælvanur járnsmíðavinnu. Get byrjað strax. Upplýsingar í síma 5573391 og 8963331.

# TILKYNNINGAR

## Fundir

FERÐAKLÚBBURINN 4x4

**NULL**
Munið félagsfundinn í kvöld í Mörkinni 6. Dagskrána má sjá á vef félagsins www.f4x4.is Stjórn F4x4.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Strákar spjallið við dömuna**
S. 908 1010 alla daga

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Blaðberinn bíður þín
Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Tilkynningar

Sveitarfélagið Ölfus

## Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Ölfuss á útgáfu framkvæmdaleyfis fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar, þar sem hann liggur innan sveitarfélagsmarka, á svæðinu frá Fossvöllum að Draugahlíð.

Erindi frá Vegagerðinni, dagsett 1. febrúar 2010 um framkvæmdaleyfi fyrir tvöföldun Suðurlandsvegar frá Fossvöllum að Draugahlíðum. Vegurinn er í lögsögu Kópavogs, Mosfellsbæjar, Seltjarnaness og Sveitarfélagsins Ölfuss.

Framkvæmdaleyfi nær til breikkunar Suðurlandsvegar í Sveitarfélaginu Ölfusi á vegkaflanum frá sveitarfélagsmörkum í vestri að Draugahlíðum. Framkvæmdin hefur fengið meðferð skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Álit Skipulagsstofnunar liggur fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi Aðalskipulag Ölfuss, 2002-2014. Á fundi bæjarstjórnar Ölfuss hinn 25. febrúar 2010 var samþykkt að veita Vegagerðinni fyrrnefnt framkvæmdaleyfi.

Bæjarstjórn hefur kynnt sér matsskýrslu um framkvæmdina og kannað hvort framkvæmdin sé sú sama og þar er lýst. Sveitarfélagið gerði athugasemd við að ekki væri gert ráð fyrir 2+2 vegi alla leiðina frá Hólmsá og að Hveragerði. Bæjarstjórn er samþykk þeirri áætlun sem kynnt er í framkvæmdaleyfisumsókninni, um 2+2 veg frá Fossvöllum að Draugahlíð, sem fyrsta áfanga í verkinu um lagfæringu á Suðurlandsvegi. Bæjarstjórn er samþykk að gatnamótin við Bolöldur verði plan gatnamót og að undirgögn eru færð um 550 m, frá Bolöldu gatnamótum nær Litlu Kaffistofunni. Bæjarstjórn hefur kynnt sér álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum er varðar veginn á milli Hólmsár og Hveragerðis og var hún samþykkt samhljóða.

**Álit Skipulagsstofnunar frá 14. júlí 2009.**
Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að óháð því hvaða kostur verður valinn við að tvöfalda og/eða aðskilja akstursstefnur á Suðurlandsvegi á milli Hólmsár og Hveragerðis, þá hafi þeir allir jákvæð áhrif á umferðaröryggi. Stofnunin telur sig hins vegar ekki hafa forsendur til að leggja mat á hver kostanna sé bestur m.t.t. umferðaröryggis. Neikvæðustu umhverfisáhrif verða vegna lagningar 2+2 vegar með mislægum vegamótum, sem hefur í för með sér verulega neikvæð áhrif á nútímahraun og búsvæði fugla og talsvert neikvæð áhrif á gróður, landslag, fornminjar og útivist. Umferðarmannvirki vegna 2+2 vegar í nágrenni byggðar hafi verulega neikvæð sjónræn áhrif. Áhrif á hljóðvist af 2+2 vegi með mislægum vegamótum og hljóðvörnum muni hins vegar ekki verða verulega neikvæð. Áhrif framkvæmdarinnar á vatnsból og vatnalíf geta orðið talsvert neikvæð verði slys á framkvæmdatíma, en á rekstrartíma verði áhrifin ekki verulega neikvæð. Áhrif 2+2 vegar með vegamót í plani muni verða talsvert neikvæð áhrif á nútímahraun en minni áhrif á lífríki, landslag, útivist, hljóðvist og fornminjar heldur en af 2+2 vegi með mislægum vegamótum. Áhrif 2+1 vegar með vegamót í plani verða nokkuð neikvæð á hraun að mati Skipulagsstofnunar, en ekki verulega neikvæð áhrif á lífríki, landslag, útivist, hljóðvist og fornminjar.

**Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun,**
Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrslu Vegagerðarinnar er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: www.skipulag.is.
Hægt er að lesa um verkið í heild sinni á http://www.efla.is/pages/1070

Framkvæmdaleyfi bæjarstjórnar Ölfuss er kæranlegt til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála og er kærufrestur einn mánuður frá birtingu auglýsingar þessarar. Meðferð er samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

**Bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss.**

**KRISTINN SIGMUNDSSON ER 59 ÁRA Í DAG.**



*„Það er ósköp gott að láta klappa fyrir sér og finna að fólki líkar það sem maður er að gera, en það gefur þessu allt aðra vídd að syngja fyrir sína eigin þjóð.“*

***Kristinn Sigmundsson er einn fremsti óperusöngvari Íslendinga.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 1. MARS 1988**

## Ökuljós allan sólarhringinn



Á þessum degi árið 1988 komu fram ný umferðarlög sem gerðu notkun öryggisbelta að skyldu sem og notkun ökuljósa allan sólarhringinn.

Samkvæmt nýju lögunum varð skylt að nota öryggisbelti í framsæti bifreiða, fyrir utan þess er bifreiðinni er ekið aftur á bak eða hún er kyrrstæð. Þá var ökumönnum leigubifreiða, sendibifreiða og lögreglubifreiða veitt undanþága frá lögunum. Ökumönnum sem brugðust þessum skyldum gátu upp frá þessu búist við fésekt, á þeim tíma 1.000 krónum. Í DV birtist grein 27. febrúar 1988 um væntanleg lög og var því beint til ökumanna að blikka ljóslausa bíla í umferðinni og minna þannig á ljósanotkun.

Árið 1988 voru margir bílar einnig komnir með öryggisbeltisbúnað fyrir aftursætisfarþegana, en þeir farþegar voru ekki skyldaðir til beltanotkunar samkvæmt lögunum. Sérstök hlóðpípa, sem lét í sér heyra ef ljós voru skilin eftir kveikt þegar drepið var á bílnum, var kynnt ökumönnum rækilega enda margur sem flaskaði á því í dagsbirtunni að muna að slökkva ljós bifreiðarinnar.

Bílflautuna sjálfa mátti hins vegar samkvæmt lögunum ekki lengur nota nema ríka nauðsyn bæri til.

**MERKISATBURÐIR**

**1905** Fyrsta íslenska símaskráin kemur út. Í henni eru 99 símnotendur skráðir.

**1940** Vélbáturinn Kristján frá Sandgerði kemur að landi eftir að hafa verið talinn af. Skipsverjar höfðu lifað tólf daga hrakninga af með því að eima vatn.

**1961** Fyrstu kosningarnar eru haldnar í Úganda.

**1970** Ísland gerist aðili að EFTA, Fríverslunarsamtökum Evrópu.

**1989** Bjórsala og -framleiðsla er leyfð eftir 74 ára bann.

**1991** Göngin gegnum Ólafsfjarðarmúla eru opnuð, þá lengstu göng landsins, um 3.400 metrar.



**FÝLL** Fýllinn er tignarlegur á flugi, enda er hann skyldur albatrosum. MYND/DANÍEL BERGMANN.

**FUGL VIKUNNAR: FÝLL**

## Fýllinn er sestur upp

Þó að kalt sé í veðri og talsvert í sumarið, eru ýmsir fuglar þegar farnir að huga að vorverkunum. Einn þeirra er fýllinn. Hann er nú víða sestur upp sem kallað er, farinn að heimsækja björgin og pörin sest á hreiðursyllur sínar. Fýllinn er úthafsfugl, sem verpur í byggðum í klettum og björgum við sjó eða inn til landsins, stundum ofan á klettaeyjum eða dröngum. Fýlar hverfa að mestu frá landinu á haustin og halda sig í norðanverðu Atlantshafi, en heimsækja þó oft vörpin í mildu veðri og eru sestir upp snemma. Fýll hefur breiðst mjög út á undanförnum áratugum og öldum og hefur fært sig inn til landsins, stundum tugi kílómetra frá sjó. Hann verpur hvergi fjær sjó í heiminum en í Markarfljótsgljúfri í Emstrum. Sú saga að fýllinn þurfi að sjá sjó til að geta hafið sig til flugs stenst því ekki. En hann sækir sér æti til sjávar, hvar sem varpstöðvarnar kunna að vera. Fýllinn er stór sjófugl sem minnir á máf, þéttvaxinn og hálsdigur með langa og mjóa vængi. Hvítleitur á höfði, hálsi og að neðan. Grár að ofan og á yfirvængjum, með dökka vængbrodda. Fýllinn telst til pípunasa, nasirnar eru í pípum ofan á goggmæninum. Fýll er auðgreindur frá máfum á einkennandi fluglagi, tekur fáein vængjatök og lætur sig svo svífa á stífum vængjunum. Hann er léttur á sundi en á oft erfitt með að hefja sig á loft, sérstaklega í logni. Leitar sér ætis bæði á flugi og syndandi, gjarnan kringum fiskiskip, í höfnum og við fiskvinnslustöðvar. Sjómenn kalla hann múkka.

**www.fuglavernd.is**



**NÝIR TÍMAR** Guðjón Hafliðason, varaformaður KRAFT, segir miklu muna fyrir kraftlyftingamenn að grein þeirra njóti sömu réttinda og aðrar íþróttagreinar í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS: Á 25 ÁRA AFMÆLI

## UPPGANGUR Í KRAFTLYFTINGUM

Kraftlyftingasamband Íslands, KRAFT, var stofnað 2. mars árið 1985. Kraftlyftingar höfðu þá verið stundaðar á Íslandi frá því um 1960. Kraftlyftingasambandið gekk inn í Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands fyrir ári og varð þá að nefnd innan félagsins. Þessa dagana stendur KRAFT hins vegar á tímamótum því ÍSÍ hefur gefið grænt ljós á að KRAFT geti orðið að Kraftlyftingasambandi innan ÍSÍ.

„Við erum mjög ánægð með það spor að vera komin inn í ÍSÍ en margir hafa unnið gríðarlega vinnu í því ferli,“ segir Guðjón Hafliðason, varaformaður KRAFT. „Núna gefst kraftlyftingamönnum tækifæri til að stunda sína íþrótt innan ÍSÍ með því að vera meðlimir í KRAFT en nú starfar KRAFT þar á sömu forsendum og önnur íþróttafélög. Daginn sem við gengum inn í ÍSÍ urðum við að nefnd og lögðum formlega niður Kraftlyftingasambandið en ferlið að geta orðið samband innan ÍSÍ er misjafnlega langt. Okkar vinna hefur staðið í ár sem þykir fremur gott en til að geta orðið samband urðum við að hafa ákveðinn fjölda félagasambanda sem stunda kraftlyftingar og einnig fóru nefndir innan ÍSÍ yfir lög KRAFT til að samræma þau við lög ÍSÍ.“

Að sögn Guðjóns hafa kraftlyftingamót undanfarið verið þau stærstu í sögu kraftlyftinga og hefur innganga í ÍSÍ breytt miklu. „Okkar sterkasta fólk hefur verið að fá styrki til að ferðast, en hingað til hafa félagsmenn þurft að fara á mót á eigin kostnað. Þannig erum við farin að njóta þess að eiga sömu möguleika og aðrar íþróttagreinar í landinu. Orðspor okkar er líka rísandi þar sem að við höfum náð að reka það orð af okkur að kraftlyftingamenn séu steranotendur, enda var það aldrei satt, og höfum við náð að standast öll lyfjapróf sem hafa verið tekin síðan við gengum inn í ÍSÍ.“

Margir sterkir kraftlyftingamenn eru á Íslandi að sögn Guðjóns en þekktustu nöfnin í gegnum tíðina eru Jón Páll Sigmarsson, Skúli Óskarsson og Auðunn Jónsson er einn þeirra sem hvað fremstir standa í dag. „Okkar fremsta fólk, svo sem Skúli, hefur verið hlynnt því að ganga í ÍSÍ en stjórnin, með formann okkar, Sigurjón Pétursson, í fararbroddi, hefur unnið mikla vinnu. Sigurjón er fyrrum varaformaður Handknattleikssambands Íslands og við erum heppin að hafa hann þar sem hann þekkir vel til innan ÍSÍ. Við hlökkum til að sjá greinina dafna nú innan ÍSÍ og teljum hana eiga mikla framtíðarmöguleika hér á landi.“

**juliam@frettabladid.is**

†



*Ástkær eiginkona mín, dóttir mín, móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,*

**Guðrún Þóra Magnúsdóttir**

andaðist miðvikudaginn 24. febrúar.
Útför fer fram í Dómkirkjunni föstudaginn 5. mars kl. 13.

**Sigurður Gizurarson**
**Júlía Jónsdóttir**
**Dagmar Sigurðardóttir** **Baldur N. Snæland**
**Magnús Sigurðsson** **Karen Z. Zurga**
**Júlía Sigurðardóttir**
**Gizur Sigurðsson**
**Ólafur Sigurðsson**
**Ingibjörg Sigurðardóttir, Arnar Loftsson,**
**systkini og barnabörn.**

## Stærsta hraunkeramikverk landsins

Unnið er við hreinsun og viðgerð á stærsta hraunkeramikverki landsins þessa dagana en verkið tekur yfir eina 20 fermetra. Þetta er verkið Árdægur eftir listamanninn Ragnar Kjartansson sem sett var upp í samkomuhúsinu Stapanum í Keflavík árið 1965. Ragnar vann verkið úr leir og hraunsalla af Reykjanesinu en hann var einmitt upphafsmaður hraunkeramiks á Íslandi. Árdægur var farið að láta á sjá eftir árin 45 og tóku myndhöggvararnir Ragnhildur Stefánsdóttir og Inga Ragnarsdóttir, dóttir listamannsins, að sér að hreinsa verkið og gera við það og þeim til aðstoðar var Friðrik Örn.

Stapinn er hið fornfræga samkomuhús Suðurnesjamanna og nú er unnið af kappi við endurgerð hans. Hann verður fyrsti hluti Hljómahallarinnar í Reykjanesbæ sem tekin verður í notkun og er formleg opnunarhátíð áætluð nú í mars en Tónlistarskóli Reykjanesbæjar og Poppminjasafn Íslands munu fylgja í kjölfarið á næstu mánuðum.



**VIÐ ÁRDÆGUR** Ragnhildur Stefánsdóttir, Inga Ragnarsdóttir og Friðrik Örn við listaverkið í Hljómahöllinni. MYND/VALGERÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

†

## Æviminning



Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**


KRÓNAN
ódýr fyrir alla!
598 kr. kg
Krónu kjúklingur, heill
1698 kr. kg
Krónu kjúklingabringur
KJÚKLINGAVEISLA
1399 kr. kg
Ódýrt kjúklingafille frosið
199 kr. kg
Ódýrir kjúklingavængir frosnir
998 kr. pk.
Kjúklingasnitsel frosið, 800 g
30% afsláttur
1599 kr. kg
Matfugl kjúklingafahítas
verð áður 2299
30% afsláttur
1385 kr. kg
Matfugl kjúklingaborgarar 4 stk.
verð áður 1978
998 kr. pk.
Kjúklingabollur frosnar, 800 g
30% afsláttur
1459 kr. kg
Matfugl kjúklingamánar pipar og skinka & ostur
verð áður 2085
30% afsláttur
1385 kr. kg
Matfugl partýbollur
verð áður 1978
30% afsláttur
1459 kr. pk.
Matfugl naggar, 400 g
verð áður 2085

Ný og persónuleg jógastöð

Nýtt 4 vikna byrjendanámskeið hefst 1. mars. Skráning hafin í síma 695 8464 / 772 1025 eða á jogastudio.org

• Hot jóga • Hatha jóga • Byrjendanámskeið • Krakkajóganámskeið

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.org


# Mundu mig – ég man þig

**BAKÞANKAR**
**Gerðar Kristnýjar**

Dagblaðaútgáfa verður seint talin arðvænleg á Íslandi. Markaðurinn er lítill og það kemur vitaskuld bæði niður á auglýsinga- og lausblaðasölu. Lítið rúm virðist vera fyrir neina sérhæfingu. Um leið og einhver fjölmiðillinn dettur niður á sniðugheit eru hinir ekki seinir að vilja reyna sig líka. Blöðin hafa, líkt og aðrir fjölmiðlar, þurft að sigla í gegnum djúpa öldudali og margir því miður sokkið með manni og mús. Atvinnuöryggið hefur í raun aldrei þvælst fyrir á íslenskum dagblaðamarkaði og það hefur heldur betur sýnt sig á síðustu mánuðum þegar hverri kanónunni á fætur annarri hefur verið sagt upp.



**EN** hún er mörg matarholan og Morgunblaðið og Fréttablaðið hafa þurft að sýna nokkra hugmyndaauðgi í að finna leiðir til að hressa fjárhaginn við. Margt hefur verið reynt, svo sem að gefa út á aukablöð helguðum vinnuvélum eða húsbúnaði, freista áskrifenda með dýrindis siglingum um höfin sjö og svo hefur jafnvel verið brugðið á það ráð að skipta um karla í brúnni. Eitt síðasta útspilið gefur til kynna að markaðsstjórar Morgunblaðs og Fréttablaðs hafi lagst yfir kvikmyndir Ingmars Bergmann í leit að nýjum hugmyndum, hitt þar fyrir sjálfan „döden” og tekið við hann eina skák.

**AÐ** minnsta kosti hefur sú niðurstaða fengist á báðum bæjum að ráðlegast sé að veðja á minningargreinarnar, efni sem Morgunblaðið hefur fengið að sitja eitt að fram að þessu og skuggalega oft verið það áhugaverðasta með morgunkaffinu. Ekki fyrr hafði Fréttablaðið boðið lesendum að skrifa minningarorð um látna en Morgunblaðið tók að auglýsa: „Allar minningar á einum stað“. Þessa dagana stingur það upp á því við lesendur sína í hverri heilsíðuauglýsingunni á fætur annarri að kaupa innbundna bók með minningargreinum um sína nánustu – eða bara hvern sem er.

**NÚ** þarf enginn lengur að taka fram skærin og klippa greinarnar út, heldur föndrar Mogginn þetta bara fyrir mann og lætur binda inn í svokallaða Minningabók. Morgunblaðið þiggur auðvitað þóknun fyrir en ekki hef ég hugmynd um hvernig greiðslu verður háttað til höfundarrétthafa, það er að segja þeirra sem skrifuðu minningargreinarnar. Það er nokkuð kaldhæðnislegt að lífróður dagblaðanna skuli hafa tekið þessa stefnu, beint í opinn dauðann.


TIGER ORKUDRYKKUR



Polski produkt
Pij schłodzony!

199,-

GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8


## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli





BÓKABÚÐIN BERGSTAÐASTRÆTI

ÚTSALA



Allt að 80% afsláttur


### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


FLUGFELAG.IS
VESTMANNAEYJAR 1995
(ÞJÓÐHÁTÍÐ)
EGILSSTAÐIR 1998
ÍSAFJÖRÐUR 2000
EGILSSTAÐIR 2003
AKUREYRI 2006
SKEMMTUM OKKUR
INNANLANDS
Ljóslifandi minningar um notalega helgi við lítinn fjörð. Göngutúr út eftir eyrinni. Koss við höfnina. Maður verður betra foreldri af því að komast að heiman af og til. Ekki of langt. En nógu langt.
FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.*
FLUGFÉLAG ÍSLANDS
ÍSLENSKA/SIA.IS/FLU 47188 09/09
*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE REBOUND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE REBOUND VIP | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE WOLFMAN VIP | kl. 5:50 | VIP |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:30 | L |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 3D | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | 7 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| THE REBOUND | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| INVICTUS | kl. 8 | L |
| BROTHERS | kl. 10:40 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30D | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6D Síðastu sýningar | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl 8 | 12 |
| BROTHERS | kl 10:20 | 12 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |

já – er svarið. NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3.30 LÚXUS | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 ísl.tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.30 íslenskt tal | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 5.50 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 5 | 10 |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| LEAP YEAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 | 10 |
| IT´S COMPLICATED | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Sími: 553 2075
- bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 7 og 10 | |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |




**RAGNAR** Ragnar Bragason verður að teljast einn sigursælasti leikstjóri Eddunnar en bæði Fangavaktin og Bjarnfreðarson fóru klyfjaðar heim af verðlaunagripum.

# EDDU-SIGUR VAKTARMANNA

**Eddu-verðlaun sjónvarps-og kvikmyndaakademíunnar voru veitt við hátíðlega athöfn á laugardagskvöld fyrir framan troðfullan sal Háskólabíós. Vaktarflokkurinn, Þóra Arnórsdóttir og Egill Helgason voru sigurvegarar kvöldsins.**

Prúðbúnar stjörnurnar fylktu liði niður í Háskólabíó þar sem Baltasar Kormákur tók á móti þeim en kvikmyndaleikstjórinn var kynnir kvöldsins. Opnunarræða hans hófst með föstum skotum á menntamálaráðherrann Katrínu Jakobsdóttur sem sat á fremsta bekk og Pál Magnússon útvarpsstjóra. Baltasar gleymdi hins vegar að bjóða Katrínu Júlíusdóttur iðnaðarráðherra velkomna, en baðst afsökunar á því síðar um kvöldið þegar hún steig á svið og afhenti verðlaun.

Þetta var annars kvöld Vaktar-flokksins sem stóð á bak við Næturvaktina, Dagvaktina og Fangavaktina auk kvikmyndarinnar Bjarnfreðarson. Jón Gnarr var valinn besti leikarinn, Fangavaktin best leikna sjónvarpsefnið, Ragnar Bragason og flokkurinn allur fékk verðlaun fyrir handritið og svo var Bjarnfreðarson kjörin besta kvikmynd ársins. Þóra Arnórsdóttir og Egill Helgason geta einnig vel við unað; spurningaþáttur Þóru og Sigmars Guðmundssonar, Útsvar, var besta skemmtiefnið í sjónvarpi og Þóra var valin sjónvarpskona ársins. Egill fékk síðan verðlaun fyrir bæði Kiljuna og Silfur Egils. - fgg



Pétur Jóhann Sigfússon mátti horfa á eftir verðlaununum sem besti leikari ársins í hendurnar á Jóni Gnarr. Hann var þó brosmildur ásamt spúsu sinni, Sigrúnu Halldórsdóttur.



Egill Helgason fékk tvenn Eddu-verðlaun, fyrir bókaþáttinn Kilju og svo Silfur Egils. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, spjallaði eilítið við hann, eflaust um eitthvað allt annað en Icesave.



Þóra Arnórsdóttir sló í gegn á árinu ef marka má Edduna, Útsvar var besta skemmtiefnið og Þóra var sjónvarpskona ársins. Svavar Halldórsson, eiginmaður hennar, var að sjálfsögðu á svæðinu.

## HELSTU VERÐLAUNAHAFAR

| | |
|---|---|
| Kvikmynd ársins: | Bjarnfreðarson |
| Leikið sjónvarpsefni ársins: | Fangavaktin |
| Leikstjóri ársins: | Ragnar Bragason |
| Leikari ársins: | Jón Gnarr |
| Leikkona ársins: | Kristbjörg Kjeld |
| Meðleikari ársins: | Björn Thors |
| Meðleikkona ársins: | Guðrún Gísladóttir |
| Sjónvarpsmaður ársins: | Þóra Arnórsdóttir |


d:fi

POWER VIKA

1.– 5. MARS

Þú kaupir eina d:struct 150g og færð eina 75g frítt með. Fæst á næstu hársnyrtistofu





## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Mánudagur 01. mars 2010**

### ➜ Tónleikar

**17.30 Jón Guðmundsson** þverflautuleikari og **Aðalheiður Eggertsdóttir** píanóleikari koma fram á Te og tónlist tónleikum **Bókasafns Seltjarnarness.** Allir eru velkomnir og enginn aðgangseyrir.

**21.30 Bop Galeiðan** kemur fram á tónleikum Bebopfélagsins sem í kjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu 18. Djammsessjón verður eftir hlé.

### ➜ Sýningar

**Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu** hefur verið opnuð ljósmyndasýning **Sigurgeirs Sigurjónssonar** „Íslendingar". Ennig stendur þar yfir sýningin **Póstkortaár** sem listakonurnar Vera Sölvadóttir og Jarþrúður Karlsdóttir hafa sett upp sem og sýning á verkum efir listakonuna Yst. Opið alla daga kl. 11-17.

### ➜ Tangó

**Tangóævintýrafélagið** stendur fyrir æfingakvöldi og ókeypis kynningartíma fyrir byrjendur kl. 20-21 á **Oliver** við Laugaveg 18a. Ekki er nauðsynlegt að hafa með dansfélaga.

### ➜ Námskeið

**17.15** Námskeiðið Ítalska fyrir byrjendur hefst hjá **Endurmenntun HÍ** að Dunhaga 7. Kennari er **Maurizio Tani.** Nánari upplýsingar og skráning á www.endurmenntun.is

### ➜ Fyrirlestrar

**12.30 Gústav Geir Bollason** flytur erindi um sýningu sína **Múgavel** sem nú stendur yfir í sýningarrými myndlistardeildar LHÍ að **Laugarnesvegi 91.** Fyrirlesturinn fer fram hjá Opna Listaháskólanum, myndlistardeild í Laugarnesi. Allir velkomnir.



**16.00** Finnsk-sænski fræðimaðurinn **Johanna Koljonen** flytur erindi um menningu norrænna hlutverkaleikja (roleplaying game). Fyrirlesturinn fer fram í Norræna húsinu við **Sturlugötu** og verður fluttur á ensku. Nánari upplýsingar á www.nordice.is.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# NÝJAR SENDINGAR

Stök handlóð 1-20 kg. - Sippubönd - Dyraslár - Boltar - Armbeygjustandar - Dýnur - Pallar o.m.fl.

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
í 22 ár
1988-2010

## TROÐFULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Nýtt

REEBOK PRO.TRAMPOLIN
**Verð kr. 24.995.-**

Nýtt

REEBOK ÆFINGADÝNA
**Verð kr. 9.995.-**


ROPE YOGA BEKKUR
**Verð kr. 69.800.-**
ROPE YOGA FERÐASETT
**Verð kr. 24.995.-**

Nýtt

REEBOK BEKKUR
**Verð kr. 44.995.-**
REEBOK EROBIKPALLUR
**Verð kr. 24.995.-**

Nýtt

YORK LÓÐASETT 1 - 1.5 - 2.5 kg
**Verð kr. 9.995.-**

Nýtt

YORK LÓÐASETT 20 KG.
**Verð kr. 16.995.-**

Nýtt

YORK LÓÐASETT 50 KG.
**Verð kr. 39.995.-**
Æfingakerfi fylgir

KYNNINGAR VERÐ

TRX ÆFINGAKERFI - ÞAÐ HEITASTA Í DAG
**Verð kr. 34.995.-**

Frábært tilboð

PhD DIET WHEY
20-40 skammtar
**1 kg. Verð nú kr. 5.995.-**

Frábært tilboð

PhD PHARMA WHEY 2.25 kg.
90 skammtar
**1 stk. Verð nú kr. 8.995.-**

Frábært tilboð

MAXIMUSCLE Seriously Fit Food
PROMAX 908 gr. +
30 THERMOBOL BRENNSLUTÖFLUR
**Fullt verð kr. 11.490.-**
**Verð nú kr. 7.995.-**

Frábært tilboð

MAXIMUSCLE Seriously Fit Food
CYCLONE 1200 gr. + KASSI AF 480 GR.
CYCLONE VÖÐVABYGGINGARBLÖNDU
**Fullt verð kr. 14.900.-**
**Verð nú kr. 9.995.-**



**Vortilboð á**
**SLENDERTONE™**

System belti herra / dömu
kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar
kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar
kr. 34.995.-

**Allar frekari upplýsingar á www.hreysti.is**

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

## > Bikar-Gurrý stóð undir nafni

„Þetta var bara stórkostlegt og mér fannst þetta bara vera virkilega verðskuldaður sigur. Frábært líka að Pæja [Pavla Nevarilova] hafi skorað sigurmarkið því hún var yfirburðamaður í vörn hjá okkur þó svo að hún hafi ekki fundið sig í sókninni," sagði Guðríður Guðjónsdóttir aðstoðarþjálfari nýkrýndra bikarmeistara Fram. Guðríður þekkir manna best hvernig er að vinna í höllinni en hún hefur alls tekið þátt í 16 bikarúrslitaleikjum, þar af 15 með Fram og unnið 13 sinnum eða öll skiptin sem Fram hefur unnið bikarinn til þessa.



# sport

sport@frettabladid.is

EIMSKIPSBIKAR KARLA OG KVENNA: VARNARLEIKUR Í FYRIRRÚMI OG MARKVERÐIR LIÐANNA STÁLU SENUNNI

# Okkur hungraði einfaldlega meira í titilinn

Það var sannkölluð bikarstemning í Laugardalshöll á laugardaginn þegar úrslitaleikir Eimskipsbikars karla og kvenna í handbolta fóru fram. Mikil barátta einkenndi báða úrslitaleikina þar sem stífur varnarleikur var í aðalhlutverki. Raunar voru það markverðir liðanna sem stálu senunni í höllinni því í karlaleiknum var Birkir Ívar Guðmundsson hjá Haukum stórkostlegur og Hlynur Morthens hjá Val stóð einnig fyrir sínu. Í kvennaleiknum fóru landsliðsmarkverðirnir Íris Björk Símonardóttir hjá Fram og Berglind Íris Hansdóttir hjá Val svo hamförum.

Birkir Ívar skellti í lás á stórum leikköflum í 23-15 sigri Hauka gegn Val en Valsmenn skoruðu aðeins tvö mörk á fyrsta stundarfjórðungi leiksins og aðeins eitt mark á síðustu tíu mínútum leiksins.



„Ég var búinn að koma tvisvar sinnum áður í höllina og tapaði þá í bæði skiptin og í bæði skiptin voru það markverðir andstæðinganna sem kláruðu leikina fyrir þá. Það var enginn möguleiki á að ég myndi láta það gerast í þriðja sinn. Annars held ég að sigurinn skrifist bara á hungrið, okkur hungraði einfaldlega meira í titilinn," sagði Birkir þegar bikarmeistaratitillinn var í höfn.

Kvennalið Fram hefur ef til vill fyrst og fremst orð á sér fyrir að vera frábært sóknarlið en Framstúlkur sýndu og sönnuðu að þær geta einnig spilað frábæra vörn þegar þær unnu 20-19 sigur gegn Val.

„Við mættum grimmar en samt afslappaðar til leiks og það gerði gæfumuninn því þannig spilum við best. Ég er ósammála því þegar fólk segir að við séum bara sóknarlið því varnarleikurinn er búinn að vera frábær hjá okkur í allan vetur og þessi leikur var bara framhald af því," sagði Íris Björk.



**FRÁBÆR** Guðmundur fagnar hér ásamt Pétri Pálssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Guðmundur Árni Ólafsson:

## Ég er bara mjög sáttur með mitt

**HANDBOLTI** „Þetta er náttúrulega alveg ný reynsla fyrir mig að spila svona stóran leik hér á Íslandi. Ég hef náttúrulega spilað stóra leiki líka með unglingalandsliðinu en þetta var aðeins öðruvísi og algjörlega frábært. Það er gríðarlega sætt að vinna þennan titil strax á mínu fyrsta tímabili með Haukum," sagði hinn 19 ára gamli Guðmundur Árni Ólafsson, hornamaður hjá Haukum, sem fór á kostum í sigrinum gegn Val í úrslitaleik Eimskipsbikarsins og skoraði úr öllum sjö skotum sínum í leiknum.

„Ég byrjaði á bekknum og fann því ekki fyrir neinni pressu þegar ég kom inn á og skoraði úr vítakasti og það hjálpaði mér að ná kuldanum aðeins úr mér. Ég er bara mjög sáttur með mitt og það er frábært að við séum búnir að ná einum af stóru markmiðum okkar fyrir veturinn," sagði Guðmundur Árni. - óþ



**ÖFLUG** Stella var markahæst hjá Fram með sex mörk. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stella Sigurðardóttir:

## Alltaf að verða betra og betra

**HANDBOLTI** „Við erum búnar að bíða eftir þessum titli í langan tíma og það eru ellefu ár síðan Fram vann síðast. Þá var ég bara lukkutröll uppi í stúku að horfa á Gurrý [Guðríði Guðjónsdóttur, aðstoðarþjálfara Fram] og það er líklega ein af mínum fyrstu minningum af handboltanum. Það var því frábær tilfinning að vera komin í þennan leik núna og uppskera með þessum hætti," sagði stórskyttan Stella Sigurðardóttir hjá Fram sem skoraði 6 mörk í sigri liðs síns gegn Val í úrslitaleik Eimskipsbikarsins.

„Við byrjuðum leikinn af miklum krafti og það var mikil samheldni í liðinu og þetta er alltaf að verða betra og betra með hverjum leik hjá okkur. Við lögðum grunninn að þessum sigri með mjög sterkri vörn auk þess sem Íris Björk stóð sig alveg frábærlega í markinu. Við erum samt ekkert hættar núna. Þetta er bara rétt að byrja hjá okkur," sagði Stella ánægð. - óþ

# Einokun Valsmanna á enda

### Haukar bundu enda á sigurgöngu Vals í Eimskipsbikar karla eftir 23-15 sigur í úrslitaleik í Laugardalshöll. Haukar skoruðu átta mörk í röð á lokakaflanum.

**HANDBOLTI** Haukar urðu bikarmeistarar karla í handbolta árið 2010 um helgina eftir 23-15 sigur gegn Val en Valsmenn höfðu unnið bikarinn í tvö ár þar á undan. Haukar höfðu beðið í átta ár eftir því að vinna bikarinn aftur en Hafnarfjarðarliðið vann bikarinn tvö ár í röð á árunum 2001 og 2002.

„Ég er gríðarlega stoltur af strákunum því við erum búnir að stefna á að vinna þennan bikar og hann var stór áherslupunktur fyrir veturinn fyrir þar sem þetta lið vantaði hann í safnið. Þetta er því stór dagur fyrir Hauka," sagði Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, í leikslok.

Haukar voru alltaf skrefinu á undan Val í fyrri hálfleik þó svo að munurinn hafi aðeins verið eitt mark, 9-8, þegar hálfleiksflautan gall. Fyrri hálfleikurinn einkenndist af gríðarlegri baráttu og stífum varnarleik og markverðir beggja liða voru í fínu formi.

Upphaf seinni hálfleiksins gaf til kynna um að úrslitin myndu líklega ráðast á lokamínútunum eða í framlengingu þar sem mikið jafnræði var með liðunum. Í stöðunni 14-14 mölbrotnaði hins vegar niður leikur Valsmanna og Haukamenn gengu á lagið og skoruðu átta mörk í röð og unnu að lokum öruggan 23-15 sigur.

„Varnarleikurinn var náttúrulega frábær hjá okkur og Birkir Ívar stórkostlegur þar fyrir aftan. Þessi öflugi varnarleikur okkar gerði það að verkum að við vorum með frumkvæðið allan leikinn og á síðustu tíu mínútunum þegar við skiptum yfir í 6-0 vörn þá áttu Valsararnir bara engin svör og við keyrðum yfir þá. Það var því fyrst og fremst varnarleikurinn sem skóp sigurinn," sagði Aron ánægður en kollegi hans, Óskar Bjarni Óskarsson hjá Val, var vitanlega súr í bragði í leikslok.



**ARON Á FLUGI** Þjálfarinn Aron Kristjánsson hjá Haukum er hér tolleraður eftir sigurinn gegn Val í úrslitaleik Eimskipsbikarsins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Lokastaðan segir ekkert um það hvernig leikurinn spilaðist fram að þessum slæma leikkafla hjá okkur. Ég hélt að þetta ætlaði að stefna í einhverja háspennu og jafnvel framlengingu en það var ekki tilfellið. Mér fannst dómararnir Anton og Hlynur dæma vel yfir heildina litið en á þessum lokaleikkafla fannst mér flest öll vafaatriði falla með Haukum og nokkrir furðudómar litu dagsins ljós. Það þýðir hins vegar ekkert að tala um það núna og svona er bara handboltinn stundum.

Ég tek samt auðvitað ekkert af Haukunum því þeir risu upp á lokamínútunum og kláruðu dæmið og það er það sem skilur að þegar upp er staðið," sagði Óskar Bjarni.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLIT

### Eimskipsbikar karla

**Haukar-Valur** **23-15 (9-8)**

**Mörk Hauka (skot):** Guðmundur Árni Ólafsson 7/3 (7/3), Björgvin Þór Hólmgeirsson 5 (12), Sigurbergur Sveinsson 4/2 (12/2), Elías Már Halldórsson 3 (4), Freyr Brynjarsson 2 (5), Gunnar Berg Viktorsson 1 (1), Heimir Óli Heimisson 1 (2), Þórður Rafn Guðmundsson 0/1 (1/1).
**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 25/1 (40, 63%), Aron Rafn Eðvarðsson 1 (2, 50%)
**Hraðaupphlaup:** 5 (Elías Már 2, Guðmundur Árni, Sigurbergur, Gunnar Berg)
**Fiskuð víti:** 6 (Pétur, Freyr, Sigurbergur, Guðmundur Árni, Heimir Óli, Björgvin Þór)
**Utan vallar:** 4 mínútur

**Mörk Vals (skot):** Sigurður Eggertsson 7 (11), Ernir Hrafn Arnarson 3 (7), Orri Freyr Gíslason 2 (2), Arnór Þór Gunnarsson 2 (10/1), Fannar Þór Friðgeirsson 1 (9), Ingvar Árnason 0 (2), Gunnar Ingi Jóhannsson 0 (1), Baldvin Þorsteinsson 0 (1).
**Varin skot:** Hlynur Mortens 19 (41/3, 46%), Ingvar Guðmundsson 2/1 (3/2, 67%)
**Hraðaupphlaup:** 3 (Arnór Þór 2, Sigurður)
**Fiskuð víti:** 1 (Orri Freyr)
**Utan vallar:** 4 mínútur

### Eimskipsbikar kvenna

**Fram-Valur** **20-19 (13-9)**

**Mörk Fram (skot):** Stella Sigurðardóttir 6/1 (17/2), Karen Knútsdóttir 4/1 (10/3), Hildur Þorgeirsdóttir 3 (8), Guðrún Þóra Hálfdánsdóttir 2 (2), Ásta Birna Gunnarsdóttir 2 (3), Marthe Sördal 1 (3), Pavla Nevarilova 1 (3), Sigurbjörg Jóhannsdóttir 1 (4).
**Varin skot:** Íris Björk Símonardóttir 23/1 (42/5, 55%)
**Hraðaupphlaup:** 6 (Guðrún Þóra, Marthe, Stella, Karen, Ásta Birna, Hildur)
**Fiskuð víti:** 5 (Karen 2, Stella, Marthe, Pavla)
**Utan vallar:** 6 mínútur

**Mörk Vals (skot):** Hrafnhildur Skúladóttir 8/4 (19/5), Rebekka Rut Skúladóttir 2 (3), Katrín Andrésdóttir 2 (3), Kristín Guðmundsdóttir 2 (6), Brynja Dögg Steinsen 1 (1), Íris Ásta Pétursdóttir 1 (3), Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 0 (1).
**Varin skot:** Berglind Íris Hansdóttir 23/2 (43/5, 53%)
**Hraðaupphlaup:** 4 (Hrafnhildur, Ágústa Edda, Rebekka Rut)
**Fiskuð víti:** 5 (Hrafnhildur 2, Rebekka Rut, Kristín, Brynja Dögg)
**Utan vallar:** 2 mínútur

Fram vann 20-19 sigur gegn Val í æsispennandi úrslitaleik Eimskipsbikars kvenna í handbolta:

# Fyrsti bikarmeistaratitill Fram í ellefu ár

**HANDBOLTI** „Þetta var geðveikur leikur. Ég veit ekkert hvað ég á að segja. Það bara gekk allt upp hjá okkur, sérstaklega vörn og markvarsla og ég er bara gríðarlega stoltur af stelpunum," sagði Einar Jónsson, þjálfari Fram, í sigurvímu eftir dramatískan sigur liðs síns gegn Val í úrslitaleik Eimskipsbikarsins en línumaðurinn Pavla Nevarilova tryggði Fram sigurinn með bikarinn með marki nokkrum sekúndum fyrir leikslok.

Fram byrjaði leikinn af miklum krafti og komst í 5-0 forystu snemma leiks og leiddi leikinn 13-9 í hálfleik. Valur lét þó ekki slá sig út af laginu og í stöðunni 19-14 náðu Valsstúlkur að skora fimm mörk í röð og jafna leikinn þegar aðeins tæpar tvær mínútur voru eftir. Valur fékk svo boltann þegar tæp mínúta lifði leiks eftir að Berglind Íris Hansdóttir, markvörður Vals, hafði varið glæsilega. Valsstúlkur fóru hins vegar illa af ráði sínu og misstu boltann strax í hendur Framara sem brunuðu í sókn. Berglind Íris varði aftur vel skot Sigurbjargar Jóhannsdóttur en Pavla Nevarilova kastaði sér þá inn í vítateiginn og náði að slá boltann í gegnum klofið á Berglindi Írisi og tryggja Fram ótrúlegan sigur.

„Ég hugsaði bara um að reyna að ná til boltans og reyna að koma honum í markið. Það var ótrúlega sætt að sjá boltann liggja í netinu. Þetta var frábært," sagði Pavla hæstánægð í leikslok.

Stefán Arnarson, þjálfari Vals, var að vonum svekktur í leikslok en hrósaði þó liði sínu fyrir að komast aftur inn í leikinn eftir afleita byrjun.

„Mér fannst frábært hvernig við komum til baka í leiknum og súrt að hafa ekki náð að klára þetta í lokin. Í svona úrslitaleikjum er þetta bara spurning um dagsformið og Fram var einfaldlega sterkara liðið heilt yfir. Við spiluðum ekki nægilega vel en ég tek það ekki af Framliðinu að það átti sigurinn skilið," sagði Stefán í leikslok. - óþ



**LANGÞRÁÐUR SIGUR** Framkonur urðu bikarmeistarar í fyrsta skipti í ellefu ár um helgina og hér lyftir fyrirliðinn Ásta Birna Gunnarsdóttir bikarnum hátt á loft. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL






**adidas F30**
Verð kr. 22.990.-
St. 39 - 45



**adidas F10**
Verð kr. 14.990.- st. 39 – 45
Verð kr. 11.990.- st 35 – 38,5



**adidas adiPure**
Verð kr. 32.990.-
St. 39 - 46



**adidas adiNova**
Verð kr. 16.990.-
St. 39 - 46



**adidas adiQuestra**
Verð kr. 11.990.-
St. 39 - 46



**adidas adiPure Woman**
Verð kr. 29.990.-
St. 36 - 41



**adidas adiNova Woman**
Verð kr. 16.990.-
St. 36 - 41



**adidas adiNova jr**
Verð kr. 12.990.-
St. 35 – 38,5

# Jói útherji
síðan 1999

Ármúla 36 - 108 Reykjavík s. 588 1560 www.joiutherji.is

## ÚRSLIT

### *Enska úrvalsdeildin*

**Chelsea-Manchester City 2-4**
1-0 Frank Lampard (42.), 1-1 Carlos Tevez (45.), 1-2 Craig Bellamy (51.), 1-3 Tevez (76.), 1-4 Bellamy (87.), 2-4 Lampard (90.).
**Birmingham-Wigan 1-0**
1-0 James McFadden (45.).
**Bolton-Wolves 1-0**
1-0 Zat Knight (45.).
**Burnley-Portsmouth 1-2**
0-1 Frederic Piquionne (25.), 1-1 Martin Paterson (31.), 1-2 Hassan Yebeda (76.).
**Stoke-Arsenal 1-3**
1-0 Danny Pugh (8.), 1-1 Nicklas Bendtner (32.), 1-2 Cesc Fabregas (90.), 1-3 Thomas Vermaelen (90+3.).
**Tottenham-Everton 2-1**
1-0 Roman Pavlyuchenko (11.), 2-0 Luka Modric (28.), 2-1 Yakubu Aiyegbeni (55.).
**Liverpool-Blackburn 2-1**
1-0 Steven Gerrard (20.), 1-1 Keith Andrews(40.), 2-1 Fernando Torres (44.).
**Sunderland-Fulham 0-0**

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. Chelsea | 28 | 19 | 4 | 5 | +39 | 61 |
| 2. Man. Utd | 28 | 19 | 3 | 6 | +42 | 60 |
| 3. Arsenal | 28 | 18 | 4 | 6 | +35 | 58 |
| 4. Tottenham | 28 | 14 | 7 | 7 | +23 | 49 |
| 5. Man. City | 27 | 13 | 10 | 4 | +17 | 49 |
| 6. Liverpool | 28 | 14 | 6 | 8 | +17 | 48 |
| 7. Aston Villa | 26 | 12 | 9 | 5 | +16 | 45 |
| 8. Birmingham | 27 | 11 | 7 | 9 | -2 | 40 |
| 9. Fulham | 28 | 10 | 8 | 10 | +3 | 38 |
| 10. Everton | 27 | 10 | 8 | 9 | 0 | 38 |
| 11. Stoke | 27 | 8 | 10 | 9 | -5 | 34 |
| 12. Blackburn | 28 | 9 | 7 | 12 | -15 | 34 |
| 13. West Ham | 27 | 6 | 9 | 12 | -8 | 27 |
| 14. Sunderl. | 27 | 6 | 9 | 12 | -12 | 27 |
| 15. Bolton | 27 | 6 | 8 | 13 | -19 | 26 |
| 16. Wigan | 27 | 6 | 7 | 14 | -27 | 25 |
| 17. Wolves | 27 | 6 | 6 | 15 | -24 | 24 |
| 18. Hull | 27 | 5 | 9 | 13 | -29 | 24 |
| 19. Burnley | 27 | 6 | 5 | 16 | -29 | 23 |
| 20. Portsm. | 27 | 5 | 4 | 18 | -22 | 19 |

### *Enski deildabikarinn*

**Aston Villa-Manchester United 1-2**
1-0 James Milner (víti 5.), 1-1 Michael Owen (13.) 1-2 Wayne Rooney (74.).

### *Enska b-deildin*

**Barnsley-Blackpool 1-0**
Emil Hallfreðsson sat á bekknum hjá Barnsley.
**Coventry-Scunthorpe 2-1**
Aron Gunnars lék allan leikinn fyrir Coventry.
**Reading-Sheffield Wednesday 5-0**
Gylfi Sigurðsson og Ívar Ingimarsson voru í liði Reading en Gunnar Heiðar Þorvaldsson var á bekknum.
**Sheffield United-Plymouth 4-3**
Kári Árnason lék allan leikinn fyrir Plymouth.
**Watford-Newcastle 1-2**
Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir Watford.

### *Spænska deildin*

**Tenerife-Real Madrid 1-5**
0-1 Gonzalo Higuain (29.), 0-2 Higuain (41.), 1-2 Garcia Ayoze (47.), 1-3 Kaka (48.), 1-4 Cristiano Ronaldo (80.), 1-5 Raúl González (90.).
**Barcelona-Malaga 2-1**
1-0 Pedro (69.), 1-1 Valdo (81.), 2-1 Lionel Messi (84.).

### *Ítalska deildin*

**Lazio-Fiorentina 1-1**
1-0 Sebastiano Siviglia (7.), 1-1 Keirrison (90.).
**AC Milan-Atalanta 3-1**
1-0 Alexandre Pato (30.), 2-0 Pato (41.), 2-1 Jaime Valdes (55.), 3-1 Marco Borriello (60.).
**Udinese-Inter 2-3**
1-0 Simone Pepe (2.), 1-1 Mario Balotelli (6.), 1-2 Maicon (21.), 1-3 Diego Milito (45.).
**Napoli-Roma 2-2**
0-1 Julio Babtista (59.), 0-2 Mirko Vucinic (65.), 1-2 German Denis (76.), 2-2 Marek Hamsik (90.).

### *Þýski handboltinn*

**Flensburg-Dusseldorf 34-23 (19-9)**
Alexander Pettersson skoraði 5 mörk f. Flensburg og Sturla Ásgeirsson skoraði 2 mörk f. Dusseldorf.
**Melsungen-Grosswallstadt 26-29 (9-18)**
Sverre Jakobsson lék m. Grosswallstadt.
**Lemgo-Wetzlar 29-18 (16-5)**
Vignir Svavarsson skoraði 2 mörk f. Lemgo.
**Hannover-Magdeburg 27-25 (11-9)**
Hannes Jón Jónsson skoraði 3 mörk f. Hannover.
**Göppingen-Fuchse Berlin 29-25 (15-15)**
Rúnar Kárason skoraði 1 mark f. Fuchse Berlin.

### *Meistaradeildin í handbolta*

**Chambery Savoie-RN Löwen 24-29 (13-12)**
Ólafur Stefánsson skoraði 3 mörk og Snorri Steinn Guðjónsson skoraði 2 mörk.
**Kiel-Kolding 38-23 (20-10)**
Aron Pálmarsson skoraði 3 mörk fyrir Kiel.

### *Iceland Express-deild karla*

**Snæfell-ÍR 96-86 (48-42)**
**Stig Snæfells:** Sigurður Þorvaldsson 25 (18 fráköst), Sean Burton 23, Jón Ólafur Jónsson 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 11, Martins Berkis 11 (9 fráköst, 7 stoðsendingar), Páll Fannar Helgason 6, Sveinn Arnar Davíðsson 4, Emil Þór Jóhannsson 3.
**Stig ÍR:** Robert Jarvis 24, Nemanja Sovic 16, Eiríkur Önundarson 16, Steinar Arason 14, Kristinn Jónsson 9, Ólafur Þórisson 3, Hreggviður Magnússon 2, Ásgeir Hlöðversson 2.

Wayne Bridge neitaði að taka í höndina á John Terry fyrir viðureign Manchester City og Chelsea:

# Þetta var ekki dagurinn hans Terry

**FÓTBOLTI** Topplið ensku úrvalsdeildarinnar, Chelsea, tapaði illa fyrir Manchester City á laugardag sem þýðir að Manchester United er aðeins stigi á eftir Lundúnaliðinu. Allra augu á Stamford Bridge beindust að kviðmágunum John Terry og Wayne Bridge sem þarna mættust.

Eins og venja er heilsuðust leikmenn liðanna fyrir leik en Bridge bauð þó Terry ekki hönd sína og skyldi engan undra. Um ekkert hefur verið fjallað meira í enskum fjölmiðlum en málefni þessara fyrrum samherja eftir að upp komst að Terry hélt við fyrrum unnustu Bridge á meðan þau voru saman.



**EKKERT HANDABAND** Bridge sleppti því að heilsa Terry. NORDICPHOTOS/GETTY

John Terry hefur átt betri daga en laugardaginn og það sama má segja um Chelsea. Carlos Tevez var mættur aftur í lið City eftir frí vegna persónulegra mála og átti flottan leik. Hann skoraði tvívegis þegar hans lið tryggði sér glæsilegan 4-2 útisigur. Craig Bellamy var einnig í stuði og skoraði hin tvö fyrir City. Mótlætið fór illa í heimamenn sem misstu tvo leikmenn af velli, en Juliano Belletti og Michael Ballack voru sendir í bað.

Þar sem Petr Cech verður á meiðslalistanum næstu vikurnar stóð Henrique Hilário í marki Chelsea í gær. Frammistaða þess portúgalska var herfileg og fyrstu tvö mörk gestanna skrifast að stórum hluta á hann. Það er nokkuð hnyttið að lesa ummæli Terry um Hilário í leikskránni fyrir leik.

„Hann hefur staðið sig það vel að mér finnst að hann gæti farið með portúgalska landsliðinu á heimsmeistaramótið í sumar. Allir hérna hafa mikla trú á honum,“ sagði Terry fyrir leikinn en ómögulegt er að Carlos Queiroz, þjálfari Portúgals, hafi hrifist af leik Hilário um helgina.

Stór hluti stuðningsmanna Chelsea baulaði á Bridge meðan á leik stóð af óskiljanlegum ástæðum. Sá hlær best sem síðast hlær, Chelsea fékk ekkert út úr leiknum og fyrrum stuðningsmenn liðsins höfðu yfirgefið sæti sín áður en leik lauk. **- egm**

# Enn einn gullskalli Rooney

**Wayne Rooney kom af varamannabekknum og tryggði Manchester United sigur í deildabikarnum. Þetta er annað árið í röð sem United vinnur keppnina.**

**FÓTBOLTI** „Það er mögnuð tilfinning að skora sigurmarkið í úrslitaleik á Wembley,“ sagði Wayne Rooney eftir að Manchester United vann Aston Villa 2-1 í úrslitaleik deildabikarsins. Hann skoraði sigurmark leiksins með skalla eftir fyrirgjöf Antonio Valencia á 74. mínútu.

Umdeildasta atvik leiksins gerðist strax í upphafi hans. Serbinn Nemanja Vidic braut þá á Gabriel Agbonlahor og dómarinn Phil Dowd dæmdi réttilega vítaspyrnu. Mótherjar United vildu þó klárlega fá rautt spjald en Dowd lyfti ekki einu sinni því gula.

„Þetta var óskiljanleg ákvörðun hjá annars góðum dómara leiksins. Þetta verður orðið gleymt og grafið eftir nokkrar vikur en ákvörðunin var slæm,“ sagði Martin O'Neill, knattspyrnustjóri Villa. Sjálfur viðurkennir Vidic að vítaspyrnudómurinn hafi verið réttur en segist ekki hafa átt skilið að fá brottvísun.

„Ég hefði getað gert betur en Agbonlahor gerði vel. Ég tel að þetta hafi ekki verið rautt spjald því ég komst fyrir framan hann. Ef ég hefði brotið fyrir aftan hefði þetta átt að vera rautt,“ sagði Vidic.

Á 13. mínútu jafnaði Manchester United eftir hroðaleg mistök varnarmannsins Richard Dunne. Sir Alex Ferguson fór fögrum orðum um Dunne fyrir leikinn og virðist hafa unnið ákveðinn sálfræðisigur. Michael Owen þakkaði Dunne fyrir með því að skora.



**BIKARINN Á LOFT** Wayne Rooney lyftir deildabikarnum. NORDICPHOTOS/GETTY

Owen fór meiddur af velli fyrir hálfleik og þá kom Rooney inn á en hann hefur verið sjóðheitur á tímabilinu. Hann tryggði Manchester United sigur en þetta er í fyrsta sinn í tuttugu ár sem lið nær að verja þennan titil.

„Það var gaman að vinna, gaman að skora og gaman að taka þátt í þessum leik,“ sagði Michael Owen. „Það eina sem skyggði á þetta var að ég meiddist aftan í læri og þurfti að fara af velli. Þetta eru fyrstu meiðslin sem ég verð fyrir síðan ég kom til United. Þetta hefur samt verið góður dagur.“

Menn velta því fyrir sér hvort þetta mark auki möguleika Owen á að vera í leikmannahópi Englands á HM í sumar en sjálfur segist hann lítið velta sér upp úr því. **elvargeir@frettabladid.is**



**SÁ RAUTT** Shawcross fékk sitt fyrsta rauða spjald á ferlinum. NORDICPH/GETTY

Ryan Shawcross hjá Stoke:

# Táraðist eftir að hafa brotið

**FÓTBOLTI** Aaron Ramsey, hinn ungi miðjumaður Arsenal, verður frá út tímabilið og líklega enn lengur eftir að hafa fótbrotnað illa í leik gegn Stoke á laugardag. Ryan Shawcross fór í klaufalega tæklingu með skelfilegum afleiðingum og fékk í kjölfarið rauða spjaldið.

Shawcross yfirgaf völlinn grátandi en fleiri leikmenn voru í miklu áfalli. Brotið var það ljótt að það var ekki endursýnt í sjónvarpsútsendingu og ekki voru sýndar nærmyndir af Ramsey liggjandi á vellinum.

Síðar um kvöldið gat Shawcross leyft sér að gleðjast aðeins en hann var þá valinn í landsliðshóp Englands fyrir vináttuleik gegn Egyptalandi á miðvikudag. **- egm**

Bikarkeppni FRÍ innanhúss fór fram í gær þar sem ÍR-ingar fóru með sigur:

# ÍR náði að verja titil sinn

**FRJÁLSÍÞRÓTTIR** Fjórða bikarkeppni Frjálsíþróttasambands Íslands innanhúss var haldin í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal í gærdag þar sem ÍR vann sameiginlega stigakeppni nokkuð örugglega. ÍR-ingar unnu því bikarkeppnina innanhúss annað árið í röð.

ÍR hafði betur í sameiginlegu stigakeppninni eftir harða baráttu við Ármann/Fjölni en ÍR endaði keppnina með 132 stig og Ármann/Fjölnir var með 111,5 stig. FH krækti í þriðja sætið með 100,5 stig, hálfu stigi á undan Breiðablik sem endaði í fjórða sæti. Alls mættu sjö keppnislið til leiks en 165 keppendur voru skráðir til leiks.

FH vann stigakeppnina hjá körlunum og fékk 61,5 stig en ÍR vann stigakeppnina hjá konunum og fékk 75 stig, en gríðarlega mikil breidd og liðsheild ÍR-inga í karla- og kvennaflokki skóp tvímælalaust sigurinn. Þess má einnig geta að hinn öflugi Einar Daði Lárusson gat ekki keppt með ÍR vegna meiðsla þannig að ÍR-ingar virðast enn eiga talsvert inni.

Annars voru flestir af sterkustu keppendum landsins mættir til leiks í Laugardalinn en engin Íslandsmet féllu í eldri keppnisflokkum á mótinu að þessu sinni. Enda er bikarkeppnin stigakeppni og keppendur einbeita sér því fyrst og fremst að því að ná sætum og aðeins einn keppandi frá hverju félagi má keppa í hverri grein fyrir sig. Arna Stefanía Guðmundsdóttir úr ÍR bætti þó eigið Íslandsmet í 400 metra hlaupi í meyja- og stúlknaflokkum þegar hún hljóp á tímanum 56,94 sekúndur. **- óþ**



**Á FLUGI** ÍR-ingar náðu að vinna Bikarkeppni FRÍ innanhúss annað árið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**EIÐUR SMÁRI** Verður ekki með íslenska landsliðinu gegn Kýpur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Eiður Smári Guðjohnsen:

# Eiður fær frí gegn Kýpur

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á sem varamaður og lék síðustu tuttugu mínúturnar í 2-1 sigri Tottenham gegn Everton í ensku úrvalsdeildinni í gær.

Eiður Smári verður hins vegar ekki með íslenska landsliðinu sem mætir Kýpur í vináttulandsleik á miðvikudag. Jónas Guðni Sævarsson, leikmaður Halmstad í Svíþjóð, hefur verið kallaður upp í íslenska landsliðshópinn fyrir leikinn.

Þrír leikmenn sem upphaflega voru valdir í hópinn verða ekki með. Auk Eiðs Smára, sem fær frí frá leiknum, þá eiga Brynjar Björn Gunnarsson og Grétar Rafn Steinsson við meiðsli að stríða og spila ekki. **- egm**

# HÁGÆÐA PHILIPS




## ÖRÞUNNT LCD MEÐ LED TÆKNI SEM GEFUR AUKNA SKERPU OG SKÝRLEIKA

**Philips 40PFL7664H**
40" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, 100Hz Clear LCD, Pixel Precise HD Engine, LED tækni, Digital Crystal Clear, 500.000:1 skerpu, 3ms svartíma, HD Natural Motion og Progressive Scan, ljósskynjara og Active Control, 14 Bita litaupplausn, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, NetTV til að vafra á netinu, USB, HDMI, 2x Scart, DLNA 1.0, Common Interface Plus, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ**
**349.995**
FULLT VERÐ 439.995



Pixel Precise HD · LED · Full HD 1080p · 100Hz · 3ms · HD Natural Motion · Incredible Surround · Network Link dlna · NetTV · CI+




**Philips 221T1SB** TÖLVUSKJÁR OG SJÓNVARP
22" LCD Full HD BREIÐTJALDS MONITOR með 1920x 1080p uppl., HDTV DVB-T móttakara, 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, Incredible Surround, CI lesara, VGA, Scart, HDMI, Comp., S/PDIF, A/V inn/út ofl.

**VERÐ**
**89.995**
FRÁBÆRT VERÐ




**Philips 19PFL3404H**
19" HD LCD BREIÐTJALD með 1366x768p upplausn, stafrænum HDTV móttakara, Digital Crystal Clear, Progressive Scan, 10 Bita RGB myndvinnslu, með 28,9 milljörðum lita, 4000:1 skerpu, Anti Reflection, Scart, HDMI, USB 2.0, Component, SVHS, CVBS, S/PDIF, PC, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ**
**99.995**
FULLT VERÐ 109.995




**Philips 32PFL3904H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl., Pixel Plus HD, 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, EasyLink Component, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**144.995**
FULLT VERÐ 159.995




**Philips 32PFL5624H**
32" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Pixel Plus HD, dýnamískri 50.000:1 skerpu, 5ms svartíma, Progressive Scan, stafr. DVB-T móttakara, 24w RMS Nicam BBE víðóma, USB, VGA, 2x Scart, 3x HDMI, S-Video, Component, S/PDIF ofl.

**TILBOÐ**
**169.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Philips 42PFL3604H**
42" Full-HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Progressive Scan, Digital Crystal Clear, dýnamískri 30000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB með JPEG/MP3, 2x HDMI, 2x Scart, CI, Component, Composite, Digital Coaxial tengi ofl.

**TILBOÐ**
**184.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, dýnamískri 50000:1 skerpu, stafrænum háskerpu DVB-T móttakara, 3x HDMI, USB, VGA (auðvelt að tengja við tölvu), RCA, S-Video, S/PDIF tengi ofl.

**TILBOÐ**
**229.995**
FULLT VERÐ 279.995

Whirlpool

*Whirlpool heimilistæki frá stærsta framleiðanda í heimi - Mikið úrval!*

**Heimilistæki** ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## > Charlie Sheen

„Ég veit allt um það hvernig ég á ekki að haga mér. Reyndar veit ég töluvert meira en ég ætti að þurfa.“

***Sheen fer með hlutverk piparsveinsins Charlie Harper í þættinum Two and a Half Men sem Stöð 2 sýnir mánudags- til fimmtudagskvöld.***



# dagsk

## VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR RIFJAR UPP KYNNIN AF MATADOR

# *Vinur minn, kommúnistinn*

Síðan ljóst varð að framhald yrði gert á dönsku þáttunum Forbrydelsen hef ég beðið spennt eftir að það yrði sýnt hér á landi. Ég var mikill aðdáandi fyrstu þáttaraðarinnar og fylgdist með flækjunum af miklum áhuga. Fyrstu þættir í nýrri seríu lofa góðu, það er lagt upp í margar hliðarsögur sem geta allar leitt okkur á slóð morðingjans. Ef segja á alveg eins og er hef ég fylgst með æði mörgum dönskum þáttaröðum. Ef það er dönsk þáttaröð í sjónvarpinu skipulegg ég líf mitt í kringum hana, bilað? Já það verður víst að viðurkennast.

Ást mín á dönskum sjónvarpsþáttum kviknaði þegar ég fylgdist með endursýningu á klassíkinni Matador í íslensku sjónvarpi á tíunda áratugnum. Þessi þáttaröð sem framleidd var á árunum 1978 til 1981 er tímalaus klassík, segir frá tveimur fjölskyldum og örlögum þeirra, sögusviðið er Danmörk 3, 4. og 5. áratugarins.

Það sem ég gerði mér ekki grein fyrir þegar ég sá þættina fyrst var að með því að horfa á þá væri ég búin að kynnast rjómanum af danskri leikarastétt, ég held nánast að ég hafi ekki séð danskan framhaldsþátt síðan þar sem ekki er að finna að minnsta kosti einn leikara úr Matador. Heimilislegt, svolítið eins og á Íslandi.

Því tók ég því fagnandi er ég sá kunnuglegt Matador-andlit í Glæpnum á dögunum. Kurt Ravn, sem lék kommúnistann með viðurnefnið Rauði, fer hér með hlutverk forsætisráðherrans. Annar góðkunningi úr Matador fór með hlutverk stjórnmálamanns í síðustu seríu. Nú eru yfir 30 ár liðin síðan Matador voru frumsýndir og það fer væntanlega að koma að því að leikarar úr seríunni hætta að birtast á skjánum, ég mun sýta það.



## MÁNUDAGUR



▶ **19.45** How I Met Your Mother **STÖÐ 2**



▶ **20.00** Jackass Number Two **STÖÐ 2 BÍÓ**



▶ **20.10** Stephen Fry í Ameríku **SJÓNVARPIÐ**



▶ **20.10** How To Look Good Naked – Revisited **SKJÁREINN**



▶ **21.50** Cold Case **STÖÐ 2 EXTRA**

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Leiðin á HM** (1:16) (e)
**18.00 Pálína** (23:28)
**18.05 Stjarnan hennar Láru** (18:22)
**18.15 Róbert bangsi** (7:26)
**18.30 Eyjan** (Øen) (1:18) Leikin dönsk þáttaröð. Hópur 12-13 ára barna sem öll hafa lent upp á kant við lögin er sendur til sumardvalar á eyðieyju ásamt sálfræðingi og kennara. Þar gerast ævintýri og dularfullir atburðir.
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Stephen Fry í Ameríku** (Stephen Fry in America) (6:6) Breski leikarinn Stephen Fry ferðast um Bandaríkin. Í lokaþættinum fer Fry um ríkin sem liggja að Kyrrahafi.
**21.15 Sporlaust** (Without a Trace) (10:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Trúður** (Klovn VI) (8:10) Dönsk gamanþáttaröð um rugludallana Frank og Casper.
**22.40 Aðþrengdar eiginkonur** (e)
**23.25 Aðþrengdar eiginkonur** (e)
**00.10 Spaugstofan** (e)
**00.35 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir** (e)
**01.15 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 I Love You to Death**
**10.00 Buena Vista Social Club**
**12.00 Draumalandið**
**14.00 I Love You to Death**
**16.00 Buena Vista Social Club**
**18.00 Draumalandið**
▶**20.00 Jackass Number Two**
**22.00 The Business**
**00.00 Privat Moments**
**02.00 From Dusk Till Dawn 3**
**04.00 The Business**
**06.00 Employee of the Month**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Tommi og Jenni og Apaskólinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The Moment of Truth** (24:25)
**11.00 60 mínútur**
**11.45 Falcon Crest** (5:18)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The Murder of Princess Diana**
**14.45 ET Weekend**
**15.30 Saddle Club**
**15.53 Barnatími Stöðvar 2** A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar** Fylgjumst nú með lífinu í Ramsey-götu.
**17.58 The Simpsons** (23:25) Áttunda þáttaröðin um Simpson-fjölskylduna óborganlegu og hversdagsleika hennar.
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (3:24) Hér er á ferðinni sjötta þáttaröðin um bræðurna Charlie og Alan Harper.
▶**19.45 How I Met Your Mother** (17:22) Marshall finnst Barney haga sér asnalega á vinnustaðnum sínum. Ted líður illa yfir að hafa þegið nokkrar gjafir af Victoriu en ekki gefið henni neitt.
**20.10 American Idol** (13:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar.
**21.30 American Idol** (14:43)
**22.55 American Idol** (15:43)
**23.40 Autopsy: Postmortem With Dr. Michael Baden** Heimildarmynd með Dr. Michael Baden sem leiðir áhorfendur inn í heim réttarlækninga. Hér verður fjallað um þekkt sakamál eins og morðið á John F. Kennedy, OJ Simpson, Sid Vicious og Romanov-keisarafjölskyldunni.
**00.40 Hung** (8:10)
**01.10 First Descent**
**03.00 The Murder of Princess Diana**
**04.30 How I Met Your Mother** (17:22)
**04.55 Two and a Half Men** (3:24)
**05.20 The Simpsons** (23:25)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Aston Villa - Man. Utd.** Útsending frá leik í úrslitum enska deildabikarsins.
**17.10 Aston Villa - Man. Utd.** Útsending frá leik í úrslitum enska deildabikarsins.
**18.50 Tenerife - Real Madrid** Útsending frá leik í spænska boltanum.
**20.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**21.00 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
**22.00 Bestu leikirnir: Valur - KR 25.06.01** Það var búist við miklu af KR-ingum árið 2001 eftir að hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð en liðið hafði byrjað tímabilið illa þegar kom að leiknum gegn Val á Hlíðarenda. Leikurinn var mikil skemmtun fyrir áhorfendur.
**22.30 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.
**23.20 UFC Live Events** Sýnt frá UFC Live Events en í þessari mögnuðu bardagaíþrótt mætast margir af færustu bardagamönnum heims.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**16.05 Birmingham - Wigan** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.45 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**18.45 PL Classic Matches: Blackburn - Liverpool, 1995.**
**19.15 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**21.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**22.00 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.30 Stoke - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Spjallið með Sölva** (2:14) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Spjallið með Sölva** (2:14) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.15 Game Tíví** (5:17) (e)
**15.45 7th Heaven** (9:22)
**16.30 Ungfrú Reykjavík 2010** (e)
**18.00 Dr. Phil**
**18.45 Worlds Most Amazing Videos** (4:13) Ótrúleg myndbrot sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur.
**19.30 Fréttir**
**19.45 King of Queens** (18:25) (e)
▶**20.10 How To Look Good Naked – Revisited** (5:6) Bresk þáttaröð þar sem lögulegar línur fá að njóta sín. Stjórnustlistinn Gok Wan heimsækir núna konur sem hann hefur áður hjálpað og við sjáum hvort aðgerðir hans hafa skilað árangri.
**21.00 One Tree Hill** (9:22) Brooke fær óvæntar fréttir sem geta breytt öllu í sambandi hennar og Julians. Nathan er við það að skrifa undir nýjan atvinnumannasamning þegar hann kemst að því að Dan er kominn aftur.
**21.45 CSI: New York** (25:25) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**22.35 The Jay Leno**
**23.20 Dexter** (9:12) (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.35 King of Queens** (18:25) (e)
**01.00 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Úr öskustónni** Gestir Guðjóns Bergmanns eru Anna Steinsen og Unnur Magnúsdóttir frá Dale Carnegie.
**20.30 Eldhús meistaranna** Í umsjón Magnúsar Inga Magnússonar.
**21.00 Frumkvöðlar** Gestir Elinóru Ingu eru Helgi Geirharðsson verkfræðingur og Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir hönnuður
**21.30 Í nærveru sálar** Hverju skilaði arfleiðin? Heiðar snyrtir og Björk borgarfulltrúi eru gestir Kolbrúnar Baldursdóttur.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Frábær fermingargjöf


Dúnsæng

+


Dúnkoddi

+


Sængurver

= 19.900,-
Allur pakkinn

DORMA
– býður góða nótt

www.dorma.is

OPIÐ
Laugardag frá kl. 11-17
Sunnudag frá kl. 13-17
Virka daga frá kl. 10-18

Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### American Idol



Nú eru eftir 24 keppendur sem freista þess að tryggja sér áframhaldandi sæti í stærstu söngkeppni heims. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### CSI: New York



Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Það er komið að lokaþætti fimmtu þáttaraðar og spennan nær nú hámarki. Syni milljónamæringsins Roberts Dunbrook er rænt þegar það er verið að flytja hann úr fangelsi í réttarsalinn. Einn úr rannsóknardeildinni er myrtur í fyrirsátrinu og líf annars hangir á bláþræði.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Stefnumót
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Hringsól
**14.03** Bak við stjörnurnar
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Fólk og fræði
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Kvika
**21.10** Heimur hugmyndanna
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Einhver mun minnast vor
**23.15** Lostafulli listræninginn
**23.50** Þjóðsagnalestur
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.
**17.45 E.R.** (9:22) Þættir sem gerast á bráðamóttöku sjúkrahúss í Chicago þar sem erillinn er næstum óviðráðanlegur og læknarnir fá nánast engan tíma til að taka ákvarðanir upp á líf og dauða.
**18.30 Seinfeld** (5:24) Tilraunir Kramers til að koma í veg fyrir ruslpóst stofna Newman í hættu. Jerry reynir að koma í veg fyrir að hann særi gamlan vin og Georg grunar foreldra sína um að forðast sig.
**19.00 The Doctors**
**19.45 E.R.** (9:22)
**20.30 Seinfeld** (5:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Cold Case** (9:22) Sjöunda spennuþáttaröðin um Lilly Rush og félaga hennar í sérdeild lögreglunnar þar sem þau halda áfram að upplýsa sakamál sem stungið hefur verið óupplýstum ofan í skjalakassann.
**22.35 The Mentalist** (13:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á að baki glæsilegan feril við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbeitta athyglisgáfu sína.
**23.20 Twenty Four** (6:24) Áttunda serían af spennuþættinum Twenty Four um leyniþjónustumanninum Jack Bauer.
**00.05 John Adams** (6:7)
**01.25 Sjáðu**
**01.50 Fréttir Stöðvar 2**
**02.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.45** Waterloo Road **11.35** Only Fools and Horses **12.25** The Green Green Grass **12.55** My Hero **13.25** New Tricks **14.15** New Tricks **15.05** The Mighty Boosh **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** Waterloo Road **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Extras **19.00** My Family **19.30** Spooks **20.20** New Tricks **21.10** My Family **21.40** Only Fools and Horses **22.30** The Green Green Grass **23.00** My Hero **23.30** New Tricks

## DR 1

**10.00** En mor slår ihjel **10.30** Aftenshowet **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** 21 Sondag **11.50** Vinter OL **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Kæledyr for viderekomne **16.00** Vinter OL Studiet **16.30** Peter Pedal **16.55** Gurli Gris **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Det sode liv **19.00** Stillehavets tropiske eventyr **19.50** Bagom **20.00** TV Avisen **20.25** Horisont **20.50** SportNyt **21.00** Inspector Morse **22.45** OBS **22.50** Hjernestorm **23.20** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Berulfsens konspirasjoner **12.40** Pappa tar gull **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Bedre puls **19.15** Klasse 10 B **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Steinhuggeren **21.30** Hjernevask **22.10** Kveldsnytt **22.25** Poirot

## SVT 1

**10.00** OS i Vancouver **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Fråga doktorn **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** OS i Vancouver **20.00** Molinska skrönor **20.55** Kid Svensk **22.20** K-märkta ord **22.25** Melodifestivalen 2010 **23.55** Ett liv - en film om Pia Degermark


VILJI TIL VAXTAR
MÓTUM EIGIN FRAMTÍÐ



IÐNÞING 2010

**Á Iðnþingi Samtaka iðnaðarins á Grand Hóteli Reykjavík, fimmtudaginn 4. mars, verður rætt um uppbyggingu efnahags- og atvinnulífs.**

**Dagskrá hefst kl. 13.00 og lýkur kl. 16.00.**


Helgi Magnússon
**formaður SI**


Katrín Júlíusdóttir
**iðnaðarráðherra**


Kristín Pétursdóttir
**forstjóri Auðar Capital**


Jón Sigurðsson
**forstjóri Össurar**

**Pallborð:**


Vilborg Einarsdóttir
**framkvæmdastjóri Mentors**


Tómas Már Sigurðsson
**forstjóri Alcoa Fjarðaáls**


Ari Kristinn Jónsson
**rektor Háskólans í Reykjavík**


Þorsteinn Ingi Sigfússon
**forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands**

Fundarstjóri er Þorsteinn Víglundsson.

Þingið er opið og aðgangur ókeypis.

SI Samtök iðnaðarins - www.si.is

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA

## MORGUNMATURINN



*„Ég kreisti sítrónu í vatn og fæ mér svo múslí með ferskum hindberjum og ferskum jarðarberjum með möndlumjólk út á.“*

Ásta Bærings Bjarnadóttir dansari.

# Sundáhugamaður ósáttur við kalt gufubað

„Hún er ekki nógu heit. Þetta er bara lítill kofi og það ætti ekki að vera erfitt að halda hitanum réttum. Í Breiðholtinu er hitinn svo mikill að manni er nánast bara skotið út,“ segir Eiríkur Jónsson, landsþekktur sundáhugamaður og ritstjóri Séð og heyrt.

Eiríkur er ekki par sáttur við hitastig gufubaðsins í Sundhöll Reykjavíkur. Hann segist hafa farið í nánast allar sundlaugar á Íslandi, fyrir utan þá á Kjalarnesi, en hann hafi aldrei komið inn í svona kalda gufu. „Það þarf að skrúfa upp hitann, þetta er bara eins og að vera í veislu heima með kertaljós á öllum borðum. Það er allavega ekki hægt að vera nakinn þarna inni,“ segir Eiríkur.

Katrín Irvin, rekstrarstjóri Sundhallarinnar, kveðst kannast við þessa óánægju Eiríks þar sem hann hefði skrifað stutta færslu um málið á bloggi sínu fyrir nokkru. Hún segir gufuna vera í mjög góðu standi og vísar öllum kuldapælingum ritstjórans á bug. „Hún heldur sig yfirleitt í fjörutíu og fimm gráðum, það er svolítið fyrirtæki að breyta stillingunni. Um leið og ég sá færslu Eiríks fór ég og athugaði málið og gufan er bara eins og góðar gufur eiga að vera,“ segir Katrín en bætir því við að hún geti kólnað fljótt ef gestir halda hurðinni of lengi opinni. „En hún á að ná sér fljótt á strik aftur,“ segir Katrín. - fgg



**KALT Í GUFUNNI** Eiríki Jónssyni þykir gufan í Sundhöll Reykjavíkur vera of köld. Katrín Irvin, rekstrarstjóri Sundhallarinnar. segir það ekki rétt, gufan sé hárrétt stilt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** ofsi, **6.** hljóm, **8.** slagbrandur, **9.** tækifæri, **11.** mannþyrping, **12.** tíðindi, **14.** endurtekning, **16.** átt, **17.** tvöfalt, **18.** tæfa, **20.** strit, **21.** truflun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hirsla, **3.** í röð, **4.** kasta, **5.** loka, **7.** naggrís, **10.** kann, **13.** op, **15.** sjá, **16.** hlóðir, **19.** bókstafur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** ærsl, **6.** óm, **8.** slá, **9.** lag, **11.** ös, **12.** fregn, **14.** stagl, **16.** sv, **17.** tví, **18.** tík, **20.** at, **21.** ónáð.

**LÓÐRÉTT: 1.** hólf, **3.** rs, **4.** slöngva, **5.** lás, **7.** marsvín, **10.** get, **13.** gat, **15.** lita, **16.** stó, **19.** ká.

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

**JÓHANNA JÓHANNSDÓTTIR:** KOSTNAÐUR VIÐ EUROVISION 25 MILLJÓNIR

# Eurovision-farar fá sex milljónir frá Ríkisútvarpinu

Hera Björk Þórhallsdóttir og Örlygur Smári fá sex milljónir frá RÚV til að undirbúa þátttöku sína í aðalkeppni Eurovision sem fram fer í Ósló í lok maí. Þetta er sama upphæð og Óskar Páll Sveinsson og Jóhanna Guðrún fengu í fyrra samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Upphæðin þykir ansi lág enda á hún að standa straum af útgáfu kynningarbæklinga, myndbandsgerðar, búninga og öðru því sem fylgir þátttöku í þessari keppni. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur það gerst að þeir sem hafa keppt fyrir hönd Íslands hafi þurfti að borga með sér svo þeir gætu tekið þátt í þessari keppni. Styrkurinn er greiddur út um leið og sigurlagið hefur verið valið enda hefst þá þrotlaus vinna við undirbúninginn.

Jóhanna Jóhannsdóttir, dagskrárstjóri RÚV, segir heildarupphæðina sem fari í Eurovision-þátttöku í ár þá sömu og í fyrra. „Kostnaðurinn er í kringum 25 milljónir. Við getum ekki farið neitt neðar í niðurskurði til að geta sinnt lágmarksþjónustu sem krafist er af okkur í þessari keppni,“ segir Jóhanna og bætir því við að í fyrra og fyrir tveimur árum hafi verið ráðist í mikinn niðurskurð á þessum viðburði. Hún segir stærsta kostnaðarliðinn í þessu vera hótelgistingu, dagpeninga og ferðakostnað því íslenska krónan sé mjög veik gagnvart erlendum gjaldmiðlum um þessar mundir.

Jóhanna segir hópinn sem fari út til Noregs vera lágmarkshóp samkvæmt forsendum og reglum keppninnar. „Jónatan Garðarsson verður fararstjóri eins og undanfarin ár og svo verða þrír aðrir starfsmenn frá RÚV á svæðinu, þulur, myndapródúcent og tökumaður,“ útskýrir Jóhanna. Ekki liggur fyrir hver verður þulur fyrir hönd Íslands en Sigmar Guðmundsson hefur sinnt því starfi með glæsibrag undanfarin ár. Hópurinn sem fylgir tónlistarfólkinu er ögn stærri. Í þeim flokki verða höfundur og flytjandi og þeir sem eru með honum á sviðinu, alls sex manns. „Og svo eru það sminka og fólkið með fötin og allt sem tengist því.“ freyrgigja@frettabladid.is



**SKORIÐ VIÐ NÖGL**

Kostnaðurinn við Eurovision hefur verið skorinn við nögl. Þau **Hera Björk og Örlygur Smári** fá sex milljóna króna styrk til að fullklára lagið, gera myndband, ráða fólk, gera kynningarbæklinga og diska.

Jóhanna Jóhannsdóttir segir ekki hægt að skera kostnaðinn við Eurovision meira niður.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Athygli vakti á Edduhátíðinni hversu margir af verðlaunahöfunum voru með jórturleður sem þeir tuggðu í gríð og erg. Meðal þeirra voru Ragnar Bragason, Jón Gnarr og fleiri og fleiri sem tuggðu bæði hratt og örugglega uppi á sviði. **Gunnar Hansson** hafði þó vit á því að taka tyggjóið út úr sér áður en flutti þakkarræðu fyrir Björn Thors og hann gleymdi tyggjóinu heldur ekki því hann stakk því upp í sig á leið niður af sviðinu.



Það hefur væntanlega verið glatt á hjalla á Bergstaðastræti 67 því þangað komu að minnsta kosti tvær Eddur í hús. Þau sem þar búa eru hjónakornin **Ragnar Bragason** og Helga Rós V. Hannam en Ragnar var meðal annars valin leikstjóri ársins. Helga Rós fékk hins vegar sína Eddu fyrir búningana í Bjarnfreðarson og Fangavaktinni.



Þótt það hafi komið einhverjum á óvart að **Þóra Arnórsdóttir** hafi verið kjörin sjónvarpsmaður ársins þá gaf könnun Bylgjunnar á föstudaginn forsmekkinn af því sem koma skyldi. Þóra hafnaði þar í öðru sæti á eftir Pétri Jóhanni Sigfússyni en hann var auðvitað ekki tilnefndur í þeim flokki og því kannski eðlilegt að Þóra skyldi flytjast upp um sæti. - fgg



HAFBERG
fiskbúð sælkerans
GLÆNÝ ÝSA, FISKRÉTTIR
ÞORSKHNAKKAR, RAUÐMAGI
TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290
Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00
Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

512 54 01 Auglýsingasími
Allt sem þú þarft...

# Svekktur Pálmi fær ekki hreindýr

„Auðvitað eru þetta vonbrigði ef maður sækir um ár eftir ár og er svona óheppinn. En það er ekkert við því að gera. Sumir eru bara heppnari en aðrir,“ segir leikarinn Pálmi Gestsson.

Á hverjum vetri er dregið um það hverjir fái að stunda hreindýraveiðar og hefur Pálmi ekki verið dreginn út síðastliðin þrjú ár. Spurður telur hann þó ekki að um klíkustarfssemi sé að ræða. „Ég held þetta séu bara himintunglin. Þetta er dregið út af handahófi í tölvu.“

Mörg hundruð manns sækja um að komast á hreindýraveiðar á sumrin en aðeins brot af þeim kemst í gegnum nálaraugað. Í nokkur ár hefur Pálmi ekki verið dreginn út en hefur engu að síður nokkrum sinnum komist inn af biðlista. Vonar hann að það endurtaki sig í ár.

Veiðitímabilið hefst 15. júlí og fær hver veiðimaður að skjóta eitt hreindýr. Pálmi hefur mjög gaman af þessu sporti þó svo að aflífun dýrsins sé ekki skemmtileg. „En þetta er frábær matur og síðan er það allt umstangið í kringum þetta. Náttúran og þetta flandur upp um fjöll og firnindi. Að komast í samband við almættið og eilífðina er eftirsóknarvert,“ segir hann. - fb



**PÁLMI GESTSSON Á HREINDÝRAVEIÐUM** Hann fær líkast til ekki að veiða hreindýr í ár.


Frumsýnt
19. mars
Forsalan
í fullum gangi
GAURA
GANGUR
eftir Ólaf Hauk Símonarson
með tónlist eftir Nýdönsk
Tryggðu þér miða strax!
fors. mið. 17. mars UPPSELT
fors. fim. 18. mars UPPSELT
frum. fös. 19. mars UPPSELT
sun. 21. mars UPPSELT
mið. 24. mars örfá sæti laus
fim. 25. mars UPPSELT
fös. 26. mars örfá sæti laus
fim. 8. apríl örfá sæti laus
fös. 9. apríl örfá sæti laus
lau. 10. apríl UPPSELT
lau. 10. apríl UPPSELT
fös. 16. apríl UPPSELT
lau. 17. apríl UPPSELT
lau. 17. apríl örfá sæti laus
mið. 21. apríl UPPSELT
fim. 22. apríl UPPSELT
fös. 23. apríl UPPSELT
fim. 29. apríl UPPSELT
fös. 30. apríl UPPSELT
Síminn
Sértilboð til viðskiptavina
1.200 kr. afsláttur
á fyrstu 15 sýningarnar
Hringdu strax í síma 568 8000
eða komdu í miðasölu
Borgarleikhússins.
Takmarkaður
miðafjöldi
Síminn
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sigursæll Örn

**Egill Örn Egilsson**, eða Eagle Egilsson eins og hann kallar sig í Hollywood, var valinn besti myndatökumaðurinn í leiknu sjónvarpi af samstarfsfélögum sínum í Bandaríkjunum. Egill hlaut hin virtu ASC-verðlaun fyrir myndatökuna í sjónvarpsþáttunum Dark Blue. Egill hefur tvívegis verið tilnefndur áður en þá fyrir sjónvarpsþáttaraðirnar CSI: Miami.



### Ísland – best í heimi?

Þetta þýðir að Íslendingar eiga bæði besta leikmyndasmiðinn í Bandaríkjunum og besta tökumann í bandarísku sjónvarpi. Því eins og margoft hefur komið fram í Fréttablaðinu vann **Karl Júlíusson** til verðlauna hjá samtökum leikmyndasmiða í Bandaríkjunum fyrir kvikmyndina The Hurt Locker. Þess ber síðan að geta að Egill Örn hefur einnig reynt fyrir sér sem leikari; hann lék til að mynda lítið hlutverk í íslensku kvikmyndinni Foxtrott fyrir allmörgum árum.



### Rafrænt faðmlag

Klukkan fimm mínútur fyrir tíu urðu til ný vinatengsl á samskiptavefnum Facebook þegar féllust í rafræna faðma Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Kópavogi, og Gísli Tryggvason, talsmaður Neytenda. Daginn áður fór fram prófkjör í Kópavogi þar sem báðir sóttust eftir fyrsta sætinu. Ómar vann með nokkrum yfirburðum, en Gísli lenti í fimmta sæti og rann svo niður í sjötta í samræmi við reglur flokksins um kynjahlutföll á listum.



### Mest lesið vísir.is

1. Lýst eftir Pólstjörnufanga
2. Sveinn Andri spyr um ferðir Agnesar á „heilsuhæli" í ...
3. Íslendingur í Santíagó: Fólk enn í miklu áfalli
4. Háhyrningurinn snúi heim til Íslands
5. Bæjarstjóranum á Akranesi hafnað





